

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 10. apríl 2025.

Mál nr. 867/2023:

Ákærvaldið

(Óli Ingi Ólason saksóknari)

gegn

X

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfsdóttir réttargæslumaður)

Lykilorð

Brot í nánu sambandi. Barnaverndarlagabrot. Líkamsárás. Heimfærsla. Dráttur á máli. Uptaka. Sýkna að hluta. Skilorð. Miskabætur.

Útdráttur

X var ákærður fyrir stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni A, framin á árunum 2009 til 2020 á nánar tilgreindan hátt og stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart tveimur börnum þeirra framin á árunum 2015 til 2020 á nánar tilgreindan hátt. X var sýknaður af þeirri háttsemi sem honum var gefin að sök fyrir tímabilið 2009 til 5. apríl 2016 en sakfelldur að hluta fyrir háttsemi sem lýst var eftir það. Voru brot hans gagnvart þáverandi sambýliskonu heimfærð til 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot hans gagnvart börnunum heimfært til 1. mgr. 218. gr. b sömu laga. Þá var X sakfelldur fyrir brot gegn lögum nr. 84/2018 um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum og fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Var refsing X ákveðin fangelsi í 18 mánuði en fullnustu 15 mánaða frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var honum gert að sæta upptöku á nánar tilgreindum efnum. Loks var X gert að greiða A 2.500.000 krónur í miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 4. desember 2023 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 23. október 2024. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 23. maí 2023 í málinu nr. S-[...]/2021.
- Ákærvaldið krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur varðandi sakfellingu ákærða samkvæmt þeim ákæruliðum sem þar eru nefndir. Jafnframt að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæruliðum A.III.6, A.V og B.III. Þá er þess krafist að ákærði

verði sakfelldur samkvæmt ákærulið B.I og að brot hans samkvæmt þeim ákærulið verði heimfært undir 1. mgr. 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Loks er þess krafist að refsing ákærða verði þyngd.

- 3 Ákærði krefst sýknu af þeirri háttsemi samkvæmt A og B kafla ákæru sem hann var sakfelldur fyrir í hinum áfrýjaða dómi en til vara að refsing verði milduð og hún bundin skilorði. Þá er þess krafist að einkaréttarkröfu brotapolans A verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð.
- 4 Brotapolinn A krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms hvað einkaréttarkröfu hennar varðar.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Málsatvik og framburður ákærða, brotapola og vitna eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti kom ákærði fyrir dóm til viðbótarskýrslugjafar en áður var spiluð upptaka af framburði hans í héraði. Einnig kom brotapoli fyrir dóminn til viðbótarskýrslugjafar en áður var spiluð upptaka af framburði hennar í héraði. Þá var spilaður framburður vitnanna O, E, R, J, D og F fyrir héraðsdómi.
- 6 Í framburði ákærða fyrir Landsrétti kom fram að hann hefði orðið fyrir miklu ofbeldi í æsku af hálfu stjúpföður síns en til þess rakti hann tengslaröskun sína sem hann sagði vera á háu stigi. Ákærði lýsti afleiðingum tengslaröskunarinnar þannig að hann færi í vörn ef honum fyndist eins og verið væri að ráðast á hann. Sagði ákærði það til að mynda skýra mismunandi framburð hans hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi. Spurður um ákærulið A.II.1 sagðist ákærði vera nokkuð viss um að hann hefði ekki sagt það sem honum væri þar gefið að sök heldur héldi hann að hann hefði sent það sem þar kæmi fram, í miðju rifrildi. Spurður um ákærulið A.II.3 kvaðst hann hafa sent umrædd skilaboð. Hann sagðist þó ekki vera viss um hvaða samskiptamiðil hann hefði notað í umrætt sinn. Spurður um hvort hann kannaðist við ummæli sem ákært væri fyrir í ákærulið A.III sagðist hann ekki muna hvort hann hefði sent þau, enda hefði hann sent mörg skilaboð á samskiptamiðlum. Um ákærulið A.VIII sagði ákærði að brotapoli hefði átt frumkvæði að átökum þeirra í það skiptið. Hefði hann verið með skurðáverka eftir samskipti þeirra, sem hefðu verið myndaðir. Spurður um stöðu og hagi í dag sagði ákærði að þetta mál hefði haldið honum í gíslingu í fimm ár og að hann gæti ekki beðið eftir að því lyki. Hann væri að vinna sig út úr því og væri kominn í fasta vinnu. Þá hefði hann unnið í sínum málum með sálfræðingi sem hefði sagt að hann þyrfti ekki að koma til hans lengur.
- 7 Í framburði brotapola fyrir Landsrétti kom fram að ákærði hefði verið með Facebook-reikning síðan 2008. Upphaflega hefðu þau haft aðskilda reikninga þar en hún hefði eytt sínum eftir að hafa gleymt lykilorðinu. Þá hefðu þau notað reikning ákærða saman. Seinna hefði ákærði stofnað nýjan reikning en brotapoli hefði haldið þeim sem áður hefði verið sameiginlegur. Kvaðst brotapoli ekki muna hvenær það hefði verið.

Spurð um skilaboð ákærða í ákærulið A.III.6 sagðist brotþoli hafa fyllst vonleysi þegar hún hefði fengið þau. Hún hefði óttast að ákærði myndi birtast á heimilinu. Skilaboðin hefði hún upplifað á þann hátt að ákærði hefði verið að stjórna og að hann ætlaði ekki að vinna með sér í að leysa deilu þeirra um fjárskipti. Spurð um ákærulið A.V sagðist brotþoli hafa farið af heimilinu þar sem barnaverndarfulltrúi hefði mælt með því að hún og börnin færu af heimilinu áður en ákærði kæmi heim, því hann hefði verið reiður. Brotþoli kvaðst hafa viljað tryggja öryggi sitt og barnanna en hún hefði fengið hótanir frá ákærða. Hún kvað ákærða hafa átt upptök að átökum þeirra sem lýst er í ákærulið A.VIII. Viðurkenndi hún að hafa beitt ákærða andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Niðurstaða

- 8 Samkvæmt ákæru í máli þessu eru ákærða gefin að sök stórfelld brot í nánú sambandi gagnvart þáverandi sambyliskonu sinni, brotþola A, framin á árunum 2009 til 2020, og stórfelld brot í nánú sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart tveimur börnum þeirra, framin á árunum 2015 til 2020. Verknáðarlýsing þessara ætluðu brota er í A og B köflum ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem gefin var út 28. desember 2020, og eru ætluð brot talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í einum lið í A kafla að auki við 228. gr. laganna. Ætluð brot ákærða sem lýst er í B kafla ákæru eru einnig talin varða við 1. mgr. 98. gr., og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Í C kafla ákæru er ákærða gefin að sök brot gegn lögum nr. 84/2018 um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum og loks í D kafla ákæru var ákærði sóttur til saka fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi játaði ákærði þá háttsemi sem honum er gefin að sök í C og D köflum ákæru og sætir hún ekki endurskoðun hér fyrir dómi að öðru leyti en um refsiakvörðun og þá kröfu ákærða að hún verði alfarið skilorðsbundin.
- 9 Með úrskurði héraðsdóms 26. mars 2021, sem staðfestur var af Landsrétti 31. sama mánaðar í máli nr. 208/2021, var vísað frá dómi ákæruliðum A.IX og A.XI svo og kröfu ákæruvaldsins um upptöku á tveimur farsímum í eigu ákærða. Sætir þessi niðurstaða ekki endurskoðun.

A kafla ákæru

- 10 Í hinum áfrýjaða dómi var ákærði sýknaður af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í A og B kafla ákæru fyrir tímabilið 2009 til 5. apríl 2016 og fellir ákæruvaldið sig við þá niðurstöðu. Þá var ákærði jafnframt sýknaður af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruliðum A.I, A.II.6, A.III.6 og A.V. Ákæruvaldið krefst endurskoðunar á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um ákærulið A.III.6 og A.V en fellir sig að öðru leyti við niðurstöðu héraðsdóms. Þeir ákæruliðir sem sæta endurskoðun hér fyrir dómi samkvæmt þessum hluta ákæru eru samkvæmt því: A.II.1 til A.II.5, A.III.1 til A.III.6, A.IV, A.V, A.VI, A.VIII og A.X. Þá sætir ákæruliður A.VII

endurskoðun, þó ekki sú niðurstaða héraðsdóms varðandi þann lið að ósannað væri að ákærði hefði oft en einu sinni tekið brotaþola hálstaki.

- 11 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða fyrir háttsemi samkvæmt fyrrgreindum ákæruliðum og eru brotin rétt heimfærð til refsíákvæða. Jafnframt verður með vísan til forsendna héraðsdóms staðfest sú niðurstaða að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem tilgreind er í ákæruliðum A.III.6 og A.V.

B kafla ákæru

- 12 Í B kafla ákæru er ákærða gefin að sök stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart tveimur börnum sínum, framin á árunum 2015 til 2020, með því að hafa, bæði andlega og líkamlega, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan hátt og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi þeirra og móður þeirra, heilsu þeirra og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi sinni ítrekað misboðið þeim þannig að heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim og móðgað þau og sært. Er ætluð háttsemi ákærða samkvæmt þessum kafla talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 1. mgr. 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Háttsemi ákærða er lýst í ákæruliðum B.I til B.IV og er í hverjum þeirra vísað til viðeigandi ákæruliða í A kafla ákæru þar sem háttseminni er nánar lýst vegna ætlaðra brota gagnvart brotaþola að börnunum viðstöddum.
- 13 Sem fyrr greinir var ákærði sýknaður með hinum áfrýjaða dómi af háttsemi samkvæmt A og B köflum ákæru fyrir tímabilið til 5. apríl 2016 og sætir sú niðurstaða ekki endurskoðun. Þá var hann jafnframt sýknaður af háttsemi sem lýst er í ákæruliðum B.II og B.IV og unír ákæruvaldið jafnframt þeirri niðurstöðu. Sætir niðurstaða héraðsdóms því ekki endurskoðun að þessu leyti.
- 14 Samkvæmt ákærulið B.I er ákærða gefið að sök að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið A.I á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð dóttur sinnar og misboðið henni með háttsemi sinni og sýnt henni vanvirðingu þannig að andlegri og líkamlegri heilsu hennar var hætta búin. Svo sem fyrr hefur verið rakið var ákærði sýknaður í héraði af þeirri háttsemi sem ákæruliður A.I náði til. Þá er því lýst yfir í greinargerð ákæruvaldsins til Landsréttar að fallist sé á þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að sýkna ákærða af þeirri háttsemi sem rakin er í A og B köflum ákærunnar fyrir tímabilið til 5. apríl 2016. Sú ætlaða háttsemi sem ákæruliður A.I vísar til átti sér stað fyrir þann tíma, eða 6. júlí 2015. Að teknu tilliti til þess verður niðurstaða héraðsdóms um sýknu ákærða af ákærulið B.I staðfest. Eins og framangreindum málatilbúnaði ákæruvaldsins háttar þykir ekki breyta þessari niðurstöðu þótt í greinargerð til Landsréttar sé jafnframt krafist endurskoðunar á þessari niðurstöðu héraðsdóms.

- 15 Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærulið B.III. Samkvæmt honum er ákærða gefið að sök að hafa með háttsemi sem lýst er í ákæruliðum A.IV, A.V og A.VII á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað heilsu og velferð tveggja barna sinna sem urðu vitni að háttsemi ákærða samkvæmt tilgreindum ákæruliðum, misboðið þeim og sýnt þeim vanvirðingu svo andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var hætta búin og velferð þeirra ógnað. Í fyrstnefnda ákæruliðnum er því lýst að ákærði hafi öskrað á brotþola, sem hafi verið með grátandi börnin í fanginu, eftir að þau vöknudu við hávaða í ákærða, og brotið muni. Ákærði hefur þegar verið sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákærulið A.IV. Verður lagt til grundvallar að sannað sé með trúverðugum framburði brotþola að börnin hafi verið viðstödd þegar þau atvik gerðust. Samkvæmt því verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærulið B.III að því er tekur til háttsemi hans samkvæmt ákærulið A.IV. Verður brotið heimfært til 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Í ákæruliðum A.V og A.VII er á hinn bóginn ekki lýst ætlaðri refsiverðri háttsemi ákærða gagnvart börnunum. Verður hann því sýknaður af þessum hluta ákæruliðar B.III.
- 16 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um refsingu ákærða með skírskotun til þeirra töluliða 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga sem þar er vísað til, sbr. 77. gr. sömu laga, þó þannig að refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.
- 17 Upphaf málsins er að rekja til þess að brotþoli hafði samband við lögreglu 8. ágúst 2019 og kvaðst vilja leggja fram kæru á hendur ákærða vegna langvarandi heimilisofbeldis. Var tekin skýrsla af brotþola síðar sama dag þar sem fram kom að ástandið á heimili hennar og ákærða hefði verið mjög erfitt og sérstaklega síðustu fimm ár. Rannsókn lögreglu mun hafa lokið um mitt ár 2020 og var ákæra gefin út 28. desember sama ár. Málið var þingfest í héraðsdómi 2. mars 2021. Ákærði mætti við þingfestinguna en tók ekki efnislega afstöðu til sakargifta samkvæmt ákærinni en krafðist þess að málinu yrði vísað frá dómi. Fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna 16. mars sama ár. Með úrskurði héraðsdóms 26. sama mánaðar var sem fyrr greinir tveimur ákæruliðum vísað frá dómi ásamt upptökukröfu ákærvaldsins á tveimur farsímum. Staðfesti Landsréttur þá niðurstöðu fimm dögum síðar.
- 18 Í þinghaldi 13. apríl 2021 neitaði ákærði sakargiftum samkvæmt A og B köflum ákæru en játaði sök að öðru leyti. Aðalmeðferð málsins fór fram 30. og 31. ágúst 2021 og var dómur héraðsdóms kveðinn upp 17. september sama ár. Var ákærði sakfelldur fyrir flest þau brot gegn 218. gr. b almennra hegningarlaga sem sættu efnislegri úrlausn og auk þess fyrir brot sem lýst var í C og D köflum ákæru. Málinu var skotið til Landsréttar samkvæmt yfirlýsingu ákærða um áfrýjun 22. september 2021. Málgögn bárust réttinum um 13 mánuðum síðar eða 31. október 2022. Með úrskurði Landsréttar 10. febrúar 2023 í máli nr. 641/2021 var dómur héraðsdóms ómerktur og

málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Var það gert á þeim grunni að ummæli héraðsdómara í tölvupósti til sækjanda og verjanda við meðferð málsins hefði gefið ákærða með réttu tilefni til að draga óhlutdrægni hans í efa, sbr. g-lið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Aðalmeðferð málsins í héraði var endurtekin 27. og 28. apríl 2023 og hinn áfrýjaði dómur kveðinn upp 23. maí sama ár. Dómurinn var birtur 8. nóvember 2023 og áfrýjun hans lýst yfir af hálfu ákærða 30. sama mánaðar. Áfrýjunarstefna var gefin út 4. næsta mánaðar. Málsgögn bárust Landsrétti tæplega ellefu mánuðum síðar eða 23. október 2024. Voru þá liðin rúm fimm ár frá því að brotþoli lagði fram kæru á hendur ákærða vegna málsins.

- 19 Samkvæmt framangreindu voru verulegar tafir á meðferð málsins sem ákærða verður ekki kennt um. Að teknu tilliti til þess verður hluti refsingar ákærða bundin almennu skilorði eins og greinir í dómsorði.
- 20 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest að ákærða beri að greiða brotþola A miskabætur sem þykja í ljósi atvika hæfilega ákveðnar 2.500.000 krónur með vöxtum eins og ákveðnir voru í héraði.
- 21 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og upptöku verða staðfest með vísan til forsendna.
- 22 Ákærða verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði, en fresta skal fullnustu 15 mánaða af refsingunni og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 2.500.000 krónur með vöxtum eins og dæmdir voru í héraði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og upptöku skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 2.940.965 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, 2.008.800 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 602.640 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. maí 2023.

Mál þetta var þingfest í héraði 2. mars 2021. Með úrskurði héraðsdóms 26. mars, sem staðfestur var með úrskurði Landsréttar 31. mars í máli réttarins nr. 208/2021, var ákæruliðum A.IX. og A.XI. vísað frá dómi, sem og kröfu ákærvaldsins um upptöku á tveimur farsímum. Málið var dæmt í héraði 17. september 2021 að undangenginni aðalmeðferð og þeim dómi áfrýjað til Landsréttar 22. september sama ár. Með úrskurði Landsréttar 10. febrúar 2023 í máli nr. 641/2021 var hinn áfrýjaði dómur ómerktur ásamt meðferð málsins frá upphafi aðalmeðferðar og málinu vísað heim í hérað til úrlausnar á ný. Málinu var endurúthlutað 15. febrúar sl., endurupptekið 24. febrúar og dómtekið að nýju 28. apríl sl.

Málið höfðaði Lögreglustjórinn á Suðurnesjum 28. desember 2020 með ákæru á hendur ákærða, X, kt. [...], þá til lögheimilis [...], fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum, barnaverndarlögum og lögum um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum.

A.

Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, A, kt. [...], framin á árunum 2009 til 2020, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi, tekið hana hálstaki, ógnað henni með hnífi, slegið hana í hálsinn, öskrað á hana, ýtt henni, gripið í og togað í hana, kastað til og brotið innanstokksmuni, brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar og hóttað henni og aðilum henni tengdum, m.a. lífláti og líkamsmeiðingum, m.a. sem hér nánar greinir:

A.I.

Með því að hafa 6. júlí 2015, á þáverandi heimili ákærða og A að [...], á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð A er hún hélt á dóttur sinni og ákærða, B, öskrað á A og kastað til innanstokksmunum og í kjölfarið, eftir að A hringdi í vinkonu sína og bað hana um að ná í sig til að koma sér og B af heimilinu, elt þær þrjár á bifreið sinni og ekið hratt og með ógnandi hætti á eftir þeim, á móti þeim, í veg fyrir þær og við hliðina á þeim, þannig að þær voru óttaslegnar og þeim hætta búin, allt þar til þær komust í skjól á lögreglustöðinni í [...].

A.II.

Með því að hafa á tímabilinu 2009-2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð A og ítrekað hóttað henni lífláti og öðru ofbeldi, sem og hóttað henni því að aðrir aðilar myndu verða fyrir lífláti, ofbeldi eða öðru tjóni af hans hendi, vegna hennar atferlis, sem hér segir:

1.

Með því að hótta því að hringja inn sprengjuhótun ef A færi í flug [...] til Montreal í janúar 2018, en A starfaði sem [...] hluti af starfsskyldum hennar, en ákærði hafði ítrekað sakað hana um að sofa hjá [...] í vinnuferðum.

2.

Með því að hafa 1. júní 2019 sagt við A á [...] í [...] að „*ef hún dansaði við þennan negra aftur, þá myndi hann lemja hann og lemja hana*“.

3.

Með eftirfarandi skilaboðum til A á samskiptaforritinu Facebook Messenger 17. júlí 2019, sem ákærði sendi í kjölfar þess að hafa m.a. sent mynd af exi, en A mátti vera ljóst að skilaboðin beindust einkum að henni og tveimur tilteknum opinberum starfsmönnum sem hún hafði leitað aðstoðar hjá: „[...] *Segir mer ekki að eg se alki. Eigi við vandamal að striða. Eða þurfi hjalp fra eh folki. Annars fer exinn i hofuðið a ollum [...]*“

4.

Með því að hafa 9. desember 2019, eftir að A tjáði honum að hún ætlaði til London með vinkonu sinni, brugðist við með ofsafengnum hætti, sagt við hana að hún væri að fara í hóruferð og hóttað því að rífa úr henni allar tennur, allt með þeim afleiðingum að A óttaðist um velferð sína, vakti börn þeirra snemma og fór ásamt börnunum beint í Kvennaathvarfið.

5.

Með því að hafa hóttað A, að ef hún myndi eignast nýjan maka, þá myndi hann drepa hann.

6.

Með því að hafa í þó nokkur skipti, á Reykjanesbraut og malarvegi við [...], ekið bifreið með A innanborðs mjög hratt og hótað að drepa þau með akstrinum en í nokkrum tilfellum voru ung börn hennar og ákærða einnig í bifreiðinni.

A.III.

Með því að senda A smánandi og vanvirðandi skilaboð á samskiptaforritinu Facebook Messenger í júlí og ágúst 2019, sem hér segir:

1.

„*Du skemmdir heimilis astandið með stanslausum frammhja holdum og fara a bakvið mig að [...]* hórast“

2.

[...]Sagðiru læknum ekki frá hóru ferlinum?“

3.

„*[...]Dansa við negra a ballinu. Horfði a það. Haltu bara kjafti[...]*“

4.

„*[...]Hata þig. Algjort fjfl.*“

5.

„*[...]annað hvort ertu alveg týnd eða eitthver illa innrættasta manneskja sem er til[...]*“

6.

„*[...]ef ég vil sofa þar sem ég á eignarhlut. kem ég ef mig langar[...]*“

A.IV.

Með því að hafa, eftir að móðir A lést í apríl 2018, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð hennar og öskrað á hana á heimili þeirra, m.a. að hún væri alltaf að „*hórast í þessum flugum*“, þannig að börn þeirra vöknudu og síðan, er A var með börnin grátandi í fanginu, öskrað á hana og börnin og brotið muni, m.a. engla sem A hafði fengið eftir andlát móður sinnar.

A.V.

Með því að hafa aðfaranótt 18. júlí 2019, eftir að A hafði kvöldið áður yfirgefið heimili hennar og ákærða með börn þeirra til að tryggja eigið öryggi í kjölfar ógnandi og hótandi skilaboða ákærða samkvæmt ákæruliðum A.II.3 og A.III.1-4., á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð hennar er hann fór inn í sumarhús þar sem A gisti með börnin og frændum sínum tveimur og reynt að fá hana og börnin heim með sér, en ákærði yfirgaf ekki húsnæðið fyrr en frændi A sagði ákærða að hringja þyrfti í lögreglu að öðrum kosti. Afleiðingar þessa voru þær að A óttaðist um velferð sína og í kjölfar viðtals hennar hjá barnavernd [...] að morgni 18. júlí, þangað sem ákærði mætti óboðinn þannig að kalla þurfti til lögreglu, fór A beint í Kvennaathvarfið ásamt börnum hennar og ákærða.

A.VI.

Með því að hafa 20. febrúar 2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð A er hún var að aka bifreið þeirra á Reykjanesbraut [...] og ákærði sat í framsæti bifreiðarinnar, með því að slá A fyrirvaralaust framan á háls þannig að hún átti erfitt með að kyngja nokkra stund á eftir, öskra á hana og ota hnífi ógnandi að höfði hennar í nokkra stund þar til hann setti hnífinn niður.

A.VII.

Með því að hafa 22. febrúar 2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð A á heimili þeirra að [...] í [...], með því að kalla hana hóru og öðrum ljótum nöfnum, gripið í upphandleggi hennar og haldið henni fastri, tekið hana hálstaki tvisvar sinnum og síðan reynt að vefja leðurbelti sínu utan um háls hennar, en A komst þá undan ákærða og hljóp að útidyrhurð þar sem ákærði greip í hana og hún féll í gólfið. Afleiðingar árásar ákærða voru m.a. marblettir sem A hlaut á báðum upphandleggjum í kjölfar árásarinnar.

A.VIII.

Með því að hafa 8. mars 2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð A á heimili þeirra að [...], með því að hóta því að drepa hana og alla fjölskyldu hennar, endurtekið sett enni sitt upp við enni hennar á ógnandi hátt, gripið, togað og haldið í úlnliði hennar og handleggi,

ógnað henni með skærum í eldhúsi hússins og á sama stað kastað skál í ísskáp, rífið glas úr höndum hennar, tekið í hnakka hennar og tekið hana hálstaki og ógnað henni með hnífi sem hann hélt að andliti hennar á meðan hann hótaði að drepa hana, en A náði með naumindum að hringja í Neyðarlínuna meðan á háttsemi ákærða stóð og kom hlaupandi út úr húsi, grátandi og skelfingu lostin um leið og lögregla kom á vettvang skömmu síðar.

A.IX.

[...]

A.X.

Með því að hafa, á árinu 2019 og í janúar 2020, ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð A, farið inn á samfélagsmiðla, tölvupóst og síma hennar án hennar leyfis og skoðað þar, vistað og sent einkasamtöl hennar við þriðju aðila, sem og hljóðupptökur í hennar eigu, ásamt því að notfæra sér upplýsingar af samfélagsmiðlum A til að fylgjast með staðsetningu hennar hverju sinni og rekja ferðir hennar, m.a. þegar hún dvaldi í Kvennaathvarfinu á árinu 2019.

A.XI.

[...]

B.

Fyrir stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart börnum sínum B, kt. [...] og C, kt. [...], framin á árunum 2015-2020, með því að hafa, bæði andlega og líkamlega, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi þeirra og móður þeirra, heilsu þeirra og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi ítrekað misboðið börnunum þannig að heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim og móðgað þau og sært, m.a. sem hér nánar greinir:

B.I.

Með því að hafa, með þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið A.I., á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð B og ákærði þannig misboðið dóttur sinni og sýnt henni vanvirðingu, svo bæði andlegri og líkamlegri heilsu hennar var hætta búin.

B.II.

Með því að hafa, með þeirri háttsemi sem lýst er í ákærulið A.II.6., í þau skipti sem börnin voru í bifreiðinni, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð B og C og ákærði þannig misboðið börnum sínum og sýnt þeim vanvirðingu, svo bæði andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var hætta búin og velferð þeirra ógnað.

B.III.

Með því að hafa, með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæruliðum A.IV., A.V. og A.VII., á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð B og C, sem urðu vitni að þeirri háttsemi sem lýst er í greindum ákæruliðum, og ákærði þannig misboðið börnunum og sýnt þeim vanvirðingu, svo andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var hætta búin og velferð þeirra ógnað.

B.IV.

Með því að hafa, í eitt skipti eftir fæðingu C, þegar drengurinn átti erfitt með að sofna, ruðst inn í herbergi til sonarins, tekið í rúm hans og þrykkt því til og ákærði þannig misboðið syni sínum og sýnt honum vanvirðingu, svo andlegri og líkamlegri heilsu drengsins var hætta búin og velferð hans ógnað.

C.

Fyrir brot gegn lögum um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum, með því að hafa sunnudaginn 8. mars 2020 haft í vörslum sínum á þáverandi lögheimili að [...] í [...] steraefnin, 10 ml. Nandrolon stungulyf, 4 ml. Testosteron stungulyf, 41 töflu af Danabol DS/Methandrostenolone og 100 bláar steratöflur af óþekktri tegund, sem lögregla haldlagði sama dag.

D.

Fyrir líkamsárás, með því að hafa mánudaginn 2. mars 2020, í verslun [...], [...], slegið D, kt. [...], einu höggi í andlitið og sparkað einu sinni í vinstri fótlegg D, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut þreyfieymsli á nefbeini.

Í ákæru er háttsemi samkvæmt A.-kafla ákæru talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi samkvæmt undirlið A.X. jafnframt við 228. gr. sömu laga. Háttsemi samkvæmt B.-kafla ákæru er talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 1. mgr. 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Háttsemi samkvæmt ákærulið C. er talin varða við 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 84/2018 um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum og lyfjum og háttsemi samkvæmt ákærulið D. við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er þess krafist að ákærði sæti upptöku á eftirtöldum haldlögðum efnum samkvæmt C. lið ákæru, sbr. heimild í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 84/2018: 10 ml. af Nandrolon stungulyfi, 4 ml. af Testosteron stungulyfi, 41 töflu af Danabol DS/Methandrostenolone og 100 bláum steratöflum af óþekktri tegund.

Í ákæru eru teknar upp bótakröfur Halldóru Aðalsteinsdóttur réttargæslumanns brotaþola A, kt. [...] og einkaréttarkrafa lögmannsins vegna brotaþola D, kt. [...]. Endanlegar dómkröfur brotaþola eru þessar:

A.

Af hálfu A er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu 3.500.000 króna skaða- og miskabóta með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. mars 2020 til þess dags þegar liðinn er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu þóknunar réttargæslumanns.

B.

Af hálfu D er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu 750.000 króna skaða- og miskabóta með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. mars 2020 til þess dags þegar mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu málskostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Á dómþingi 24. febrúar sl. játaði ákærði skýlaust sök samkvæmt ákæruliðum C. og D. en krafðist verulegrar lækkunar á tildæmdum bótum til D. Fer um þá ákæruliði að hætti 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði krefst annars sýknu af kröfum ákæruvaldsins og að framlagðri bótakröfu A verði vísað frá dómi en að því frágengnu verði hann dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og bætur til A stórlega lækkaðar. Þá verði sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda. Ákærði samþykkti þá upptökukröfu sem eftir stendur og varðar sakarefni samkvæmt ákærulið C.

I. - Almenn um samband ákærða og A.

Ákærði og brotaþoli A byrjuðu saman [...] þá er hann var 16 ára og hún 13 ára og bæði bjuggu í foreldrahúsum. Árið 2014 hófu þau sambúð að [...] og eiga saman börnin B, fædda [...] og C, fæddan [...]. Í desember 2017 flutti fjölskyldan að [...] og bjó þar uns slitnaði endanlega upp úr sambandi ákærða og brotaþola í mars 2020. Frá þeim tíma hafa börnin búið hjá brotaþola og fer hún nú ein með forsjá þeirra. Börnin eru í umgengni hjá ákærða aðra hverja helgi og hefur það almennt gengið mjög vel að sögn brotaþola.

II. - Fyrstu afskipti yfirvalda af málefnum fjölskyldunnar.

1.

Málefni fjölskyldunnar komu fyrst til kasta yfirvalda 6. júlí 2015 þegar brotaþoli mætti ótilkvödd á lögreglustöðina í [...] með fimm mánaða dóttur þeirra og greindi frá því að ákærði hefði gengið berserksgang og lagt heimili þeirra að [...] í rúst. Með brotaþola í för var vinkona hennar E og staðfesti hún frásögn brotaþola. Brotaþoli vildi ekki leggja fram kæru, sagði ákærða ekki hafa lagt á hana hendur og slíkt aðeins gerst einu sinni árið 2009. Sambúð þeirra hafi hins vegar verið stormasöm á köflum því ákærði væri mjög skapstór, hefði misnotað lyf og glímdi við miklar skapsveiflur. Brotaþoli kvaðst ekki þora að

snúa aftur heim, þyrfti samt að nálgast fatnað og annað, var því boðin lögreglufylgd til að sækja umrædda muni og þaðan ekið heim til foreldra sinna. Þegar lögregla kom á [...] voru þar fyrir ákærði og móðir hans F. Ákærði var rólegur, heimilið snyrtilegt og bar þess engin merki að eitthvað hefði gengið á. Liggur fyrir um þetta dagbókarfærsla lögreglu í máli nr. [...] Var á þeim tíma ekki aðhafst frekar í málinu.

2.

Eftir þetta nýtur ekki samtímaheimilda um samband ákærða og brotþola fyrr en 5. júní 2019 þegar G heilsugæslulæknir tilkynnti barnavernd [...] um heimilisofbeldi af hálfu ákærða og tilfinningalega vanrækslu gagnvart börnunum B og C. Hófst þannig afskipti barnaverndar af málefnum fjölskyldunnar. Með bréfi barnaverndar 10. júlí voru ákærði og brotþoli boðuð til viðtals 17. júlí. Að sögn brotþola sá hún bréfið fyrst þann dag, fór á fund barnaverndar og sendi ákærða skjáskot af bréfinu, en hann var þá á leið heim úr veiðiferð. Við lestur bréfsins trompaðist ákærði og í símtali við H félagsráðgjafa hjá barnavernd sama dag hótaði ákærði henni lífláti. Er óhætt að segja að frá þeim degi hafi hjólin farið að snúast ákærða í óhag.

3.

Brotþoli leitaði í Kvennaathvarfið 19. júlí 2019 og dvaldi þar enn með börnunum 8. ágúst er hún hafði samband við lögreglu og kvaðst vilja kæra ákærða fyrir langvarandi heimilisofbeldi. Sama dag var brotþola tilnefndur réttargæslumaður og skýrsla tekin af henni í Kvennaathvarfinu. Við það tækifæri heimilaði brotþoli rannsókn á gagnagrunni farsíma síns. Hófst þannig formleg lögreglurannsókn á hendur ákærða og virðist henni að mestu hafa lokið í júlí 2020. Fyrir þann tíma og eftir gengu fjölmargir dómsúrskurðir um nálgunarbann og/eða brottvísun ákærða af heimili; fyrst 13. mars 2020 og síðast 19. ágúst 2021 er Landsréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um nálgunarbann til 4. október 2021.

III. - Almenn um A.- og B.-kafla ákæru og efnistöð dómsins.

Ákærða er í A.-kafla ákæru gefið að sök stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart brotþola A á árunum 2009-2020. Þá er ákærða í B.-kafla gefið að sök stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart börnum sínum B og C á árunum 2015-2020.

Til grundvallar þessum ákæruköflum liggja lögreglurannsóknir nr. [...], nr. [...], nr. [...] og nr. [...]. Af ákæru er ljóst að síðastgreindar þrjár rannsóknir skarast og því óhægt um vik að fjalla með aðgreindum hætti um það sem fram kom í hverri rannsókn fyrir sig. Á þetta ekki síst við um framburð ákærða og brotþola. Eins og áður segir gaf brotþoli sína fyrstu skýrslu 8. ágúst 2019. Næst gaf hún skýrslu 8. mars 2020, í kjölfar atvika samkvæmt ákærulið A.VIII. og því næst 7. apríl 2020. Þann 13. maí 2020 gaf brotþoli þrjár skýrslur og aftur þrjár skýrslur 8. júní 2020. Ákærði var fyrst yfirheyrður af lögreglu 26. ágúst 2019, næst 8. mars 2020 og 8. júní 2020 gaf hann fjórar lögregluskýrslur.

Til hægðarauka mun dómurinn fyrst taka til skoðunar sakarefni samkvæmt ákæruliðum A.I. og B.I., sbr. lögreglurannsókn nr. [...] og reifa það helsta sem fram hefur komið hjá lögreglu og fyrir dómi (IV. kafli dómsins). Því næst verður fjallað um önnur sakaratriði samkvæmt A.- og B.-kafla, sbr. rannsóknir nr. [...], [...]og [...], reynt að draga upp sem gleggsta mynd af frásögn ákærða og brotþola hjá lögreglu og rakið það helsta úr skýrslum vitna og öðrum rannsóknargögnum (V. kafli). Þar á eftir verður vikið að framburði ákærða, brotþola og annarra vitna fyrir dómi (VI. kafli), þá greint frá helstu sjónarmiðum ákæruvaldsins og ákærða (VII. kafli) og loks dregnar saman niðurstöður dómsins um hvað telst sannað í málinu og hvernig (VIII. kafli). Í IX. kafla verður fjallað um ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

IV. - Meint háttsemi ákærða samkvæmt ákæruliðum A.I. og B.I.

1.

Um upphaf lögreglurannsóknar í þessum þætti máls vísast til umfjöllunar í kafla II.-1. dómsins. Lá sú rannsókn niðri í tæp fimm ár þar til brotþoli A mætti með réttargæslumanni á lögreglustöð 13. maí 2020 og setti fram kæru á hendur ákærða fyrir heimilisofbeldi og eignaspjöll að [...] þann 6. júlí 2015. Hún kvað dóttur þeirra B hafa verið fimm mánaða á þeim tíma, sagði ákærða ekkert hafa komið að umönnun barnsins, hann ýmist verið að vinna eða hitta félagá sína og brotþoli umræddan dag sagst vera búin að fá

nóg og vilja hætta með ákærða. Við þetta hafi hann brjálást, öskrað á hana að fara þá og í framhaldi hvolfi rúmi þeirra og hent rúmdýnu fram á gang, brotið skrautmuni, kýlt og slegið í eldhúsbekk og -borð og brotið og bramlað í eldhúsinu þannig að varla var fæti niður stígandi í íbúðinni. Þegar þetta gerðist hafi brotaþoli verið með dóttur þeirra í fanginu og telpan verið hrædd, brotaþoli hringt í E vinkonu sína og beðið hana að sækja þær, vinkonan komið akandi að húsinu, mæðgurnar stokkið út og inn í bifreið vinkonunnar, þær ekið á brott, ákærði elt þær í sinni bifreið, brotaþoli þá hringt til lögreglu og tilkynnt komu sína á lögreglustöðina í [...]. Eftir atburði dagsins hafi brotaþoli búið hjá foreldrum sínum í um viku, ákærði á þeim tíma margsinnis beðist afsökunar á hegðun sinni, sagt að hann vildi að þau væru fólkskylda og brotaþoli því flutt aftur til hans.

Aðspurð um fyrri uppákomur svipaðs eðlis kvað brotaþoli slíkt sjaldan hafa gerst, hún og ákærði átt mjög góð ár saman 2014 og 2015 en fyrir þann tíma hafi ákærði ítrekað beitt hana líkamlegu ofbeldi og nefndi brotaþoli árin 2009-2011 í því sambandi.

Brotaþoli gaf aðra lögregluskýrslu 8. júní 2020. Nánar aðspurð um ökuferðina frá heimili hennar að lögreglustöðinni í [...] og eftirför ákærða kvaðst hún hafa verið skelfingu lostin og grátið allan tímann, ákærði ýmist ekið með ógnandi hætti að afturenda bifreiðar E eða reynt að taka fram úr þeim og aka í veg fyrir bifreið E og sú ýmist þurft að gefa í, nauðhemla eða bakka til að koma í veg fyrir árekstur. Eftir atburði þessa hafi ákærði verið afar neikvæður í garð E og ekki viljað að brotaþoli umgengist hana.

2.

Ákærði var yfirheyrður vegna þessa þáttar máls 8. júní 2020. Hann kvaðst í fyrstu ekki muna eftir atvikum 6. júlí 2015 og ekki skilja af hverju málið væri rannsakað sem ofbeldismál. Í framhaldi kvaðst ákærði umræddan dag hafa verið heima í hádegismat og skemmt klósettbursta við að þrifa salerni. Hann hafi svo verið kominn út og á leið í vinnu þegar hann hafi fengið þau skilaboð frá brotaþola hvort hún ætti að drepa sig því líf hennar væri ónýtt vegna skemmda klósettburstans. Ákærði hafi þá gengið aftur inn í hús, verið pirraður og skellt útidyrhurð svo rúðugler brotnaði, spurt eða öskrað hvað væri í gangi, þau farið að rífast, brotaþoli sagst ætla að hætta með honum út af klósettburstanum og hann sagt henni þá að fara. Eftir þetta hafi ákærði kastað til fatnaði og hann kannski hafnað á einhverjum skrautmunum og brotið, en rangt væri að hann hafi brotið allt og bramlað í eldhúsi og ekki minntist hann þess að hafa hreyft við rúmi þeirra. Aðspurður hvort ákærði hafi elt brotaþola og E á lögreglustöð kvað hann svo ekki vera. Eftir fyrrgreinda uppákomu hafi hann aðeins tekið einn hring í bifreið sinni, án þess að elta bifreið E; hvað þá með ógnandi aksturslagi.

3.

E gaf skýrslu vegna málsins 18. maí 2020. Hún kvað brotaþola hafa hringt umræddan dag, sagt að ákærði væri í kast og beðið hana að sækja sig að [...]. Þetta hafi E gert, brotaþoli komið út og skotist inn í bifreið hennar með B, brotaþoli verið hágráandi, sagt að ákærði væri brjáláður og beðið E að aka burt. Það hafi hún gert, séð að ákærði veitti þeim eftirför í sinni bifreið og í framhaldi reyndi hann ítrekað að klessa á þær og aka bifreið sinni í veg fyrir þær. Meðan á þessu stóð hafi brotaþoli verið í símasambandi við lögreglu og verið sagt að koma á lögreglustöðina í [...]. Er þangað kom hafi þær stokkið inn á stöðina og ákærði reynt að koma í veg fyrir að þær næðu fundi lögreglu.

4.

F móðir ákærða gaf skýrslu 16. júní 2020. Hún kvaðst ekki muna vel eftir atvikum umrædds dags, rámaði þó í að ákærði og brotaþoli hafi þá sem oftast verið að rífast og minnti að mikil óreiða hafi verið í svefnherbergi þeirra, líkt og þeim var siður til, en ekkert hafi verið skemmt í íbúðinni. Hún kvað bæði ákærða og brotaþola vera skapstór og samband þeirra gengið upp og niður. F gat þess að ákærði hafi orðið fyrir ofbeldi í æsku og hann aldrei unnið úr þeim málum fyrr en barnavernd [...] hóf afskipti af fjölskyldunni í júlí 2019.

5.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi 27. apríl sl. Hann kvaðst ekki muna eftir atvikum 6. júlí 2015 og sagði þau atvik sem lýst væri í ákærulið A.I. ekki hafa gerst. Þegar borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu sagði hann þetta ekki passa, en kvaðst muna að umræddan dag hafi hann komið heim í

hádegismat, óvart skemmt klósettbursta og það komið afar illa við brotaþola. Í framhaldi greindi ákærði nánar frá atvikum þennan dag, meira og minna með sama hætti og hann gerði hjá lögreglu.

6.

Brotþoli bar sama dag fyrir dómi að hún hafi þarna (6. júlí 2015) í fyrsta skipti leitað til lögreglu vegna heimilisofbeldis ákærða. Þetta hafi verið mjög erfiður tími í sambandi þeirra; þau fjárhagslega illa stödd, með nýfætt barn og ákærði engan þátt tekið í umönnun barnsins. Brotþoli hafi þarna verið búin að fá nóg, hótað að hætta með ákærða, hann þá brjálást, farið að öskra og brotið allt og bramlað í íbúðinni. Brotþoli hafi haldið á B í fanginu, telpan öskrað á móti ákærða og brotaþoli sent E vinkonu sinni skilaboð um að koma. Þegar E kom að húsinu hafi brotaþoli hlaupið út með barnið í fanginu, stungið sér í aftursæti bifreiðar E og hún ekið af stað. Ákærði hafi komið út á eftir þeim mæðginum, stokkið upp í sína bifreið, hafið eftirför og ítrekað reynt að svína í veg fyrir bifreið E. Brotþoli hafi því hringt til lögreglu og verið sagt að koma á lögreglustöðina í [...].

7.

E bar fyrir dómi að hún hafi greint sinn fengið sms skilaboð frá brotaþola um að sækja hana strax, E því ekið að [...], brotaþoli komið hlaupandi út með B í fanginu, stungið sér inn í bifreið E og hún ekið af stað. Ákærði hafi hlaupið út á eftir brotaþola, hann sest upp í sína bifreið og hafið eftirför. Ákærði hafi ekið mjög greitt, E reynt að koma þeim í felur, það ekki tekist, ákærði ekið eins og geðsjúklingur og reynt að klessa á þær, brotaþoli hringt í lögreglu og verið sagt að koma á lögreglustöðina í [...]. E kvaðst hafa verið mjög hrædd meðan á eftirför stóð og talið ákærða ógna öryggi allra sem voru í bifreið hennar. Eftir atvik þessa dags hafi ákærði bannað brotaþola að umgangast E og tengdi E þetta við þá staðreynd að nú vissi hún um ofbeldið við viðgengist á heimili ákærða og brotaþola.

8.

F móðir ákærða bar fyrir dómi að ákærði hafi umræddan dag hringt í hana og hún farið heim til hans að [...]. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir óreiðu á heimilinu umfram það sem venjulegt var, þ.e. fatnaður á gólfum og örlítið sóðalegt umhorfs. F kvaðst sjálf ekkert hafa tekið til á þeim 5-15 mínútum sem liðu frá því að hún kom og þar til lögregla mætti á staðinn.

V. - Rannsókn mála nr. [...], [...] og [...].

1.

Eins og vikið er að í kafla II.-3. dómsins hófst formleg lögreglurannsókn á hendur ákærða með skýrslugjöf brotaþola A í Kvennaathvarfinu 8. ágúst 2019. Auk réttargæslumanns var H félagsráðgjafi hjá barnavernd viðstödd skýrslutökuna og tók virkan þátt í henni með spurningum til brotaþola.

Brotþoli kvaðst hafa búið við mjög erfitt heimilisástand, sér í lagi síðustu fimm árin og það einkennst af miklu andlegu ofbeldi, auk fjárhagslegs og líkamlegs ofbeldis. Barnavernd hafi borist tilkynning um ástandið, H fulltrúi barnaverndar hringt í ákærða, hann trompast við það og hótað henni lífláti, H í framhaldi hringt í brotaþola og þær tekið ákvörðun um að brotaþoli færi með börnin heim til frænku sinnar. Ákærði hafi komið þangað um nóttina og heimtað að brotaþoli kæmi heim með börnin. Daginn eftir hafi lögregla tekið ákærða til yfirheyrslu, brotaþoli sætt færís og farið heim til að sækja nauðsynjar og því næst farið í sumarbústað með J frænda sínum. Er þangað kom hafi hún fengið alls kyns hótanir frá ákærða í formi skeytasendinga og greinilegt að hann vissi hvar hún væri. Hún hafi orðið hrædd, vinkona hennar hringt í Kvennaathvarfið og fengið þar pláss, brotaþoli og börnin farið þangað 19. júlí og væru búin að dvelja þar síðan.

Nánar aðspurð bar brotþoli að ákærði hafi allt frá því að þau byrjuðu saman 2008 dregið úr sjálfstrausti hennar með umvöndunum, sagt hana heimska ef hún væri ekki sammála honum og beitt hana miklu líkamlegu ofbeldi á árunum 2008 til 2011 en þá hafi ofbeldið allt í einu hætt. Hún nefndi að ákærði hafi oft þrengt að hálsi hennar og hún eitt sinn liðið út af. Þá hafi hann í eitt skipti sett skæri að hálsi hennar og hótað að drepa hana; líklega þegar hún var 15 ára og að byrja í Versló. Ákærði hafi reyndar fríkað út þegar hún hóf þar nám og vænt hana um að sofa hjá öllum strákunum. Þegar hún sagðist í eitt skipti ætla að fara frá ákærða hafi hann brunað með hana á ofsahraða á malarvegi við [...] í [...] og hótað að drepa hana. Brotþoli tiltók einnig að ákærði hefði í eitt skipti ýtt henni harkalega á hurð á heimili foreldra hennar

þannig að hún marðist á kinn, í annað skipti snúð upp á handlegg hennar og eitt sinn meitt fingur hennar. Í það skipti hafi hún leitað til læknis og sagst hafa meitt sig í körfubolta.

Brotapoli greindi frá atviki sem gerðist á spilakvöldi hjá frænda hennar þegar vinkona hennar spurði hvort hún hafi ekki verið [...] og þá flogið með tilteknum [...]. Brotapoli hafi séð viðbrögð ákærða við þessu og reynt að eyða umræðunni, en þegar þau komu heim hafi hann sturlast, spurt „varstu að ríða þessum“ og vænt hana um framhjáhald. Börnin hafi vaknað við lætin í ákærða og brotapolí haldið á þeim hágrátandi á meðan ákærði öskraði, kýldi í allt og rústaði og braut m.a. engla sem brotapolí hafði eignast eftir andlát móður sinnar. Þá gat brotapolí um eitt tilvik þegar hún gagnrýndi ákærða fyrir að vera lélegur heimilisfaðir, hann þá brotið sjónvarpsskenk, skrifborðsstól og barnarúm, sem hún ætlaði að selja, og við þær aðfarir skemmt parket á gólfi.

Brotapoli sagði aðra bombu hafa byrjað þegar hún sótti um vinnu sem [...] hjá [...], án þess að láta ákærða vita. Hún hafi svo verið boðuð í viðtal og hann brjálást, brotapolí síðan fengið starfið, ákærði þá bannað henni að umgangast aðra [...] og vænt hana um að sofa hjá öllum [...] félagsins. Í eitt skipti, í janúar 2018, hafi þetta orðið svo slæmt, þegar brotapolí var að fara í tveggja náttu ferð til Montreal í Kanada, að ákærði sagði „þú ert ekki að fara“ og „ég hringi bara inn sprengjuhótun“ ef hún færi í umrætt flug. Auk þessa hafi ákærði stöðugt fylgst með brotapolá og alltaf verið að senda henni Snapchat skilaboð, eins og „hvar ertu núna“.

Aðspurð um skapofsaköst ákærða og hvort einhver undanfari sé að þeim kvað brotapolí þetta oft byrja með tuði um að hún setji aldrei í þvott og geri ekki neitt á heimilinu, svo sturlist hann, hún biðjist afsökunar, segi að þetta sé allt henni að kenna og hún muni aldrei gera þetta aftur; allt til að róa ákærða. Í kjölfarið biðjist hann einnig afsökunar og segi að þau þurfi bara að passa sig. Brotapolí tiltók dæmi um að hún hafi nýlega útbúið fiskrétt í kvöldmat og fiskurinn ekki verið soðinn, en við þetta hafi ákærði sturlast, hent matardisk sínum ofan í réttinn og börnin setið hjá, hágrátandi. Hún kvaðst gera allt sem hún gæti til að reita ákærða ekki til reiði og tipli á tánum til að koma í veg fyrir skapofsaköst hans.

Aðspurð hvort ákærði hafi lagt hendur á börnin kvað brotapolí svo ekki vera, en gat um eitt skipti þegar C sonur þeirra átti erfitt með svefn, ákærði þá sturlast, brotið hurð inn í herbergi til drengsins, tekið í rúm hans og þrykkt því til hliðar.

Aðspurð hvort ákærði hafi bannað brotapolá að hitta vinkonur sínar kvað hún það ekki beinlínis rétt, en hann hafi verið ósáttur við að hún hitti tiltekna vinkonur og látið hana vita um þá skoðun sína. Þá hafi ákærði aldrei verið sáttur við að hún færi í saumaklúbb eða stelpuhitting, verið mjög afbrýðisamur og oft bendlað fjarveru hennar af heimilinu við framhjáhald. Þá hafi hann sagt að ef hún hætti með honum myndi hann gera líf hennar mjög leitt og í eitt skipti sagt að ef hún fyndi sér nýjan maka myndi ákærði drepa hann.

Brotapolí gat um atvik á [...] í [...], þegar hún var að dansa og nálægt henni maður af afrískum uppruna, en þá hafi ákærði sagt „ef þú dansar við þennan negra aftur, þá lem ég þig og lem hann“.

Aðspurð hvort ákærði væri drukkinn þegar hann léti svona kvað brotapolí hann vera drukkinn á hverju kvöldi; hann stúti heilu flöskunum á einu kvöldi, sé verstur þegar hann fari í veiðiferðir og komi þá blindfullur heim á bílnum; síðast 17. júlí. Þann dag hafi hann hótad H lífláti og dúkkað upp um miðja nótt í sumarbústaðnum sem brotapolí var í með J frænda sínum, ákærði heimtað að brotapolí og börnin kæmu heim og ekki farið burt fyrr en J hótad að hringja í lögreglu.

Brotapolí greindi einnig frá því að ákærði hafi farið í óleyfi inn á Facebook reikning hennar, eytt gögnum tengdum samskiptum þeirra og tekið skjáskot af samtölum hennar við aðra.

2.

Ákærði var boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglu 26. ágúst 2019. Fyrr um daginn sendi hann yfirheyraða tölvupóst, sem hann bað lögreglumanninn að lesa og taldi að myndi bæði spara tíma og skýra betur það sem ákærði hygðist greina frá. Í póstinum segir ákærði „sögu“ sína og kemur fram að hann hafi sætt miklu andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu stjúpföður frá barnæsku og fram undir unglingsár. Stjúpfaðirinn hafi stjórnað heimilinu með öskrum og ógnunum, sturlast ef ákærði borðaði ekki allan matinn sinn og í eitt skipti rífið hann upp úr barnastól, hlaupið með hann í fanginu upp stiga, misst þar fótanna, dottið ofan á ákærða og rotað hann og öskrað á móður hans að hringja í sjúkrahús. Ákærði hafi legið um

tíma á sjúkrahúsi og hlotið viðvarandi lömun á vinstra raddbandi. Eftir þetta hafi stjúpfáðirinn margoft sparkað í ákærða, kastað honum í gólf og vegg, hent honum út úr húsi í fimbulkulda og ákærði ekki komist aftur inn fyrr en stjúpfáðirinn var sofnaður áfengis- eða fíkniefnasvefni. Ákærði kvaðst um árabíl ekki hafa þorað að sofna á kvöldin, hann heyrð stjúpfóðurinn öskra á og lemja móður hans og hana gráta undan manningum. Sökum þessa hafi ákærði heldur ekki þorað fram úr rúmi á nóttunni til að pissa, þess í stað haft ílát inni hjá sér og frá 10 ára aldri eða svo byrjað að sofa með hníf undir koddanum og golfkylfu undir rúminu. Fram kemur í póstinum að ákærði telji þessi og önnur atvik í æsku skýra reiði hans í dag og hvernig hann bregðist við ógnunum og öryggisleysi; verði snöggreiður og fari í vörn. Ákærði óski engum að upplifa eitthvað í líkingu við það sem hann þurfti að þola. Samt hafi hann ósjálfrátt gert eitthvað í mikilli reiði, þó aldrei beitt líkamlegu ofbeldi, en önnur hegðun gefi ekki rétta mynd af hans persónuleika. Hann kvaðst aldrei hafa fengið hjálp við að vinna úr sinni fortíð fyrr en nú og ætli að leggja sig hart fram til að sigrast á sínum vanda og bæta fyrir fyrri mistök.

3.

Þegar ofangreind skýrslutaka hófst var ákærða kynnt að borist hefði tilkynning frá barnavernd um heimilisofbeldi og hann sagður hafa brugðist við því með hótunum 17. júlí. Ákærði kannaðist við að hafa hótad H fulltrúa barnaverndar í símtali þann dag, kvaðst vanur að fara í vörn þegar ráðist væri að honum, játti rétt að hafa brugðist ranglega við og fyndist það miður. Ákærði kvaðst sama dag hafa verið að koma úr veiðiferð, verið ölvaður þegar símtalið átti sér stað, skilið málið svo að hann væri vændur um ofbeldi gagnvart börnum sínum, við það snöggreiðst og hótad H lífláti ef hún ætlaði að væna ákærða um slíkt. Hann hafi aldrei ætlað að skaða neinn og í kjölfarið beðið H afsökunar. Ákærði kvaðst sama daga hafa hótad einhverjum lækni í tengslum við barnaverndarmálið. Hann kvaðst á þessu tímabili hafa verið meira og minna ölvaður og drukkið ótæpilega 4-6 sinnum í viku.

Þegar ákærði kom heim úr nefndri veiðiferð hafi hann búist við að brotþoli væri heima, svo ekki verið, hann þá farið að leita hennar og hún sagt að þau myndu tala saman daginn eftir. Þegar ákærði vaknaði að morgni 18. júlí hafi hann frétt að brotþoli væri á fundi barnaverndar á bæjarskrifstofunni, ákærði farið þangað til að leiðrétta misskilning gagnvart H og breyta loksins rétt gagnvart brotþola. Hann hafi reynt að ná fundi þeirra, hringt ótal sinnum í brotþola, sest svo inn í bíl fyrir utan bæjarskrifstofuna og beðið þar í nokkrar klukkustundir uns lögregla kom á staðinn og bauð honum til viðræðna á lögreglustöð. Á meðan hafi brotþoli farið heim til þeirra, pakkað saman dóti, farið í sumarbústað og ákærði ekki heyrð frá henni fyrr en 31. júlí. Daginn eftir hafi þau farið til fundar við H og ákærði opnað sig um sín vandamál, tilkynnt að hann væri hættur að drekka og búinn að hitta sálfræðing hjá Heimilisfriði sem gæti loksins hjálpað. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis frá lokum veiðiferðarinnar 17. júlí.

Aðspurður hvort ákærði hafi sent brotþola textaskilaboð með einhvers konar hótunum á meðan hún var í fyrrgreindri sumarbústaðiferð kvaðst hann ekki minnst þess; hann hafi mest verið að biðja hana um að svara skilaboðum hans og segja henni að sameiginleg forsjá fælist ekki í því að halda börnum þeirra frá honum. Ákærði kvaðst ekki hafa farið í sumarbústaðinn, enda ákveðinn í að sanna fyrir brotþola að hann væri breyttur frá því sem áður. Hann kvað vinkonu brotþola hafa hvatt hana til að fara í Kvænnaathvarfið, ákærða liðið illa þegar hann frétti að hún væri komin þangað og boðist til að flytja út úr húsi þeirra að [...] svo hún og börnin gætu snúið aftur heim.

Þegar borin var undir ákærða frásögn brotþola um að hann hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi á árunum 2008-2011 kvaðst hann ekki minnst þess að hafa beitt hana slíku ofbeldi. Hann hafi hins vegar hótad henni eitthvað, gat þess að brotþoli hafi í eitt skipti haldið framhjá honum, 2008 eða 2009, hann þá tekið skæri og hótad að drepa hana ef hún gerði þetta aftur. Hann hafi þó ekki skaðað brotþola og myndi aldrei gera það. Ákærði kvað um eitt afmarkað tilvik að ræða og minntist þess ekki að hafa nokkru sinni tekið um háls brotþola og þrengt að öndunarvegi. Hann kvaðst vita að hann hafi brugðist ranglega við á sínum tíma, væri nú í stífu prógrammi við að vinna í sínum málum og hafi byrjað það prógramm strax eftir hótanirnar í garð H.

Ákærði kvaðst muna eftir atviki þegar hann brunaði eftir malarvegi við [...] í [...] með brotþola í bifreiðinni en ekki minnst þess að hafa hótad að drepa hana í þeirri ökuferð; hann elski hana út af lífinu og myndi aldrei gera henni líkamlegt mein. Hann kvaðst þó muna eftir að hafa eitt sinn, líklega fyrir 10

árum, ýtt brotaþola harkalega á útihurð á heimili foreldra hennar, sagði hana hafa fyrst ýtt við honum og hann svarað í sömu mynt og þetta gerst eftir að hún hélt framhjá honum öðru sinni. Ákærði kannaðist hins vegar ekki við að hafa snúið upp á hönd brotaþola eða meitt hana á fingri.

Aðspurður um atvik eftir spilakvöld og spurningar til brotaþola hvort hún hafi flogið [...] kannaðist ákærði við þetta, sem og að hann hafi verið pirraður eftir að heim kom, spurt brotaþola, jafnvel öskrandi, um hvern hafi verið rætt og hvort hún hafi riðið sama manni. Hann kvað sín viðbrögð hafa stafað af óöryggi vegna ítrekaðs framhjáhalds brotaþola. Ákærði sagði rangt, sem brotaþoli héldi fram, að börn þeirra hafi vaknað umrætt sinn og/eða hann kýlt allt, brotið og bramlað. Hins vegar væri rétt að hann hafi brotið einhverja engla frá látinni móður brotaþola, en það hafi verið óskýlt atvik, ákærði í það skipti verið pirraður og kastað einhverju óvart í eitthvað.

Ákærða var kynnt frásögn sú frásögn brotaþola að hann hafi í eitt skipti brotið hillu eða skenk undir sjónvarp, sem og skrifborðsstól, og við það skemmt parket á gólfi og svaraði því til að parketið hafi ekkert skemmt; bara komið smá far í gólfið. Hann kvaðst einnig hafa brotið barnarúm, sem átti að selja og stóð frammi á gangi, og kvaðst hegða sér svona þegar hann reiddist, í stað þess að gera eitthvað á hlut brotaþola.

Ákærði gekkst við því að hafa verið mjög ósáttur þegar brotaþoli sótti um og fékk vinnu sem [...] hjá [...], kvaðst á þeim tíma hafa verið [...] og mikið frá vegna vinnu, tengdamóðir hans mjög veik á sama tíma og ekki í stakk búin til að passa börnin og því hafi [...]starfið hentað fjölskyldunni mjög illa, sér í lagi þegar brotaþoli fór í löng [...]. Þetta hafi svo vanist og orðið betra þegar brotaþoli bauð honum að fara með [...], en það hafi ákærði gert í átta skipti. Hann kannaðist við að hafa í önnur skipti bannað brotaþola að fara út að borða með öðrum [...], verið afbrýðisamur, óöruggur og ekki treyst brotaþola og í einhver skipti vænt hana um að sofa hjá [...] félagsins. Ákærði gekkst í framhaldi við því að hafa í janúar 2018 hótað að hringja inn sprengjuhótun ef brotaþoli færi í [...], sagðist á þeim tíma hafa verið að koma af [...] eftir þriggja vikna túr, tengdamóðirin verið mjög veik, allt í hakki, engin barnapössun, og hann því reynt að fá brotaþola ofan af því að fara í þetta flug með umræddri hótun. Hann kvaðst vita að þetta hafi verið heimskulegt og sagðist aldrei myndu hafa gert þessa hótun virka.

Ákærði kannaðist við að hafa fylgst með ferðum brotaþola gegnum Snapchat, ávallt vitað hvar hún væri stödd og sagði hana hafa fylgst með ferðum hans á sama máta. Hann hafi einnig farið inn á Facebook síðu brotaþola og hún einnig farið inn á síðu hans en þau væru með sömu lykilorð á öllu. Hann kannaðist ekki við að hafa eytt samtalskrám brotaþola á Facebook, að frátöldu einu samtali þeirra í milli eftir fund með barnavernd. Það hafi hann gert af stríðni og eftir það ekki farið inn á samskiptamiðla brotaþola.

Ákærði kannaðist við frásögn brotaþola um fiskrétt sem honum hafi ekki hugnast, kvað brotaþola hafa sett sveppi í réttinn, þrátt fyrir að vita eftir 11 ára samband að hann borði ekki sveppi, ákærði því reiðst og ætlað að yta matardiski sínum frá, en diskurinn þá óvart rekist í glerfat með fiskréttinum í, allt farið í gólfið og matur skotist út um allt. Hann hafi strax áttað sig á mistökum sínum, liðið illa út af þessu og annað hvort beðið brotaþola afsökunar eða þau farið í fýlu við hvort annað áður en þau sættust eða eitthvað.

Ákærði greindi frá því að brotaþoli hafi stjórnað honum gegnum tíðina, fengið hann til að kíkja á þvottavélina einn daginn, sakað hann um að vera ofbeldismaður og skrímsli næsta dag, hana síðan vantað eitthvað frá ákærða þriðja daginn og hann þá verið orðinn góður maður á ný. Brotaþoli hafi þannig stjórnað því hvenær og hvernig ákærði reiddist, nefndi sem dæmi þegar hann kæmi heim í góðu skapi, hún spyrdi af hverju hann væri svona pirraður, segði „fáðu þér bara drykk; ertu ekki alki?“, ákærði fyrir þann tíma ekki langað í drykk, en svo endað á því að fá sér drykk.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa misst stjórn á sér að næturlagi þegar sonur hans átti erfitt með svefn, ruðst inn í herbergi til sonarins, tekið í barnarúm og þrykkt því til, gat þess að engin hurð hafi verið að svefnherbergi drengsins og hann þess utan sofið flestar nætur uppi rúmi hjá foreldrum sínum.

Ákærði gekkst við því að hafa, í reiði, sagt við brotaþola að ef hún eignaðist nýjan maka myndi ákærði drepa þann mann. Hins vegar væri rangt, sem brotaþoli héldi fram, að ákærði hafi hótað gera henni líffið leitt ef hún færi frá honum.

Ákærða voru sýndar myndir af skjáskotum úr farsíma brotaþola, m.a. með skilaboðum ákærða 17. júlí 2019 um notkun axar í höfuð einhvers og að brotaþoli hafi verið að „[...] hórast“. Hann kannaðist við öll skilaboðin, kvaðst hafa skrifað þau í mikilli reiði og gat í því sambandi að hann hefði lengi glímt við reiðistjórnunarfanda.

Í lok skýrslutökunnar kvaðst ákærði óska þess að hann fengi tækifæri til að sanna sig gagnvart brotaþola og sýna að hann gæti og hafi breyst. Hann kvaðst nýlega hafa lesið sér til um uppeldismál og tali nú öðruvísi við börnin sín.

4.

Svo virðist sem lögregla hafi ekki aðhafst frekar í málefnum ákærða og brotaþola fyrir en aðfaranótt 8. mars 2020 þegar brotaþoli hringdi í Neyðarlínuna kl. 04:25 og sagði æstum rómi „[...]“ áður en skellt var á. K og L lögreglumenn voru fyrst á vettvang og liggur frumskýrsla K fyrir í málinu. Samkvæmt henni tók brotaþoli grátandi á móti þeim og sagði að ákærði hefði ráðist á hana. Ákærði virtist töluvert ölvaður. Hann sagði þau nýkomin heim af árshátíð og þau farið að rífast, en ekkert annað hafi gerst áður. Ákærði var handtekinn kl. 04:45 og óskað eftir annarri áhöfn til að færa hann á lögreglustöð. Þar blés ákærði í áfengismæli kl. 05:12 og sýndi hann niðurstöðuna 1,62 ‰. Í viðræðum við brotaþola kom fram að hún væri sjálf nokkuð ölvuð, að þau hafi verið að koma heim af árshátíð, ákærði farið að tala um frænda brotaþola, sem hann þoli ekki og hóttað að drepa frændann og alla fjölskyldu brotaþola. Hún kynni vel á ákærða og hafi því ekkert sagt heldur farið inn í eldhús að hita sér pítsu. Ákærði hafi elt hana þangað, tekið hana hálstaki og þrengt að, síðan sleppt takinu, dregið fram grænan hníf, ekki otað hnífnum að henni en hóttað að drepa hana. Brotaþoli hafi þá tekið upp bleikan hníf og óvart skorið sig á fingri, sagt ákærða að hætta, hann þá lagt græna hnífinn frá sér og beðist afsökunar og hún gert hið sama með bleika hnífinn. Eftir þetta hafi ákærði opnað eldhússkúffu og dregið fram skæri, farið á eftir brotaþola, hún náð að hringja í Neyðarlínuna og hann lagt skærin frá sér.

Fram kom í máli brotaþola að hún væri búin að slíta sambandinu við ákærða en hann hlusti ekki á hana og leyfi henni ekki að hætta með honum. Hún kvað börn þeirra hafa í eitt skipti að minnsta kosti orðið vitni að ofbeldi ákærða og nefndi atvik 22. febrúar 2020 þegar ákærði hafi farið í heimildarleysi í farsíma hennar, séð samskipti hennar við annan mann, orðið afbrýðisamur og yfirheyrt hana, tekið hana hálstaki og þrengt belti að hálsi hennar og loks hrint henni í gólfíð að börnunum ásjáandi.

Frumskýrslunni fylgja litmyndir af brotinni skál á eldhúsgólfi, svörtum skærum í eldhússkúffu, grænum hníf ofan á pítsukassa og bleikum hníf á eldhúsbörði. Þá er ein mynd af sári á fingri brotaþola og ein af hálsi hennar. Segir í texta með þeirri mynd að ákærði hafi gripið um háls brotaþola en þar sjáist engir áverkar.

5.

Sama dag voru teknar ljósmyndir af áverkum brotaþola og ákærða og liggja fyrir í því sambandi tvær lögregluskýrslur. Segir í þeim að greindir áverkar hafi hlotist um nóttina. Meintir áverkar brotaþola eru fjarri því að vera augskýrlegir, en í texta með myndunum segir að sjá megi marblett á innanverðum hægri úlnlið, marbletti á vinstri framhandlegg og marblett á hægri herðablaði. Af myndaskýrslunni um ákærða er ljóst að hann var með lítið sár á ofanverðri bringu, rétt fyrir neðan háls, húðrispu á hægri framhandlegg, aðra á hægri upphandlegg, lítið sár á hægri upphandlegg, töluverðar og dreifðar húðrispur ofarlega á hægri upphandlegg og þar upp á öxl, lítið sár hægri megin á baki og húðrispur á enni og ofan við hægri gagnauga.

Einnig liggja fyrir læknisvottorð um líkamsskoðun ákærða og brotaþola 8. mars, sem staðreynda hvorki af né á hvort þau hafi hlotið áverka um nóttina. Af frásögn brotaþola við skoðun má þó ráða að marblettur á herðablaði hafi hlotist fyrir.

Loks skal nefna lögregluskýrslu með ljósmyndum teknum að [...] þann 25. mars 2020. Má þar sjá myndir af ísskáp, sem er dældaður á fleiri en einum stað. Þá er ein mynd af svörtum buxum ákærða hangandi í fataskáp svefnherbergis og önnur þar fyrir neðan af svörtu belti á svefnherbergisgólfi. Í skýringartexta segir að beltið hafi verið á buxunum og brotaþoli sagt ákærða hafa reynt að vefja beltinu um háls hennar.

6.

Brotapoli gaf lögregluskýrslu eftir hádegi 8. mars. Auk réttargæslumanns var M sviðsstjóri félagsþjónustu [...] viðstaddur skýrslutökuna og tók virkan þátt í henni með spurningum til brotþola um kynlíf hennar og ákærða og meint kynferðisofbeldi af hans hálfu.

Brotapoli kvaðst kvöldið áður hafa farið á árshátíð hjá [...] í [...] og ákærði farið með henni. Hann hafi þá ekki verið búinn að neyta áfengis mánuðum saman og hagað sér vel á árshátíðinni, sem og í eftirpartýi, en verið orðinn mjög drukkinn við heimkomu um kl. 04. Fram að því hafi allt verið í lagi, fyrir utan eitt atvik á árshátíðinni þegar einn gesta, I, neitaði að sitja til borðs með ákærða. Ákærði hafi rifjað þetta atvik upp eftir heimkomu og sagt að það þyrfti að drepa I og D frænda brotþola. Brotapoli hafi svo verið inni á baðherbergi þegar ákærði kom að henni, sett enni sitt að enni hennar og kýldi í baðkerið. Við svo búð hafi brotþoli farið fram í eldhús, ákærði fylgt á eftir, togað í hendur hennar og sagt að það væri henni að kenna að hann væri nú talinn ofbeldismaður. Brotapoli kvaðst vita af reynslu að best væri að svara ákærða í engu þegar hann léti svona því þá yrði hann enn reiðari. Ákærði hafi engu að síður tekið aftan í hnacka brotþola, gripið um háls hennar, tekið sér hníf í hönd og ógnað henni, án þess þó að beina hnífnum að hálsi. Brotapoli hafi reynt að ýta ákærða frá, við það klórað hann framan á bringu, þau togast á, hann ítrekað sett enni sitt upp að enni hennar og hótad að koma brotþola og fjölskyldu hennar fyrir kattarnef, því allt væri þeim að kenna. Í framhaldi hafi brotþoli farið inn í svefnherbergi og náð að hringja í Neyðarlínuna áður en ákærði hrifsaði farsímamann af henni. Brotþola minnti að í kjölfar þessa hafi hún farið aftur inn í eldhús, tekið upp bleika hnífinn og sagt ákærða að halda sig fjarri henni. Meðan á þessu stóð hafi ákærði rífið glas úr höndum hennar og sótt sér skæri í eldhússkúffu og ógnað henni með þeim. Þau hafi svo setið saman í stofusófa og ákærði grátið og verið að biðjast afsökunar þegar lögregla knúði dyra, brotþoli þá sprottið á fætur og hleypt henni inn í húsið.

Brotapoli kvað ákærða aldrei hafa lamið hana eða kýlt en þegar hann sé í reiðiham eigi hann til að taka hana hálstaki og sækja sér eggvopn í hendur, en aðallega brjóti hann allt og bramli í kringum sig. Þannig hafi hann nýliðna nótt tekið glerskál í eldhúsinu og þrykkt henni í ísskápinn. Aðspurð hversu oft ákærði hafi tekið hana hálstaki kvaðst brotþoli ekki hafa tölu á því, en það hafi gerst oft.

Aðspurð um aðrar uppkomur í sambandi þeirra greindi brotþoli frá því að ákærði hafi í eitt skipti snúið svo upp á fingur hennar að hún varð að leita til læknis, hann margsinnis ekið glæfralega með hana í farþegasæti bifreiðar, á um 130 kílómetra hraða á klukkustund eftir Reykjanesbraut, og hótad að drepa þau bæði. Stundum hafi börn þeirra einnig verið í bifreiðinni og taldi brotþoli það hafa verið í um fimm skipti.

Brotapoli greindi frá atviki 20. febrúar 2020 þegar ákærði var að koma af sjó, hún sótt hann og verið að aka eftir Reykjanesbraut [...], þegar ákærði sló hana flötum lófa framan á háls, í barkakýli, svo hún átti erfitt með að kyngja á eftir. Brotþoli hafi umrætt sinn verið í „babyshower“ hjá vinkonu sinni í [...] og ætlað að gista þar þegar ákærði hringdi og heimtaði sókn, hann verið ákveðinn í að brotþoli ætlaði sér að gista hjá einhverjum strák og þess vegna veist að henni í bifreiðinni með umræddu höggi, jafnframt því sem ákærði hafi öskrað á hana, dregið fram hníf með appelsínugulu skefti, sem hann noti á [...] og otað hnífnum ógnandi að andliti hennar.

Í framhaldi greindi brotþoli frá atviki 22. febrúar 2020 þegar hún var að setja þvott í þurrkara, B að skoða í farsíma hennar, ákærði þrifið símann af barninu, dregið brotþola inn í svefnherbergi, yfirheyrt hana vegna textasamskipta við annan strák, kallað hana hóru og öðrum ljótum nöfnum, gripið í upphandleggi hennar og tekið hana hálstaki að báðum börnunum ásjáandi. Ákærði hafi svo krafist þess að brotþoli opnaði fyrir aðgang að símanum, hún neitað því, ákærði þá öskrað á B og skipað henni að opna fyrir símann. Þetta hafi barnið gert, ákærði skoðað umrædd símasamskipti, við það orðið enn reiðari, tekið um háls brotþola og krafist skýringa á þeim. Í kjölfarið hafi hann gripið svart leðurbelti og reynt að vefja því um háls brotþola, en hún náð að hlaupa undan ákærða og að útidyrum hússins þar sem hann hafi náð henni, hún fallið í gólfíð, börnin orðið vitni að þessu, ákærði í framhaldi beðist afsökunar og sagt henni að slaka á. Brotþoli kvaðst eiga myndir af áverkum sem hún hlaut þennan dag og myndi senda þær til lögreglu.

Brotþoli greindi einnig frá atviki 9. desember 2019 þegar ákærði hafi sturlast yfir því að vinkona hennar bauð henni í stelpuferð til London, hann kallað þetta „hórufurð“ og hótad að rífa úr henni tennurnar.

Brotapoli hafi þarna ákveðið að vekja börnin snemma næsta dag, látið eins og hún væri að fara með þau í leikskólann en pakkað fatnaði til lengri dvalar og leitað á náðir Kvennaathvarfsins.

Brotapoli kvaðst samþykkt því að ákærði sætti nálgunarbanni gagnvart henni og brottvísun af heimili en vildi ekki að slíkt úrræði tæki einnig til barna þeirra þar sem hún óttaðist viðbrögð ákærða við slíku.

Þótt ekki skipti máli fyrir sakarefni samkvæmt ákæru þykir rétt að nefna að M sviðsstjóri hjá [...] fékk í lok skýrslugjafar brotþola að spyrja hana um kynlíf hennar og ákærða og hversu oft hann hafi þröngvað henni til samræðis án yfirlýsts vilja hennar. Eru slík vinnubrögð lögreglu ámælisverð.

7.

Ákærði var yfirheyrður að kvöldi 8. mars eftir dvöl í fangageymslu. Hann kvað þau hafa verið á árshátíð [...] kvöldið áður, skemmt sér vel og hann neytt áfengis í hófi, þau síðan farið í eftirpartý, drukkið meira og haft gaman og haldið heim eftir miðnætti. Er þangað kom hafi þau hitað pítsu, byrjað að þræta um eitthvað í eldhúsinu, brotþoli þá skyndilega þrifið appelsínugulan hníf úr hnífastandi og sagst ætla að drepa ákærða. Hann hafi þurft að taka á öllu sínu til að snúa hnífinn úr hendi hennar og hnífurinn líklega endað á eldhúsborði eða í vaski. Eftir þetta hafi brotþoli farið í farsíma sinn og hringt í lögreglu, ákærði spurt hvað hún væri að gera, tekið símann af henni og skellt á, þau síðan sest í stofunni og verið þar þegar lögregla knúði dyra. Ákærði kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa þegar atvik gerðust og nefndi ölvunarstig 5-6 á skalanum 1-10. Hann kvað þetta í þriðja sinn á skömmum tíma sem hann hefði þurft að taka hníf af brotþola.

Ákærði kvaðst ekki muna um hvað þau rifust í þetta skipti, en brotþoli hafi ógnað honum með hnífnum og beint honum að hjartastað. Ákærði kvaðst ekki vita hvort hann eða brotþoli hafi hlotið af þessu áverka. Í framhaldi var honum bent á að hann bæri áverka á bringu, baki, handleggjum og enni og kvaðst í kjölfarið halda að hann hafi hlotið þá áverka um nóttina. Aðspurður hvort eitthvað annað hafi gerst um nóttina kvað ákærði svo ekki vera. Honum var þá kynnt frásögn brotþola um að annar hnífur hafi komið við sögu í eldhúsinu, sagðist hvorki muna eftir því né að brotþoli hafi ógnað honum með öðrum hnífi og ekkert vita um slíkt atvik. Þegar ákærða var kynnt frásögn brotþola um að ákærði hefði dregið upp hníf fór hann að hlæja og sagði þetta uppspuna, enda væri hún mikilvægasta manneskjan í lífi hans og því myndi hann aldrei ógna henni með hnífi. Ákærða var kynnt frásögn brotþola um að skæri hafi einnig komið við sögu í eldhúsinu og sagði hann það vera lygi. Hann kvaðst ekki vita hvort ísskápurinn hafi skemmst um nóttina og ekki minnst þess að glerskál hafi brotnað í eldhúsinu. Eina sem hann muni sé að hann hafi reynt að koma í veg fyrir að fá hníf í hjartað. Þá var ákærða kynnt frásögn brotþola um að hann hefði tekið um háls hennar um nóttina og kvað hann þetta rangt. Ákærði kvaðst ekki vita hvort eða hvernig brotþoli hafi skorist á fingri en kannski hafi hún skorið sig á umræddri glerskál. Hann hafi ekkert gert á hlut brotþola. Í framhaldi kvaðst ákærði hvorki hafa hótad brotþola né fjölskyldumeðlimum hennar um nóttina. Hins vegar stæði hann í deilum við D frænda brotþola, sem leigði hjá þeim neðri hæð hússins og ákærði teldi hafa misnotað C kynferðislega. Það mál hafi ákærði tilkynnt til barnaverndar.

Aðspurður um fyrri uppákomur í sambandi ákærða og brotþola kvaðst ákærði aldrei hafa beitt brotþola líkamlegu ofbeldi, en í júlí 2019 hafi hann verið ásakaður um andlegt ofbeldi, barnaverndarfulltrúi sagt brotþola að koma sér í burtu með börnin, hún farið í Kvennaathvarfið og ákærði í tengslum við það mál hótad fulltrúanum lífláti. Ákærði kvað brotþola hafa farið tvisvar í Kvennaathvarfið; í seinna skiptið vegna þess að ákærði neitaði að greiða fyrir hana Londonferð af því að þau áttu ekki peninga.

Ákærði var spurður hvort komið hafi til ryskinga milli hans og brotþola í bifreið og sagði það hafa komið fyrir í einhver skipti að þau rifust í bifreið og hann í pirringi slegið í mælaborð eða eitthvað. Ekki væri langt síðan þetta hafi síðast gerst.

Ákærða var kynnt frásögn brotþola um að börn þeirra hafi orðið vitni að ofbeldi hans í hennar garð 22. febrúar 2020 og sagði hann það vera lygi. Í framhaldi var honum kynnt sú frásögn brotþola að þann dag hafi hann orðið gríðarlega afbrýðisamur, byrjað að yfirheyra brotþola, í framhaldi tekið hana hálstaki og þrenget að hálsi hennar með belti og síðan hrint henni í gólfið. Ákærði kannaðist við að hafa

orðið afbrýðisamur greint sinn, sagði rangt að hann hafi snert háls brotaþola, en rétt væri að hún hafi dottið í gólfið. Það hafi hins vegar verið slys og gerst í tengslum við rifrildi og pústra þeirra í milli.

Í lok skýrslutöku var ákærða kynnt að lögreglustjóri hefði ákveðið að hann sætti nálgunarbanni og brottvísun af heimili til 5. apríl 2020 og var sú ákvörðun honum birt.

8.

Brotapoli gaf lögregluskýrslu 7. apríl 2020 vegna kæru á hendur ákærða fyrir að fara í óleyfi inn á samfélagsmiðla hennar og tiltók í því sambandi Facebook, Instagram og tölvupóst. Hún kvaðst ekki vita hvernig ákærði gerði þetta því hún hafi breytt öllum lykilorðum eftir að hún fór í Kvennaathvarfið, bæði í júlí og desember 2019. Frá því í júlí hafi ákærði engu að síður haft fullt af upplýsingum sem hún kynni enga skýringu á, s.s. upptöku í farsíma hennar af miðilsfundi 29. júlí og tölvupóst um atvinnuviðtal hjá [...] 1. október. Þá hafi ákærði yfirheyrt hana um samtöl sem hún átti á Instagram og Facebook og sýnt henni skjáskot af samtölum við D frænda hennar og fleiri. Brotapoli kvaðst í þessu sambandi hafa farið inn á „device“ í iPhone farsíma sínum í október-nóvember 2019, séð að Samsung farsími væri tengdur inn á Facebook aðganginn hennar og tekið skjáskot af því. Brotapoli greindi einnig frá manni sem hafi verið að senda henni skilaboð á Instagram í lok október og hann svo skyndilega horfið út af Instagram og öllu hjá henni. Ákærði hafi sagt henni að hann hefði hótad þessum manni og skipað honum að eyða brotaþola út af öllum sínum miðlum. Jafnframt hafi ákærði sýnt henni skjáskot af samskiptum hennar og mannsins í Samsung farsíma sínum. Þess utan hafi ákærði vitnað í samtöl brotaþola á Instagram við tvo stráka, ákærði nafngreint þá og spurt hvort hún vildi ekki hitta þá. Brotapoli gat einnig um Facebook samskipti sín við I í desember 2019, sem ákærði hafi sýnt henni skjáskot af.

Aðspurð kvað brotaþoli ákærða hafa haft heimild til að fara inn á samfélagsmiðla hennar þegar þau voru saman og hann þá kunnað öll lykilorðin hennar. Þau hafi svo hætt saman 17. júlí 2019 og hún þá breytt öllum lykilorðum til að fyrirbyggja aðgang ákærða að hennar samfélagssvæðum. Brotapoli kvaðst síðast vita með vissu að ákærði fór inn á hennar miðla í desember 2019 á meðan hún dvaldi í Kvennaathvarfinu. Eftir það væri hún sífellt að skipta um lykilorð á öllum miðlum.

9.

Brotapoli gaf þrjár lögregluskýrslur 13. maí 2020. Verður fjallað um þær í sömu röð og þær voru gefnar og dregið saman það helsta sem fram kom.

9.1.

Við fyrstu skýrslugjöfina voru brotaþola sýnd útprentuð skjáskot af Facebook Messenger reikningi hennar, m.a. samskipti hennar og ákærða 17. júlí og skjáskot af boðunarbréfi H hjá barnavernd [...]. Brotapoli staðfesti öll samskiptin fyrir sitt leyti.

Meðal ummæla ákærða er að hann muni drepa „hana“ ef hún ónáði þau frekar, meiða „konuna“ og kyrkja G lækni „til dauða næstun“. Þá má lesa skilaboðin „Þu skemmdir heimils astandið með stanslausum framhja holdum og fara a bakvið mig að [...] hórast“. Brotapoli reynir í svörum sínum að róa ákærða, segja honum þau þurfti utanaðkomandi hjálp og verði að laga samband sitt því ákærði verði svo snöggreiður, brjóti þá allt, skelli hurðum og kalli hana ljótum nöfnum fyrir framan börnin. Því svarar ákærði: „EKKKI FOKKING SEGJA MER HVSD EÐ ÞARF. EÐ MUN MURKA HANA OG LÆKNIRIN... VORU EKKI AÐ SPA Í ÞVI ÞEGAR ÞAÐ VAR VERIÐ QÐ BERJA MIG SUNDUR OG SAMAN Í ÆSKU. EÐ SVER ÞAÐ EÐ MUN SLATRA ÞEIM“.

Textasamskipti halda áfram og að kvöldi 17. júlí spyr ákærði „Sagðiru læknum ekki frá hóru ferlinum?“ Í framhaldi sendir ákærði mynd af exi og skrifar í kjölfarið „segir mer ekki að eg se alki Eigi við vandamal að stríða Eða þurfi hjálp fra eh folki Annars fer exinn í hofuðið a ollum“. Í framhaldi skrifar ákærði „dansa við negra a ballinu Horfði a það Haltu bara kjafti Hef ekkert við lækna vælara að segja“.

Brotapoli staðfesti einnig fyrir sitt leyti Facebook samskipti hennar og ákærða fyrstu dagana í ágúst 2019 en þá skrifar ákærði m.a. „Svaraðir ekki i 17 daga“ „Laus við ofbeldismanninn“ „Ekki segja mér ég se ofbeldismaður. Þú hefur stjórnað mér í mörg ár. Og stjórnaðir mér í því að ofvernda þig með frammhjáholdum. Stjórnar mér ennþá.“ Seinna skrifar ákærði „annað hvort ertu alveg týnd eða einhver illa innrættasta manneskja sem er til. Ert ekki A þessa dagana.“ Brotapoli spyr hvort ákærði meini að hún sé ekki lengur eins og hann vilji hafa hana, þ.e. kúgaða. Seinna segist brotaþoli ekki vilja hafa ákærða á

heimili þeirra og vilji minnka samskipti þeirra og skrifar þá ákærði „ef ég vil sofa þar sem ég á eignarhlut. Kem ég ef mig langar. Skrifaði ekki undir neinn samning. Er ekki að fara að koma núna samt. Yfirtek þá bara neðri hæðina. Ekkert sem getur bannað mér það ekki rétt?“

Brotapola voru sýndar ljósmyndir sem teknar voru dagana 22.-24. febrúar 2020 og eiga að sýna áverka sem hún hlaut af völdum ákærða 22. þess mánaðar. Hún kvaðst hafa tekið þessar myndir á farsíma sinn og sýni þær marbletti á upphandleggjum hennar af völdum ákærða.

Brotapola voru sýnd Instant Message samskipti hennar og N í kjölfar handtöku ákærða 8. mars 2020. Hún kvað N vera móður bestu vinkonu sinnar, O, brotapoli leitað til N eftir atvik næturinnar og fengið að gista hjá henni og væri þar enn. Brotapoli staðfesti einnig Instant Message samskipti sín og O, m.a. dagana 7.-8. ágúst 2019, 8.-9. desember 2019 og 2. janúar og 16. febrúar 2020. Í ágúst ræði þær um að ákærði geti lesið Messenger skilaboð brotapola og segir brotapoli við O að ákærði hafi m.a. sent skjáskot af samtali vinkvennanna tveggja. Þann 8. desember leiti brotapoli til O og biðji hana að hringja í Kvænnaathvarfið og kanna hvort þar sé laust með tvö börn daginn eftir. Ákærði hafi verið brjáláður á þeim tíma vegna Londonferðar brotapola og hótað að rífa úr henni tennur og drepa fjölskyldu hennar. Í janúar og febrúar segi brotapoli O að ákærði sé enn að hakka sig inn á samfélagsmiðla hennar og og leitar ráða hjá vinkonu sinni.

Brotapola voru sýnd skjáskot úr farsíma hennar af skilaboðum milli hennar og ákærða dagana 7.-8. ágúst 2019 þegar brotapola grunaði að ákærði færi í óleyfi inn á hennar samfélagsmiðla og staðfesti brotapoli samskiptin fyrir sitt leyti. Þar spyr hún ákærða 7. ágúst hvort hann hafi hakkað sig inn á Facebook síðu hennar og svarar hann því neitandi, bætir við „Plús þá ertu inná mínu facebooki“ og kveðst síðan ekki vita hvernig samtal hafi eyðst. Sama dag áréttar ákærði að hann hafi ekki hakkað sig inn á Facebook reikning brotapola og segir hana hafa breytt um lykilorð, en hann hafi allan tímann vitað hvar hún væri og geti alltaf séð það. Brotapoli hafi verið inni á hans og hann fyrst að breyta lykilorðum sínum þennan dag. Þann 8. ágúst spyr brotapoli „afhverju varstu inna facebookinu mínu?“ og fær til baka „Afhverju varstu inná mínu?“ Brotapoli neitaði því og fékk á móti „Eg er með allar staðsetningar þinar síðan þu forst því þu varst inna mínu og get synt þer það“.

9.2.

Önnur skýrslugjöfin snerist um meinta atburði 6. júlí 2015, sem fjallað er um í kafla IV.-1. dómsins og vísast til þeirrar umfjöllunar. Við síðustu skýrslugjöfina voru brotapola sýndir útprentaðir tölvupóstar hennar og tölvupóstsamskipti við ákærða, sem hún taldi sanna að ákærði hafi komist í óleyfi inn á samfélagsmiðla hennar og brotist inn í gagnagrunn farsíma hennar.

10.

Ákærði gaf fjórar lögregluskýrslur 8. júní 2020. Verður fjallað um þær í sömu röð og þær voru gefnar og dregið saman það helsta sem fram kom.

10.1.

Við fyrstu skýrslugjöfina var borinn undir ákærða framburður brotapola um samskipti við I á árshátíð [...] 7. mars 2020, ákærði spurður hvort hann hafi rifjað það atvik upp á heimili hans og brotapola aðfaranótt 8. mars og minnst á að I og D frændi brotapola þyrftu að deyja. Ákærði kvað þetta rangt, en kannaðist við samskipti við I á árshátíðinni. Hann kvað einnig rangt að hann hafi kýlt í baðker, sett enni sitt að enni brotapola, tekið hana hálstaki eða togað í hendur hennar umrædda nótt. Eina sem hann gerði var að taka um hendur brotapola til að ná hnífi úr hendi hennar. Ekkert hafi gerst þeirra í milli fyrr en brotapoli tók upp þann hníf í eldhúsinu, hann á engum tímapunkti tekið upp hníf eða skæri, ekki brotið glerskál og engu hótað um nóttina.

Ákærða var kynntur framburður brotapola um að hann hafi oft gripið um háls hennar meðan á sambúð þeirra stóð og oft ógnað henni með hnífi. Hann sagði þetta ósatt og kvaðst aldrei myndu koma þannig fram við brotapola. Ákærði kannaðist hins vegar við að hafa í einhver skipti valdið eignaspjöllum á heimili þeirra, en það verið óvart og ávallt gert í reiðiköstum. Hann hafi lengi glímt við reiðistjórnunarvanda en væri að vinna úr því. Ákærði kvað rangt að hann hafi nokkru sinni hótað brotapola á sambúðartímanum. Þannig væri rangt að hann hafi hótað að rífa tennur úr brotapola í desember 2019. Í framhaldi kvað ákærði rangt að hann hafi snúið upp á fingur brotapola, veist að henni í bifreið 20. febrúar

2020 eða brotið gegn henni á heimili þeirra 22. febrúar 2020. Brotapoli hafi vissulega verið með marbletti á upphandleggjum eftir þann dag, hún hlotið þá við líkamsræktaræfingar með ketilbjöllu og væri nú að reyna að koma sök á ákærða.

Ákærða voru sýnt fjölmörg textaskilaboð milli hans og brotþola á Facebook Messenger sem lögregla hafði aflað með rannsókn á farsíma brotþola. Ákærði kvað brotþola m.a. hafa vænt hann um andlegt ofbeldi í þeirra sambandi, ákærði ekki vitað hvað það væri og því kynnt sér málið á heimasíðu Kvænnaathvarfsins. Eftir þann lestur taldi hann merkingu orðanna geta tekið til ýmissa þátta í framkomu beggja í garð hvors annars. Þannig hafi þau farið inn á samfélagsmiðla hvors annars, verið að hnýsast þar og síðan yfirheyra hvort annað, s.s. „hvað varst þú að gera þarna klukkan tvö eða eitthvað svoleiðis“.

10.2.

Önnur skýrslugjöfin snerist um meinta atburði 6. júlí 2015, sem fjallað er um í kafla IV.-2. dómsins og vísast til þeirrar umfjöllunar.

10.3.

Við þriðju skýrslugjöfina var borinn undir ákærða tölvupóstur hans til P lögreglumanns 26. ágúst 2019, sem frá greinir í kafla V.-2. dómsins. Hann staðfesti að hafa sent umræddan póst, í honum rakið „sögu“ sína og sett hana á blað til að einfalda skýrslugjöf þann dag. Ákærða voru einnig sýnd útprentuð skjáskot úr farsíma brotþola með svipuðum texta (dómskjal 1, bls. 394-402). Hann staðfesti ritun þess texta og gerði grein fyrir nánar tilteknum ummælum í tilgreindum gögnum.

10.4.

Við fjórðu og síðustu skýrslugjöfina var ákærði spurður hvort hann hafi farið í óleyfi inn á samfélagsmiðla brotþola. Ákærði spurði á móti, hvað væri „í óleyfi“ ef hann kynni öll aðgangsorð hennar. Hann kvaðst í framhaldi ekki hafa vitað betur á þeim tíma en að Facebook reikningur hennar hafi einnig verið Facebook reikningur hans, enda hafi hann stofnað reikninginn á sínum tíma, á árinu 2008. Ákærða var sagt að þetta væri í sjálfu sér rétt en síðan hafi brotþoli tekið reikninginn yfir til sín og búið til sitt eigið lykilorð. Ákærði svaraði því til að hann hafi búið til sitt Facebook 2014 en eigi Facebook reikninginn sem brotþoli noti í dag. Ákærða var kynntur sá framburður brotþola að þau hafi haft sameiginlegan aðgang að samfélagsmiðlum, farsímum og tölvupóstum hvors annars meðan á sambúð stóð, en það hafi breyst eftir að hún fór í Kvænnaathvarfið í júlí 2019. Ákærði svaraði því til að hann hafi ekki vitað að þau væri hætt saman fyrr en á fundi barnaverndar [...] 1. ágúst það ár. Hann greindi og frá því að þótt brotþoli hafi skipt um lykilorð á þessum tíma hafi sá galli verið á gamla Facebook kerfinu að hann gat áfram farið inn á Facebook hjá henni gegnum farsímamann sinn og sá aðgangur ekki lokast þrátt fyrir breytt lykilorð hennar. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að brotþoli hafi beðið hann að hætta að fylgjast með henni gegnum hennar miðla og sagðist síðast hafa skoðað reikning hennar í desember 2019 eða janúar 2020. Fyrir þann tíma hafi hann verið búinn að finna gamlan iPhone síma brotþola í fataskáp og sá sími gert ákærða kleift að komast inn í „allt“. Með þeim síma hafi hann einnig komist inn á Instagram reikning brotþola og getað lesið tölvupósta hennar, enda opið fyrir „log-in“ á alla reikninga í símanum. Hann kvaðst hafa verið heppinn að finna þessa leið inn á samfélagsmiðla brotþola, notfært sér það og skoðað „allt“ sem hann vildi í samskiptum hennar á Facebook, Instagram og í tölvupóstum hennar. Ákærði gekkst einnig við því að hafa eytt samtalskrá á Facebook milli hans og brotþola.

11.

Brotþoli gaf þrjár lögregluskýrslur 8. júní 2020. Fyrsta skýrslugjöfin snerist um meinta atburði 6. júlí 2015, sem fjallað er um í kafla IV.-1. dómsins og vísast til þeirrar umfjöllunar. Við aðra skýrslugjöfina var brotþola sýnd „saga“ ákærða á dómskjali 1, bls. 394-402 og sagði þetta skjal sem ákærði hafi beðið R vinkonu brotþola að koma til hennar þegar hún dvaldi í Kvænnaathvarfinu. Við þriðju og síðustu skýrslugjöfina var enn farið yfir samskipti brotþola og ákærða á Facebook og öðrum samfélagsmiðlum og kom ekkert nýtt fram sem þýðingu getur haft fyrir málsúrslit.

12.

Við skýrslugjöf ákærða og brotþola hjá lögreglu komu upp nöfn vitna sem gætu varpað ljósi á einstök atvik máls. Meðal þeirra eru I, O, N, R og D frændi brotþola; brotþoli samkvæmt ákærulið D. Verður nú vikið að vitnisburði þeirra að því marki sem þýðingu getur haft fyrir málsúrslit.

12.1.

I bar við skýrslugjöf 18. maí 2020 að hún hafi verið á árs hátíð [...] 7. mars sama ár, séð ákærða og brotaþola koma að því borði sem hún sat við, ákærði sest við borðið, í þá sagst ekki sitja til borðs með manni sem hefði skömmu áður ráðist á D æskuvin hennar (ákæruliður D.) og hún því fært sig á annað borð. Í kvaðst ekki þekkja ákærða og þekkja mjög lítið til brotaþola, en D hafi sagt henni frá því að ákærði hafi veist að brotaþola með hnífi og þvingað hana til kynlífsathafna.

12.2.

O bar við skýrslugjöf 20. maí 2020 að hún og brotaþoli væru trúnaðarvinkonur og hafi verið það frá því í grunnskóla. Samskipti þeirra hafi þó minnkað undanfarið þar sem O væri á „bannlista“ ákærða. Hún kvaðst fyrst hafa heyrt af því haustið 2019 að brotaþoli vildi hætta með ákærða en hann ekki viljað hætta með henni og því risið ákveðin pattstaða. Brotaþoli byggi nú hjá N móður vitnisins ásamt börnunum tveimur, þótt hún ætti með réttu að búa á heimili sínu að [...]. O staðfesti að hún og brotaþoli hafi verið í samskiptum vegna áhyggna af því að ákærði kæmist ólöglega inn á samfélagsmiðla brotaþola. Hún kvaðst vita um mörg tilvik ofbeldis af hálfu ákærða, hafa þær upplýsingar frá brotaþola og tiltók í því sambandi m.a. Londonferð í desember 2019, atvik að [...] þann 22. febrúar 2020 og aftur 8. mars 2020 og hótanir ákærða í garð barnaverndarfulltrúa 17. júlí 2019.

12.3.

N bar við skýrslugjöf sama dag að brotaþoli og O dóttir vitnisins væru æskuvinkonur en N fyrst kynnst brotaþola í raun eftir dvöl brotaþola í Kvennaathvarfinu í júlí 2019. Frá þeim tíma hafi brotaþoli oft leitað til N varðandi ráðgjöf í erfiðu sambandi við ákærða, m.a. um uppgjör vegna sambúðarslita og skipti á fasteign þeirra og öðrum eignum. Þá hafi brotaþoli leitað til hennar aðfaranótt 8. mars 2020 og N skotið skjólshúsi yfir hana og börnin eftir handtöku ákærða sömu nótt. Brotaþoli og börnin gisti enn hjá N en færu að [...] á daginn og komi svo aftur um kvöldmatarleyti.

12.4.

R bar við skýrslugjöf 12. júní 2020 að brotaþoli hafi flutt til [...] 2008, þær verið saman í bekk, strax orðið bestu vinkonur og væru það enn í dag. Hún kvaðst lítið hafa vitað um samband brotaþola og ákærða þar til allt sprakk í loft upp í mars 2020, en eftir það hafa lagt saman tvo og tvo og áttað sig á þeirri stjórnun sem ákærði hefði haft í sambandinu. Brotaþoli hafi og sagt frá ofbeldi í sambandinu og nefndi vitnið m.a. ferð þeirra vinkvenna til London í desember 2019, en þegar þær voru komnar þangað hafi brotaþoli sagt að ákærði hefði sturlast út af ferðinni, kallað hana hóruferð, ekki viljað að brotaþoli væri í sambandi við vitnið og R verið sett á „bannlista“ ákærða. Brotaþoli hafi almennt ekki sagt frá líkamlegu ofbeldi í smáatriðum en vitnið þó vitað að slíkt hefði viðgengist, ákærði hóttað brotaþola í einhver skipti og andlegt ofbeldi átt sér stað strax frá því þau byrjuðu saman sumarið 2008.

12.5.

D frændi brotaþola bar við skýrslugjöf 18. júní 2020 að hann hafi flutt inn á neðri hússins að [...] í maí 2019 og búið þar fram í ágúst-september sama ár. Ákærði hafi drukkið mikið á þessum tíma, gjarnan komið niður til D og þeir þá drukkið saman. Að sögn D sprakk allt í júlí 2019 þegar ákærði var að koma úr veiðiferð, brotaþoli fór í Kvennaathvarfið og ákærði kenndi D og fleirum um. Brotaþoli hafi fyrst farið til systur D í [...] og gist þar eina nótt, ákærði komið þangað ölvaður um nóttina, J faðir D verið á staðnum, náð að róa ákærða á um 20 mínútum og ákærði farið á brott. Eftir þetta hafi D farið með brotaþola í sumarbústað og hún farið þaðan í Kvennaathvarfið. Fram kom í máli D að hann hafi í einhver skipti heyrt ákærða öskra á brotaþola. Hún hafi á þessum tíma verið orðin dofin og samdauna ástandinu. Eftir sambandsslitin við ákærða væri líðan brotaþola mun betri. D kvaðst aldrei hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi ákærða gegn brotaþola en eftir að þau hættu saman hafi brotaþoli greint D frá slíku, m.a. atburðum á heimili þeirra 8. mars 2020.

13.

Eins og rakið er í kafla II.-2. dómsins var það fyrir tilstuðlan G heilsugæslulæknis að málefni ákærða og brotaþola bárust til barnaverndar [...]. Í þágu rannsóknar málsins óskaði lögregla eftir nánari upplýsingum frá læknum og fékk afrit úr sjúkraská brotaþola tímabilið 5. júní 2019 til 24. febrúar 2020. Segir þar um komu brotaþola til G 5. júní að hún hafi verið mjög kvíðin og þunglynd og verið send til

læknis af vinum sínum sem fyndist hún eitthvað undarleg. Í ljós kom mikil áfallasaga; brotþoli hafi bæði misst foreldra sína í veikindum 2016 og 2018, misst vinnu sem [...] hjá [...], ætti maka sem hafi beitt hana miklu líkamlegu og andlegu ofbeldi í upphafi sambands og eigi með honum tvö börn. Hún kvaðst ekki vera með sjálfsvígshugsanir en hafa áformað sjálfsvíg í mars 2019 eftir að sambýlismaður hafi í afbrýðiskasti gengið berserksgang í hjónaherbergi. G greindi brotþola þann dag með þunglyndi og í alvarlegri geðlægdarlotu án geðrofseinkenna. Læknirinn tjáði brotþola að honum bæri skylda til að tilkynna meint heimilisofbeldi til barnaverndaryfirvalda. Í viðtali 7. júní 2019 greindi brotþoli frá því að betur gengi og að hún stefndi að því að komast í starfsendurhæfingu hjá VIRK. Þann 13. júní fékk læknirinn staðfesti í símtali við barnavernd að brotþoli hefði fengið tíma hjá félagsráðgjafa og búið væri að sækja um hjá [...]. Læknirinn ræddi næst við brotþola 9. júlí og lét hún þá miklu betur af sér; hún byrjuð hjá [...] „sambandið við karlinn gott“, hún fyndi loksins mun á sér „á lyfjunum“ og væri byrjuð í [...]. Brotþoli mætti í viðtal 7. október 2019, lýsti þakklæti fyrir barnaverndartilkynninguna, sagði sambýlismanninn hafa flutt út af heimili þeirra 17. júlí og viðurkenndi fyrir sjálfri sér að hún hafi verið í ofbeldissambandi. Síðasta færslan er frá 24. febrúar 2020 og kemur þar ekkert nýtt fram annað en að brotþoli sé hjá sálfræðingi og í starfsendurhæfingu hjá VIRK.

14.

Þann 16. apríl 2020 óskaði lögregla eftir greinargerð S sálfræðings sem var með brotþola í sálfræðiviðtölum frá október 2019 til mars 2020. Í greinargerð sálfræðingsins 27. apríl 2020 segir að brotþoli hafi sótt átta viðtöl á þessu tímabili og greint frá miklu andlegu ofbeldi af hálfu ákærða allt frá því að brotþoli var 13 ára og þau hófu sitt samband. Þá hafi hún greint frá miklu líkamlegu ofbeldi, sem hafi viðgengist á tímabili, minnkað verulega eftir að þau eignuðust sitt fyrsta barn í janúar 2015 og það haldist í um þrjú ár. Ákærði hafi svo hótad brotþola lífláti 17. júlí 2019 og hún í kjölfarið leitað í Kvænnaathvarfið með börn þeirra tvö. Eftir þetta hafi brotþoli reynt að binda endi á samband þeirra en ákærði verið á annarri skoðun og ekki viljað fara af heimilinu. Þann 9. desember 2019 hafi brotþoli farið öðru sinni í Kvænnaathvarfið, þá eftir líkamsárás á heimili þeirra og 8. mars 2020 hafi hún farið út af heimilinu með börnin eftir framferði ákærða nóttina á undan. Eftir það liði brotþola mun betur og fyndi einnig mikinn mun á líðan og hegðun barnanna. S mat frásögn brotþola stöðuga og trúverðuga og taldi brotþola búa við mikil áfallastreitueinkenni og alvarleg einkenni kvíða og þunglyndis eftir langvarandi ofbeldissamband.

15.

Þann 25. maí 2020 óskaði lögregla eftir greinargerð T félagsráðgjafa sem sinnti tilsjón inn á heimili ákærða og brotþola á tímabilinu 3. október til 1. nóvember 2019 og veitti brotþola stuðningsviðtöl. Í greinargerð félagsráðgjafans 1. júní 2020 segir að hún hafi tekið umrætt verkefni að sér að beiðni H hjá barnavernd [...] og ástæðan verið margra ára andlegt og líkamlegt ofbeldi sem brotþoli hafi þurft að þola af hálfu ákærða. T hafi farið í átta vitjanir inn á heimilið og átt fimm viðtöl við brotþola. Í fyrstu vitjun/viðtali 3. október hafi brotþoli greint frá afbrýðisemi ákærða frá upphafi sambands þeirra, hann fljótlega farið að beita ofbeldi og m.a. tekið brotþola kverkataki, borið skæri að hálsi hennar, snúið upp á handleggji hennar og hrint henni á hurð. Brotþoli hafi engum sagt frá þessu, dregið sig í hlé, orðið óvirk og lokað á vini sína. Umræddan dag hafi brotþoli sagst vera ákveðin í að slíta sambandinu. Í vitjun/viðtali 7. október hafi brotþoli efast um að hún megnaði að slíta sambandinu þótt hún vildi alls ekki vera lengur með ákærða. Hann beiti hana ýmist hótunum eða höfði til samvisku hennar og hefði tilkynnt að hann flytti aftur inn þennan dag. Þegar T fór í vitjun 10. október var ákærði fluttur inn og brotþoli ekki heima. Í vitjun/viðtali 14. október kvaðst brotþoli vera mjög ósátt við að vera enn í sambúð með ákærða, þyrfti að telja í sig kjark og ætlaði sér að slíta sambúðinni eigi síðar en 1. nóvember. Í vitjun/viðtali 18. október kom fram að sambúðin gengi betur, ákærði tekið sig á gagnvart brotþola og börnunum og væru samskiptin af „praktískum“ toga. Í síðustu vitjun/viðtali 1. nóvember gafst vart tækifæri til að ræða við brotþola vegna nærveru ákærða á heimilinu. Í lok heimsóknar tilkynnti T að hennar starfi væri lokið. Er þetta skýrt í niðurlagi greinargerðar, en þar segir að T hafi talið svo marga fagaðila komna að málefnum fjölskyldunnar að ekki væri lengur þörf fyrir aðstoð hennar. Fram kemur í álitu félagsráðgjafans að hún upplifi brotþola sem tilfinningalega flata og í afneitun um það spennuþrungna ástand sem væri á heimilinu

og setti mark á börnin. T mat brotaþola í hættu sem hún þyrði ekki að koma sér út úr, væri komin með mjög brenglaða sýn á sambandið við ákærða, reyndi að sannfæra sig um „praktískt“ ágæti þess að búa með honum á sama tíma og hún tipli á tánnum í kringum hann og sé stöðugt hrædd.

16.

Þann 27. apríl 2020 óskaði lögregla eftir greinargerð barnaverndaryfirvalda vegna aðkomu að málefnum ákærða og brotaþola. Liggur fyrir í því sambandi 35 blaðsíðna greinargerð H félagsráðgjafa og M sviðsstjóra félagsþjónustu [...] 29. apríl 2020. Verður eftir atvikum vikið að greinargerð þessari í niðurstöðum dómsins.

VI. - Framburður ákærða, brotaþola og annarra fyrir dómi.

Ákærði og brotaþoli komu fyrir dóm við upphaf aðalmeðferðar 27. apríl sl., tjáðu sig með ólíkum hætti um samband þeirra almennt og greindi verulega á um einstök sakaratriði og sakarefni máls í heild samkvæmt A.- og B.-kafla ákæru. Verður fyrst vikið að því sem þau höfðu almennt að segja um sambandið (VI.-1 til VI.-2.), því næst reynt að tengja nánari framburð þeirra við lýst sakarefni (VI.-3. til VI.-4.) og í kjölfarið greint frá framburði annarra sem komu fyrir dóm dagana 27.-28. apríl (VI.-5. til VI.-16).

1.

Ákærði kvað samband sitt og brotaþola hafa verið ósköp venjulegt samband, það verið erfitt á köflum eins og gjarnan sé í löngum samböndum, brotaþoli á endanum viljað slíta því og gert það. Hann kvaðst á sambandstímanum hafa glímt við smávægilegan reiðistjórnunarvanda og það eflaust bitnað á brotaþola, án þess að ákærði gæti lýst því nánar. Hann kvaðst aldrei hafa beitt brotaþola líkamlegu eða andlegu ofbeldi meðan á sambandinu stóð, aldrei ógnað eða hóttað henni, aldrei stjórnað eða reynt að stjórna henni og/eða bannað henni að hitta einn eða neinn. Ákærða kvaðst ráma í eitt skipti þegar þau voru bara krakkar, ýttu hvort við öðru á heimili foreldra brotaþola og hún datt óvart á útidyrhurð. Ákærði sagði brotaþola hafa kunnað að „triggeira“ skap hans og nefndi í því sambandi eitt skipti þegar hún útbjó fiskrétt með sveppum í, vitandi að hann borðaði ekki sveppi. Ákærði hafi pirrast við þetta, ýtt matardiski sínum frá, diskurinn rekist óvart í matarskálina, allt dottið á gólflið og brotnað. Borinn var undir ákærða tölvupóstur hans sem frá greinir í kafla V.-2. dómsins og hliðstæð skrif til brotaþola, sbr. kafla V.-10.3. Hann kannaðist við nefnd skrif og sagði textann frá sér kominn.

2.

Brotaþoli kvað samband hennar og ákærða hafa verið afar erfitt og stormasamt, hann frá upphafi verið reiðigjarn og mjög afbrýðisamur, en á köflum hafi sambandið líka verið mjög gott. Sambandið hafi einkennst af andlegu ofbeldi og einnig líkamlegu ofbeldi í fyrstu, en það hætt 2013-2014 og þegar hún var ófrísk af tveimur börnum þeirra. Andlega ofbeldið hafi byrjað strax og með mjög lúmskum hætti, s.s. athugasemdum við að brotaþoli klappaði á körfuboltaleikjum, afbrýðisemi út í aðra stráka og fýlustjórnun. Þá hafi brotaþola fundist sem hún þyrfti alltaf að leita til ákærða með hvað hún mætti gera og hvað ekki. Hann hafi þó ekki stjórnað því beint hverja hún hitti en verið ósáttur við að hún umgengist suma. Ákærði hafi frá upphafi átt við reiðivanda að stríða, verið með stuttan þráð og mjög fljótur upp ef svo bar við. Við þær kringumstæður hafi hann átt til að brjóta allt og bramla, þá hjaðnað reiðin og þau stundum hlegið að því eftir á hvað þetta gerðist hratt. Brotaþoli kvaðst hafa gert ákærða ljóst á árinu 2019 að hún vildi slíta sambandinu en átt erfitt um vik þar sem þau ráku saman fyrirtæki, áttu saman hús og börn og engin úrræði í boði fyrir hana, s.s. nálgunarbann. Sökum alls þessa hafi verið erfitt að losna úr sambandinu, þau búið áfram á sama heimili, þótt þau væru í sundur og hvort um sig að tala við aðra einstaklinga á stefnumótaforritum. Brotaþoli hafi ítrekað reynt að slíta sambandinu, ákærði aldrei virt vilja hennar og kvaðst hún halda að hún væri enn föst með ákærða ef ekki hefði komið til nálgunarbanns og brottvísunar af heimili í mars 2020. Brotaþoli kvaðst ekki vilja vera fórnarlamb í þessu máli og hefði mestar áhyggjur af áhrifum þess á börnin. Henni liði nú vel og sé hamingjusöm en óttist viðbrögð ákærða við skýrslugjöf hennar fyrir dómi. Hún kvaðst hrædd við að hefja nýtt samband og myndi ekki segja ákærða frá því þar sem hún óttist mjög viðbrögð hans.

3.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.II., sbr. og undirliðir 1.-6. Nánar aðspurður um 1. tölulið kvaðst ákærði hvorki minnst þess að hafa hótað að hringja inn sprengjuhótun í janúar 2018 né heldur að hafa sakað brotþola um að sofa hjá [...] í vinnuferðum. Hann gæti þó hafa minnst á síðargreint atriði, í einhverju rifrildi við brotþola, en langt væri um liðið og því myndi hann ekki eftir þessu. Borin var undir ákærða frásögn hans hjá lögreglu um sömu atvik 26. ágúst 2019 og kvaðst hann ekki muna eftir þessu.

Aðspurður um 2. tölulið kvaðst ákærði hvorki muna eftir Sjómannadagsballi 1. júní 2019 né heldur að hafa látið téð ummæli falla á ballinu.

Aðspurður um 3. tölulið kannaðist ákærði við að hafa sent umrædd skilaboð 17. júlí 2019, þó ekki til brotþola, auk þess sem hann teldi skilaboðin slitin úr samhengi. Í framhaldi kvaðst ákærði ekki hafa átt Facebook reikning á umræddum tíma og vissi því ekki hvort hann hafi sent skilaboðin. Ákærða voru sýnd útprentuð skjáskot af umræddum skilaboðum ásamt mynd af exi og kannaðist hann ekki við að hafa sent þau skilaboð.

Aðspurður um 4. tölulið kannaðist ákærði ekki við að hafa gert á hlut brotþola 9. desember 2019. Hann rámaði þó í að brotþoli hafi sagst ætla með vinkonu sinni til London, ákærða ekki fundist það gáfuleg hugmynd vegna bágrar fjárhagsstöðu þeirra og hann sagt brotþola þá skoðun sína. Hann þvertók fyrir að hafa hótað brotþola umrætt sinn, kvaðst ekki muna hvort hann hafi kallað þetta „hóruferð“, en myndi að brotþoli fór í framhaldi í Kvennaathvarfið. Þangað hafi hún leitað og gist eina nótt vegna orða ákærða um Londonferðina.

Aðspurður um 5. tölulið kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa hótað að drepa framtíðarmaka brotþola en kannski hafi slíkt komið upp í einhverju rifrildi þeirra í milli og þá án þess að nokkur meaning væri að baki.

Aðspurður um 6. tölulið, sbr. og ákærulið B.II., þvertók ákærði fyrir að hafa nokkru sinni ekið hratt með brotþola og börn þeirra um borð og hótað að drepa þau með akstrinum. Slíkt hafi aldrei gerst og gæti ákærði ekki svarað fyrir öndverða frásögn brotþola.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.III. og undirliðum 1.-6., kvaðst í því sambandi ekki hafa átt Facebook reikning í júlí og ágúst 2019 og fyrst hafa stofnað slíkan reikning í apríl 2021. Borin var undir ákærða frásögn hans hjá lögreglu um sömu atvik 8. júní 2020. Hann kvaðst hafa verið á geðhvarfalyfjum þann dag og í miður góðu standi við skýrslugjöf. Ákærða voru sýnd tilvitnuð skjáskot af Facebook Messenger og sagði hann lítið mál að falska svona skilaboð. Hann hafi ekki átt Facebook reikning fyrr en 2021 og því gætu skilaboðin ekki stafað frá honum.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.IV., sbr. og ákæruliður B.III. Hann kvaðst þó muna að einhvern tíma hafi englar brotnað í rifrildi hans og brotþola, hann verið reiður í það skipti, öskrað á brotþola og óvart kastað koddna eða púða í umrædda engla. Ákærði kvaðst ekki muna hvort börnin hafi verið viðstödd rifrildið.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.V., sbr. og ákæruliður B.III. og tók fram að meintir atburðir hafi ekkert gerst í sumarhúsi heldur í einbýlishúsi að [...] í [...], sem sonur J gæti hafa átt. Ákærði kvaðst hafa farið þangað aðfaranótt 18. júlí 2019 til viðræðna við brotþola og líklega til að fá hana og börnin heim, það leitt til rifrildis, J verið á staðnum og róað ákærða og ákærði við svo búið farið á brott. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hafi verið ölvaður greint sinn, sagðist ráma í að rætt hafi verið um afskipti lögreglu en það hafi ekki verið ástæðan fyrir því að hann fór af staðnum. Ákærði hafi svo farið á bæjarskrifstofuna í [...] að morgni 18. júlí og ætlað að biðjast afsökunar á líflátshótunum deginum áður, ekki fundið brotþola eða fulltrúa barnaverndar þar inni og ekki náð símasambandi við brotþola þrátt fyrir ótal tilraunir, hann því sest inn í bifreið sína fyrir utan og lögregla haft þar afskipti af honum. Ákærði kvaðst ekkert illt hafa haft í huga þennan dag, hann ætlað að bæta ástandið og biðjast afsökunar, en allt farið á verri veg og brotþoli farið með börnin í Kvennaathvarfið að ráði barnaverndar.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.VI., kvaðst ekki muna eftir þeim atvikum 20. febrúar 2020 sem þar væri lýst og sagði þau ekki hafa gerst, hvorki þann dag né annan.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.VII., sbr. og ákæruliður B.III., kvaðst ekki muna eftir þeim atvikum 22. febrúar 2020 sem þar væri lýst og sagði þau ekki hafa gerst, hvorki þann dag né annan.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.VIII. Hann kvaðst minnst þess að hafa verið handtekinn aðfaranótt 8. mars 2020 eftir að brotþoli hafði reynt að drepa hann með hnífi að [...]. Ákærði lýsti þessu nánar á þann veg að þau hafi verið að tala saman, brotþoli öskrað á hann, tekið upp hníf og hótad að drepa hann. Ákærði hafi ekkert gert af því sem sagt væri um hann í þessum ákærulið og gæti ekki svarað fyrir öndverða frásögn brotþola.

Ákærði neitaði sök samkvæmt ákærulið A.X. og kannaðist ekki við að hafa farið í óleyfi eða óþökk brotþola inn á samfélagsmiðla, tölvupóst og síma hennar á árinu 2019 og í janúar 2020. Hann kvað þau hafa verið í löngu parasambandi, í mörg ár verið með sömu aðgangsorð að öllum miðlum, deilt sama Facebook reikningi á þessum tíma, stundum farið í opnar tölvur hvort hjá öðru og þannig gæti ákærði hafa séð einhver samskipti brotþola við aðra. Þá kvaðst hann eitt sinn hafa verið einn heima og leiðst, þá farið í síma brotþola, hlýtt þar á hljóðupptökur og heyrt alls kyns viðbjóð. Ákærði gerði lítið úr því að hafa vitað hvar brotþoli var stödd á þessu tímabili og sagði þau hafa deilt staðsetningarbúnaði til að geta fylgst með ferðum hvors annars. Borin var undir ákærða sú frásögn hans hjá lögreglu 8. júní 2020 að hann hefði fundið gamlan farsíma brotþola og notað hann til að komast inn á samfélagsmiðla hennar. Ákærði kvað þetta rétt, kvaðst þannig hafa getað skoðað Facebook, Instagram og fleiri samskiptamiðla brotþola og sagði að ef þetta teldist brotlegt væri það „mjög gott brot“.

Loks neitaði ákærði sök samkvæmt ákærulið B.IV. og sagði tilgreint atvik aldrei hafa gerst.

4.

Brotþoli var fyrir dómi beðin að greina frá líkamlegu og andlegu ofbeldi, hótunum og ógnunum af hálfu ákærða á tímabilinu 2009 til 2020. Hún kvað þau oft hafa rifist vegna afbrýðisemi ákærða út af öðrum strákum og ákærði þá gjarnan tekið hana hálstaki og stundum ýtt við henni. Brotþoli tók sem dæmi atvik um jólin 2008-2009 þegar hún var á leið til Tælands með foreldrum sínum og ákærði veitti henni áverka á kinn, nefndi líka atvik, sem hún gat ekki staðsett í tíma, þegar ákærði sneri illa upp á fingur hennar, hún fór til læknis og laug því að hún hefði slasast í körfubolta. Þá hafi ákærði í eitt skipti, líklega um 2011 þegar hann bjó í [...], tekið hana hálstaki uppi í rúmi og hún verið við það að líða út af. Þau hafi einnig oft rifist á rúntinum, ákærði þá ekið glæfralega og í eitt skipti tekið upp hníf bak við heimili foreldra hennar. Brotþoli kvaðst ekki hafa tölu á því hve oft ákærði hafi tekið hana hálstaki, sagði það hafa gerst oftar en fimm sinnum og sjaldnar en tíu sinnum. Brotþoli bar að þegar þau voru að byrja saman hafi þau hætt saman um tvisvar í mánuði og ákærði þá hótad henni lífláti og líkamsmeiðingum, t.d. með glæfraakstri, ef þau byrjuðu ekki saman aftur. Undir lok sambúðartímans hafi hann einnig verið farinn að hóta D frænda hennar og öðrum fjölskyldumeðlimum. Þess utan hafi ákærði oft hótad því að ef brotþoli fyndi sér nýjan maka myndi hann drepa þann mann, sbr. ákæruliður A.II.5. Þær hótanir hafi ákærði viðhaft nógu oft til að brotþoli tryði því að honum væri alvara.

Brotþoli greindi frá því að hún hafi verið mjög langt niðri eftir fráfall föður síns [...] 2016 og fráfall móður [...] 2018 og ekki bætt úr skák þegar hún missti vinnu sína sem [...] hjá [...]. Að ráði vinkvenna hafi hún því leitað til læknis í júní 2019, sagt honum frá ofbeldi ákærða á árunum 2008-2012 og læknirinn sagt að honum væri skylt að tilkynna þetta til barnaverndaryfirvalda. Brotþoli hafi ekki sagt ákærða frá þessu, hann því ekki vitað um boðað viðtal hjá barnavernd 17. júlí 2019, hún farið á fund þann dag og sent ákærða skjáskot af boðunarbréfi H barnaverndarfulltrúa. Ákærði hafi á þeim tíma verið að koma úr veiðiferð, hann tjúllast við lestur bréfsins og trompast í símtali við H. Að hennar ráði hafi brotþoli farið heim eftir fundinn, pakkað niður dóti fyrir og börnin og farið í gistingu hjá vinkonu brotþola. Þar hafi brotþoli vaknað um miðja nótt við það að ákærði var kominn, blindfullur. Daginn eftir hafi brotþoli farið aftur til fundar við H á bæjarskrifstofunni í [...], ákærði komið þangað og verið tekinn af lögreglu, brotþoli eftir þetta farið í sumarbústað með D frænda sínum og O vinkona hennar í framhaldi hringt í Kvænnaathvarfið og fengið þar inni fyrir brotþola og börnin.

Brotþoli kvaðst hafa leitað öðru sinni í Kvænnaathvarfið 9. desember 2019 og þá í framhaldi af því að ákærði hefði hótad að rífa úr henni allar tennur af því hún ætlaði að fara með R vinkonu sinni til London, ákærði brjálást yfir því og kallað þetta „hóruferð“, sbr. ákæruliður A.II.4. Sökum þessa hafi brotþoli hringt í O vinkonu sína og beðið um aðstoð við að komast í Kvænnaathvarfið, vaknað snemma með börnin næsta dag og farið þangað.

Aðspurð um „síðustu vikurnar“ fyrir handtöku ákærða 8. mars 2020 greindi brotaþoli frá atviki 20. febrúar 2020, sbr. ákæruliður A.VI., en þann dag hafi ákærði verið að koma af [...], [...] í Hafnarfirði og hann heimitað að hún sækti hann þangað og æki heim. Brotaþoli hafi á sama tíma verið í „babyshower“ hjá [...] vinkonu sinni í Reykjavík og ætlað að gista þar, en látið undan suði ákærða og sótt hann. Þau hafi svo verið stödd á Reykjanesbrautinni þegar ákærði vændi hana um að hafa ætlað að gista í bænum svo hún gæti hitt einhvern strák, ákærði í framhaldi tekið upp hníf sem hann noti á sjónum og ógnað henni, því næst slegið hana í barkakýlið og otað hnífnum að andliti hennar; allt meðan á akstri stóð. Brotaþoli bar að á þessum tíma hafi hún verið búin að fá svo nóg af ákærða og öllu sem hann gerði á hennar hlut að þetta atvik hafi ekki haft nein sérstök áhrif á hana.

Brotaþoli greindi einnig frá atviki 22. febrúar 2020, sbr. ákæruliður A.VII. og ákæruliður B.III., en þann dag hafi ákærði komist í farsíma hennar, trompast við það sem hann sá og gripið svo harkalega í upphandleggi hennar að marblettir hlutust af. Jafnframt hafi ákærði öskað á hana, tekið sér belti í hönd, reynt að vefja því um háls hennar og síðan hrint henni í gólfið; allt að börnum þeirra ásjáandi. Brotaþoli kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi einnig tekið hana hálstaki í þetta skipti. Hún kvaðst hafa tekið myndir af áverkum sínum í farsíma og sent O vinkonu sinni til varðveislu.

Brotaþoli greindi næst frá atvikum aðfaranótt 8. mars 2020, sbr. ákæruliður A.VIII. Hún kvaðst á þeim tíma hafa verið komin með upp í kok af ákærða, viljað hætta með honum sem allra fyrst, en samsinnt því að hann færi með henni á árhátíð [...] að kvöldi 7. mars. Þar hafi I lýst ákærða ofbeldismann vegna árásar á D 2. mars 2020, sbr. ákæruliður D. og neitað að sitja til borðs með ákærða. Eftir árhátíðina hafi brotaþoli og ákærði farið í eftirpartý og þaðan heim að [...]. Er þangað kom hafi brotaþoli farið á salerni, ákærði fylgt á eftir, vælt um að allir væru vondir við hann og það væri allt brotaþola að kenna. Hún hafi svo farið inn í eldhús, ákærði togað fast um úlniði hennar, þrykk glerskál í ísskápinn, tekið upp hníf og ógnað brotaþola með honum. Á meðan hafi hún sífellt leitað að farsíma sínum til að hringja í lögreglu, ákærði tekið hana hálstaki á svefnherbergisgangi og hrint henni utan í bókahillu. Brotaþoli bar að í þessari atburðarás hafi ákærði einnig tekið fram skæri í eldhúsinu og otað að höfði hennar, hún þá fengið nóg, tekið upp hníf, sagt ákærða að hypja sig í burtu og þau í framhaldi tekist á um þann hníf. Brotaþoli hafi svo fundið farsíma sinn og náð að slá inn „emergency“ áður en ákærði sló símann úr hendi hennar.

Aðspurð um starf sitt hjá [...] bar brotaþoli að ákærði hafi verið gríðarlega afbrýðisamur allt þeirra samband og hún því ekki þorað að segja honum frá því að hún hafi sótt um [...] hjá félaginu fyrir en hún var boðuð í viðtal. Eftir að hún fékk starfið hafi ákærði sífellt verið að spyrja hverjir væru með henni í áhöfn, bannað henni að umgangast aðra [...], fylgst með ferðum hennar og gjörðum í slíkum stoppum og alltaf þurft að vita hvar hún væri og hvað hún væri að gera. Móðir brotaþola hafi verið mjög veik á þessum tíma og greinst með [...] á meðan brotaþoli var í einu [...]. Brotaþoli kvað ákærða margoft hafa vænt hana um að sofa hjá öðrum [...] á meðan hún var þar í starfi, sbr. ákæruliður A.II.1.

Aðspurð um ákærulið A.II.2. kvaðst brotaþoli greint sinn hafa verið á dansgólfinu með [...] vinkonu sinni, þær verið að „djóka í“ tveimur þeldökkum mönnum á dansgólfinu og ákærði í framhaldi viðhaft þau ummæli sem í ákæru greinir.

Aðspurð um atvik 17. júlí 2019, sbr. ákæruliður A.II.3. taldi brotaþoli að umrædd Facebook skilaboð hafi beinst að henni, H og hlutaðeigandi heimilislækni.

Aðspurð um ákærulið A.III. kvaðst brotaþoli hafa fengið öll þau Facebook skilaboð sem frá greinir í 1.-6. tölulið og ekki efast um að þau væru frá ákærða komin.

Aðspurð um ákærulið A.IV., sbr. ákæruliður B.III., bar brotaþoli að ákærði hafi viðhaft þetta framferði eftir spilakvöld með vinfólki þeirra, í kjölfar þess að vinkona hennar hafi spurt hvort brotaþoli þekkti tiltekinn [...] og hafi flogið með honum. Ákærði hafi strax gefið brotaþola illt augnatillit, hann síðan trompast eftir að heim kom, vænt hana um að vera að „hórast“ í flugum með [...] og brotið umrædda engla; allt að börnum þeirra ásjáandi.

Aðspurð um ákærulið A.X. kvað brotaþoli ákærða framan af hafa farið inn á hennar samfélagsmiðla og til þess haft sameiginleg aðgangsorð þeirra og óheftan aðgang, en eftir að þau hættu saman og brotaþoli breytti sínum lykilorðum hafi ákærði haldið þessu áfram í óleyfi og þannig fylgst með samskiptum hennar á samfélagsmiðlum.

Aðspurð um sakarefni samkvæmt ákærulið B.IV. kvaðst brotaþoli muna eftir einu tilviki þegar ákærði hafi tekið harkalega í rúm C sonar þeirra og hrist rúmið þegar drengurinn átti erfitt með svefn. Hún kvaðst ekki hafa séð til ákærða gera þetta, en heyrt atganginn, farið inn til drengsins og tekið hann hágrátandi upp úr rúmi sínu.

5.

I staðfesti uppákomu milli hennar og ákærða á árs hátíð [...] 7. mars 2020, sbr. ákæruliður A.VIII., bar um þá uppákomu með líkum hætti og hjá lögreglu (kafli V.-12.1. dómsins) og tengdi óánægju sína við árás ákærða á vin hennar D, sbr. ákæruliður D. Kom ekkert annað fram af hálfu I sem áhrif getur haft á úrlausn málsins.

6.

O bar að brotaþoli hafi flutt til [...] sumarið fyrir 8. bekk grunnskóla og þær verið góðar vinkonur síðan. Aðspurð um upplifun sína á sambandi ákærða og brotaþola árin 2009-2020 kvaðst O yfirleitt hafa hitt brotaþola án ákærða, þekkti því lítið til hans, en hefði heyrt af skapofsaköstum hans gegnum brotaþola. Sumarið 2019 hafi O spurst fyrir um líðan brotaþola, frétt að hún hefði farið í Kvennaathvarfið, brotaþoli upp frá því farið að leita til O um ráð og m.a. sýnt henni textaskilaboð frá ákærða um persónuleg samskipti vinkvennanna á samfélagsmiðlum. Í kjölfarið hafi ákærði bannað brotaþola að hitta eða ræða við O og þær þurft að halda samskiptum sínum leyndum.

O greindi frá atviki 9. desember 2019, þá er brotaþoli hafi sent henni textaskilaboð um að ákærði væri brjáláður og beðið hana að hafa samband við Kvennaathvarfið. Að sögn brotaþola hafi ákærði svo róast, hún því verið heima um nóttina en farið daginn eftir í Kvennaathvarfið. O kvaðst ekki vita af hverju ákærði reiddist umrætt sinn en vissi að brotaþoli hafi verið mjög hrædd.

Að söfn O sprakk allt í loft upp 8. mars 2020. Brotaþoli hafi sama dag komið til O, greint frá atvikum liðinnar nætur og sagst hafa haldið að annað hvort þeirra, brotaþoli eða ákærði, myndi deyja um nóttina. Eftir þetta hafi brotaþoli búið í einhverja mánuði hjá N móður O og þær fengið ákveðnari mynd af sambúð brotaþola og ákærða. Þannig hafi brotaþoli sagt að hún hafi margoft viljað hætta með ákærða, hann ekki tekið það gilt og þau því búið áfram saman að [...] fram í mars 2020 þrátt fyrir að vera ekki saman. O kvað brotaþola hafa greint frá mörgum ofbeldistilvikum en þau rynnu flest saman í huga hennar í dag. Hún gat þó um eitthvert tilvik með belti og nefndi atvik í febrúar 2020 þegar brotaþoli sendi henni myndir af áverkum og bað hana að geyma, því brotaþoli væri svo hrædd um að ákærði kæmist í farsíma hennar og myndi eyða gögnunum. O kvaðst hafa skýrt lögreglu satt og rétt frá á sínum tíma og þá munað betur eftir málsatvikum (kafli V.-12.2. dómsins).

7.

N bar að brotaþoli og O dóttir N væru vinkonur og N kynnst brotaþola eftir dvöl brotaþola í Kvennaathvarfinu í júlí 2019. Frá þeim tíma hafi brotaþoli stundum leitað til N um ráð, sent henni textaskilaboð eftir ofbeldi ákærða aðfaranótt 8. mars 2020, í kjölfarið komið með börnin heim til N og þau búið hjá henni í einhverja mánuði á eftir. N kvað brotaþola hafa greint frá því að umrædda nótt hafi ákærði verið reiður, með hníf og tekið brotaþola kyrkingartaki. N kvaðst hafa skýrt lögreglu satt og rétt frá á sínum tíma og þá munað betur eftir málsatvikum (kafli V.-12.3. dómsins).

8.

R bar að hún og brotaþoli væru æskuvinkonur og verið í nær daglegum samskiptum þar til fyrir um tveimur árum þegar slest hafi upp á venskapinn. Þær tali þó saman í dag og séu í sama vinahópi. Brotaþoli hafi á sínum tíma greint frá einhverju ofbeldi af hálfu ákærða en R muni nú ekki hvað það var og gæti ekki lýst tilteknum, afmörkuðum tilvikum. Hún kvaðst þó muna eftir Londonferð hennar og brotaþola í desember 2019 og kvað brotaþola hafa sagt ákærða hafa bannað henni að fara. Borin var undir R sú frásögn hennar hjá lögreglu að ákærði hefði trompast út af Londonferðinni og kallað „hórufurð“ og staðfesti hún þau ummæli. Í framhaldi kannaðist R við fleiri atriði úr lögregluskýrslu sinni, s.s. frásögn brotaþola um að ákærði hefði beitt belti í ofbeldisskyni, hann hóttað brotaþola með hnífi 8. mars 2020 og brotaþoli greint frá andlegu ofbeldi frá því að hún hóf samband við ákærða 2008. R kvaðst hafa skýrt lögreglu satt og rétt frá á sínum tíma og þá munað betur eftir málsatvikum (kafli V.-12.4. dómsins).

9.

D frændi brotþola kvaðst hafa búið á neðri hússins að [...] sumarið 2019 og brotþoli þá leitað til hans í nokkur skipti vegna ofbeldis af hálfu ákærða. D kvaðst ekki geta lýst þessu nánar, sagði ítrekað að hann væri búinn að þurrka allar minningar um málið úr huga sér og feignastur því að vera ekki lengur með ákærða á bakinu. D rifjaði þó upp atvik 18. júlí 2019 þegar brotþoli og börnin gistu hjá honum að [...], ákærði kom þangað seint um kvöld og var heitt í hamsi. D kvaðst ekki muna frekar eftir þeim atvikum og hvernig þeim lauk. Hann kvaðst hafa skýrt lögreglu satt og rétt frá á sínum tíma og þá munað betur eftir málsatvikum (kafla V.-12.5. dómsins).

10.

J frændi brotþoli kom fyrir dóm vegna málsins og greindi frá atviki þegar brotþoli leitaði til hans með börnin vegna ofbeldis af hálfu ákærða og fengu að gista hjá J að [...] í [...]. Ákærði hafi komið þangað og viljað fá brotþola og börnin heim, J blandast inn í ágreining þess efnis, málið verið leyst í þökkalegri friðsemd og ákærði farið af heimilinu. J kvaðst ekki minnst þess að rætt hafi verið um aðkomu lögreglu áður en ákærði hélt á brott.

11.

H félagsráðgjafi hjá barnavernd [...] kom fyrir dóm, staðfesti ritun greinargerðar til lögreglu sem frá greinir í kafla V.-16. dómsins, lýsti aðkomu sinni að málinu, greindi m.a. frá líflátshótun ákærða 17. júlí 2019 og komum brotþola og ákærða á bæjarskrifstofuna í [...] dagana 17.-18. júlí. Samrýmist sú frásögn meira og minna frásögn brotþola og ákærða af sömu atvikum og því óþarft að endurtaka hér. H kvaðst hafa ráðlagt brotþola að fara út af heimilinu, farið með henni þangað að sækja einhverjar eigu og komið henni til skyldfólks áður en brotþoli fór síðan í Kvænnaathvarfið. Eftir þriggja vikna dvöl hafi ákærði viljað frá brotþola og börnin heim og hún látið undan. Ákærði hafi í staðinn boðist til að flytja út af heimilinu og gert það um tíma, en verið fluttur aftur inn í ágúst 2019. Þegar fundað var með ákærða vegna málsins hafi hann verið rólegur, rætt um reiði- og drykkjuvanda sinn, óskað eftir aðstoð við að vinna úr þeim vanda og fengið stuðningsúrræði. Í viðræðum við ákærða hafi hann ýmist sagt brotþola vera bestu móður í heimi eða algjörlega vanhæfa.

Aðspurð af verjanda staðfesti H að hún hafi strax tilkynnt líflátshótun ákærða til lögreglu, sagði yfirmenn sína síðan hafa lagt fram formlega kæru á hendur ákærða og hún verið brotþoli í því máli. Hún kvaðst ekki líta svo á að þetta hafi gert hana vanhæfa til að fara áfram með málefni ákærða og brotþola á barnaverndarstigi og þau bæði viljað að hún kæmi áfram að málinu. Aðspurð um aðkomu sína að skýrslugjöf brotþola hjá lögreglu í Kvænnaathvarfinu 8. ágúst 2019 kvaðst H hafa setið þá skýrslugjöf að beiðni brotþola en eftir á að hyggja hefði mögulega verið betra að hún gerði það ekki þar sem hún hefði áður tilkynnt ákærða til lögreglu.

12.

M sviðstjóri félagsþjónustu [...] staðfesti fyrir dómi ritun greinargerðar til lögreglu sem frá greinir í kafla V.-16. dómsins. Aðspurður af verjanda staðfesti M að hafa setið skýrslugjöf brotþola hjá lögreglu 8. mars 2020, kvaðst hafa gert þetta sem fulltrúi félagsþjónustunnar og að beiðni lögreglu og vísaði til lögreglu um nánari skýringar. Hann kvaðst ekki hafa efast um eigin hlutdrægni á þeim tíma er skýrslan var gefin, þrátt fyrir að hafa kært ákærða til lögreglu vegna hótana í garð H undirmanns síns.

13.

K og L lögreglumenn komu fyrir dóm, báru með sjálfstæðum hætti um fyrstu aðgerðir lögreglu að [...] aðfaranótt 8. mars 2020 og staðfestu þá aðkomu sína að málinu sem lýst er í kafla V.-4. dómsins. Fram kom í vætti L að bæði ákærði og brotþoli hafi verið ölvuð um nóttina en samt verið vel viðræðuhæf.

Þá kom U rannsóknarlögreglumaður fyrir dóm, staðfesti þær skýrslur sem eftir hann liggja, kvaðst hafa tekið yfir rannsókn máls eftir 8. mars 2020 og sameinað rannsóknir mála nr. [...], nr. [...], nr. [...] og nr. [...].

Einnig kom fyrir dóm P rannsóknarlögreglumaður og staðfesti að hafa tekið skýrsluna af brotþola 8. ágúst 2019. Aðspurð af verjanda kvaðst P hafa heimilað H barnaverndarfulltrúa að vera viðstödd skýrslugjöfina, sagði hana í upphafi ekki hafa haft annað hlutverk en stuðning við brotþola og sagðist eftir á að hyggja ekki hafa átt að leyfa H að beina spurningum til brotþola.

14.

[...] lækni kom fyrir dóm, kannaðist við að hafa framkvæmt líkamsskoðun á ákærða og brotaþola 8. mars 2020 og staðfesti fyrirliggjandi gögn í því sambandi.

Þá kom fyrir dóm G heilsugæslulækni, staðfesti þau læknisfræðilegu gögn sem frá greinir í kafla V.-13. dómsins, sagði þau tekin upp úr sjúkraskrá brotaþola og færð til bókar af honum.

Einnig kom fyrir dóm V lækni. Hún kannaðist við að hafa skoðað brotaþola 2. mars 2020 og staðfesti færslu sína í sjúkraskrá þar að lútandi. Við komu hafi brotaþoli lýst tveimur atvikum 20. og 22. febrúar 2020 þar sem ákærði hafi veist að henni með ofbeldi, í fyrra skiptið í bifreið á ferð þegar ákærði eigi að hafa tekið hana hálstaki og slegið hana fast með flötum lófa framan á háls og í seinna skiptið þegar ákærði eigi að hafa veist að brotaþola inni í herbergi, tekið um háls hennar, gripið til beltis og ætlað að kyrkja hana, haldið þéttingsfast um hendur hennar og hrint henni í gólfið fyrir framan börn þeirra. Að sögn V sáust ekki merki um áverka á hálsi brotaþola við skoðun 2. mars, en á vinstri upphandlegg hafi verið gulleitt mar með bláleitri miðju.

15.

T félagsráðgjafi kom fyrir dóm og staðfesti þá aðkomu sína að málefnum ákærða og brotaþola sem frá greinir í kafla V.-15. dómsins. Kom ekkert annað fram í vætti félagsráðgjafans sem þýðingu getur haft við úrlausn málsins.

16.

S sálfræðingur kom fyrir dóm og og staðfesti þá aðkomu sína að málefnum brotaþola sem frá greinir í kafla V.-14. dómsins. S kvað brotaþola hafa verið skjólstaðing sinn á vegum [...] á árunum 2019-2020 og S skilað greinargerð um það til lögreglu 27. apríl 2020. Brotaþoli hafi eftir það komið í fleiri viðtöl, allt í allt líklega 19 skipti; síðast seint á árinu 2020. Eftir því sem á leið viðtalsmeðferð hafi S merkt mun betri líðan brotaþola, hún verið komin í stúdentaþúð með börnin og laus úr sambandi við ákærða.

VII. - Málalíbúnaður ákærvaldsins og ákærða.

1.

Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að fyrir liggi stöðugur og trúverðugur framburður brotaþola um sakargiftir samkvæmt A.- og B.-kafla ákæru, sem samrýmist framburði vitna, fyrirliggjandi læknisvottorðum og öðrum sérfræðigögnum og fái stuðning í frásögn ákærða hjá lögreglu og „sögu“ sem hann skrifaði og sendi lögreglu og brotaþola undir rannsókn málsins. Á móti standi óstöðugur og ótrúverðugur framburður ákærða fyrir dómi, sem sé að engu hafandi við úrlausn máls. Sé þannig fram komin lögfull sönnun um sekt ákærða og því beri að sakfella hann samkvæmt ákæru. Brotin séu stórfelld, hafi átt sér stað á löngum tíma og byrjað þegar brotaþoli var í mjög viðkvæmri stöðu; 13 ára gömul. Af lögskýringargögnum með 218. gr. b almennra hegningarlaga sé ljóst að virða beri framferði ákærða í heild frá 2009-2020 og ráði mestu sú viðvarandi ógn og þjáningar sem hann lagði á brotaþola og börn þeirra en ekki hvert og eitt tilvik, sbr. til hliðsjónar landsréttardómar nr. 390/2020 og nr. 119/2022.

2.

Af hálfu ákærða er á því byggt að upphaf máls megi rekja til tilkynningar H fulltrúa barnaverndar [...] til lögreglu um að ákærði hafi hóttað henni lífláti 17. júlí 2019. Þrátt fyrir að H væri þannig brotaþoli í skilningi laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hafi hún í kjölfarið tvíeðlast, við tekið furðulegt samspil barnaverndaryfirvalda og lögreglu við að sanna sök á ákærða, bæði H og M yfirmaður hennar tekið virkan þátt í rannsókn lögreglu og málið þannig fengið á sig ásýnd leikrits þar sem réttur ákærða til réttlátrar og óhlutdrægrar málsmeðferðar samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hafi verið fyrir borð borinn. Ekki hafi betra tekið við þegar lögregla óskaði vorið 2020 eftir greinargerðum S sálfræðings og T félagsráðgjafa en í erindum til þeirra hafi ítrekað verið fullyrt að ákærði væri sekur um ofbeldisbrot og þær beðnar að rannsaka þau brot frekar. Verði þegar af þeirri ástæðu ekki byggt á greinargerðum þessara einstaklinga. Sama gildi um greinargerð H og M til lögreglu 29. apríl 2020, sem geti aldrei talist rituð af óhlutdrægni og hafi því ekkert sönnunargildi í málinu.

Að því er varðar ákærutímabilið 2009-2020 er því mótmælt að nokkur sönnun sé fram komin um meint brot ákærða fram til 17. júlí 2019 og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann af öllum sakargiftum fram til þess dags. Er í þessu sambandi m.a. bent á afar óljósan framburð brotaþola A um meint atvik á

árunum 2009-2019 og ákærvaldið gagnrýnt fyrir að taka ekkert tillit til þess framburðar brotaþola sjálfs hjá lögreglu að hún og ákærði hafi átt mjög góð ár, að því er virðist frá 2011 og fram yfir fæðingu C sonar þeirra í september 2016, ef marka megi framburð brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi. Ákærvaldið hafi ekkert tillit tekið til þessa við ákærusmíð og beri það augljósan vott um hlutdrægni í garð ákærða.

Að því er almennt varðar sakarefni samkvæmt A.- og B.-kafla ákæru er á því byggt að öll lýst brot fyrir 17. júlí 2019 séu fyrnd og beri einnig af þeirri ástæðu að sýkna ákærða. Að því er varðar meint brot 6. júlí 2015 er og á því byggt að rannsókn þess máls hafi sama dag verið hætt og þannig felld niður í skilningi laga nr. 88/2008, sbr. og 4. gr. sammingsviðauka nr. 7 um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu, og verði ekki endurvakin að geðþótta ákærvaldsins á grundvelli 218. gr. b almennra hegningarlaga, sem komu ný inn í þau lög 5. apríl 2016 með gildistöku laga nr. 23/2016. Beri í því sambandi að líta til 2. gr. almennra hegningarlaga, sem leggi bann við afturvirkni refsilaga sakborningi í óhag. Að því gættu verði ákærði ekki sakfelldur fyrir meint brot í nánu sambandi gagnvart brotaþola og/eða börnum þeirra fyrir 5. apríl 2016.

Að því er varðar einstaka ákæruliði A.- og B.-kafla ákæru er á því byggt að meint brot samkvæmt 1.-5. tölulið A.II. og 1.-6. tölulið A.III. falli innan stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis ákærða og breyti þar engu þótt ákærvaldinu eða öðrum finnist meint ummæli ákærða ósmekklegr. Þess utan sé tilgreind háttsemi ósönnuð gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi. Þá sé sakarefni samkvæmt A.IV. og A.V. ósannað og hið síðargreinda í raun fráleitt þar sem engin refsiverð háttsemi hafi átt sér stað. Líkt sé farið með sakarefni samkvæmt A.VI., A.VII. og A.VIII. en þar standi orð gegn orði um hvort og þá hvað gerðist 20. og 22. febrúar og 8. mars 2020 og beri því að sýkna ákærða af þeim ákæruliðum. Varðandi ákærulið A.X. eru gagnrýnd stóryrði ákærvaldsins um að tilgreind háttsemi falli undir 218. gr. b, án þess að nokkrar sönnur liggi að baki og þrátt fyrir samhljóða framburð ákærða og brotaþola um að þau hafi deilt sömu aðgangsorðum að öllum samfélagsmiðlum og ósannað sé að ákærði hafi farið í heimildarleysi inn á vefsvæði brotaþola meðan á sambúð þeirra stóð.

Að því er sérstaklega varðar sakarefni samkvæmt B.-kafla ákæru telur ákærði hátt reitt til höggs í málatalilbúnaði ákærvaldsins og liggi engar haldbærar sönnur fyrir því að hann hafi gert nokkuð það á hlut barna sinna sem tilgreint sé í þeim ákærukafla. Að því gættu og með vísan til fyrrgreindra sjónarmiða um sakarfyrningu og bann við afturvirkni refsilaga beri að sýkna ákærða af öllum sakargiftum samkvæmt B.-kafla ákæru.

Verði ákærði á annað borð sakfelldur samkvæmt A.- og B.-kafla ákæru, hvort heldur að hluta eða í heild, er á því byggt að refsing verði höfð skilorðsbundin að öllu leyti vegna þess dráttar sem orðið hefur á rannsókn og meðferð málsins og ekki síst þeirri staðreynd að ákærði hafi þurft að þola tvöfalda aðalmeðferð fyrir dómi.

VIII. - Niðurstöður dómsins.

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Ákærða er í A.-kafla ákæru gefið að sök stórfelld brot í nánu sambandi gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, brotaþola A, á árunum 2009 til 2020, með því að hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi hennar, heilsu og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi, tekið hana hálstaki, ógnað henni með hnífi, slegið hana í hálsinn, öskrað á hana, ýtt henni, gripið og togað í hana, brotið innanstokksmuni, brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar og hótað henni og aðilum henni tengdum, m.a. lífláti og líkamsmeiðingum, m.a. með þeim hætti sem frá

greinir í ákæruliðum A.I. til A.VIII. og A.X. Er greind háttsemi talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi samkvæmt A.X. einnig við 228. gr. laganna.

Þá er ákærða í B.-kafla ákæru gefið að sök stórfelld brot í nánu sambandi og barnaverndarlagabrot gagnvart börnum sínum B og C á árunum 2015-2020, með því að hafa, bæði andlega og líkamlega, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi þeirra og móður þeirra, heilsu þeirra og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi og með þeirri háttsemi ítrekað misboðið börnunum þannig að heilsu þeirra var hætta búin, sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, ruddalegt og ósiðlegt athæfi gagnvart þeim og móðgað þau og sært, m.a. með þeim hætti sem frá greinir í ákæruliðum B.I. til B.IV. Er háttsemin talin varða við 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga, sem og 98. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3.

Ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga um brot í nánu sambandi komu ný inn í lög 5. apríl 2016 með gildistöku 4. gr. laga nr. 23/2016 um breyting á almennum hegningarlögum. Samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b skal hver sá sæta fangelsi allt að sex árum, sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, barna sinna eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt. Þá segir í 2. mgr. að ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar skuli sérstaklega líta til þess hvort þolandi hafi beðið stórfellt líkams- eða heilsutjón eða bani hlotist af. Enn fremur beri að líta til þess hvort brot hafi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.

Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi til laga nr. 23/2016 er lagt til að tekið verði upp sérstakt refsíákvæði í almenn hegningarlög (4. gr. frumvarpsins) um ofbeldi í nánum samböndum þar sem áhersla sé lögð á það ógnar- eða óttaástand sem sú tegund ofbeldis getur skapað og þá langvarandi, andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem því getur fylgt. Hið nýja ákvæði skuli og vernda öll börn sem búa við heimilisofbeldi, óháð því hvort slíkt ofbeldi bitni beinlínis á þeim eða þau verði beint vitni að slíku. Markmiðið sé að tryggja þeim sem þurfa að þola alvarlegt eða endurtekið ofbeldi af hálfu nákominna meiri og beinskeyttari réttarvernd en gildandi refsilöggjöf gerir og er í því sambandi m.a. vísað til líkamsmeiðingarákvæða gildandi hegningarlaga (217. og 218. gr.), sem taki eðli máls samkvæmt einungis til líkamlegs ofbeldis en ekki til andlegs ofbeldis, s.s. kúgana, hótana eða niðurlæginga, sem sé algeng birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum. Sé hinu nýja ákvæði ætlað að taka á þessum vanda og þannig horfið frá því að líta á ofbeldi í nánum samböndum sem samansafn einstakra tilvika og athyglin færð á þá viðvarandi ógn og andlega þjáningu sem það hafi í för með sér. Með lögfestingu 4. gr. verði ofbeldisbrot í nánum samböndum þannig virt heildstætt og eftir atvikum án þess að sanna þurfi hvert og eitt tilvik fyrir sig. Sé ákvæðinu fyrst og fremst ætlað að ná yfir háttsemi sem staðið hefur yfir í lengri eða skemmri tíma og virða hana sem eina heild þótt því verði jafnframt beitt um einstök alvarleg tilvik.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins (1. mgr. 218. gr. b) er gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja meggi að viðvarandi ógnarástand hafi skapast, þó þannig að ekki sé útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Þá segir í frumvarpinu að ofbeldi í nánum samböndum geti haft ólíkar birtingarmyndir, s.s. í félagslegu ofbeldi þar sem þolandi er einangraður frá fjölskyldu og vinum; andlegu ofbeldi þar sem beitt er grófum og endurteknum uppnefnum, niðurlægingu og ásökunum; fjárhagslegu ofbeldi þar sem gerandi sviptir eða takmarkar aðgang þolanda að fjármunum þannig að hann líði skort eða þurfi að niðurlægja sig til að biðja um meira fé, eða minni háttar og ítrekuðum hótunum sem beinast hvort sem er að þolanda eða öðrum honum nákomnum. Að gættum þessum atriðum sé lagt til að refsinsæmi hins nýja ákvæði verði ekki bundið við verknaði sem nú þegar fela í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi, þ.e. ofbeldi (217. og 218. gr.), hótanir (233. gr.), frelsissvipting (226. gr.) og nauðung (225. gr.), heldur taki ákvæðið jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt, sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum.

Ákærði byggir á því að hann verði hvorki sakfelldur né honum refsað samkvæmt 218. gr. b fyrir meint brot í nánu sambandi fyrir gildistöku hins nýja refsíákvæðis 5. apríl 2016 og vísar í því sambandi til 2. gr. almennra hegningarlaga, sem leggi bann við afturvirkni refsilaga sakborningi í óhag. Þykir verða að leysa úr þessu álitaefni áður en lengra er haldið.

4.

Samkvæmt 1. gr. almennra hegningarlaga skal ekki refsa manni nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem refsing er lögð við í lögum. Er sú lagaskilaregla nánar útfærð í 1. mgr. 2. gr. en þar segir að hafi refsilöggjöf breyst frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur skuli dæma eftir nýrri lögum, bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Aldrei megi þó dæma refsingu nema heimild hafi verið til þess í lögum þegar verk var framið og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Sama leiðir af 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 7. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 og 1. mgr. 7. gr. mannréttinasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Af þeim ákvæðum þykir ljóst, að ekki verði refsað fyrir háttsemi sem var ekki refsiverð að lögum þegar verknaður var framinn, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að mæla með afturvirkum hætti fyrir um refsinaemi háttsemi sem var refsilaus á verknaðarstundu, og að gera verði strangar kröfur til skýrleika refsheimilda þannig að í lagatexta sé lýst með skýrum og fyrirsjáanlegum hætti hvaða háttsemi löggjafinn hafi ákveðið að varða skuli refsingu.

5.

Með 1. gr. laga nr. 27/2006 um breytingu á almennum hegningarlögum ákvað löggjafinn að bregðast við heimilisofbeldi í samfélaginu með lögfestingu nýrrar 3. mgr. 70. gr. hegningarlaga. Sú lagagrein felur í sér refsipýngingarheimild þegar nán tengsl geranda og þolanda þykja hafa aukið á grófleika verknaðar og ber dómendum að líta til atvika af þessu tagi við ákvörðun refsingar. Í frumvarpi sem fylgdi breytingarlögum segir að þessi leið hafi verið farin í stað þess að lögfesta sérstakt refsíákvæði um heimilisofbeldi. Segir nánar um þetta að slíkt ségreint refsíákvæði kynni að gera beinlínis ráð fyrir því að tilteknir verknaðir, sem hingað til hafa ekki verið taldir þess eðlis að falla ættu undir refsilög, yrðu gerðir refsiverðir þegar þeir eiga sér stað í samskiptum nákominna. Frumvarpið byggir hins vegar á því að hvorki standi viðhlítandi lagaleg eða refsipólitísk rök til að lögfesta sérrefsíákvæði um heimilisofbeldi né heldur annars konar ákvæði sem geri aðrar athafnir refsiverðar en þær sem nú þegar falla undir refsilög og eiga sér stað í samskiptum nákominna.

6.

Við samanburð á ofangreindu frumvarpi og frumvarpinu til laga nr. 23/2016 má greina áherslubreytingar á afstöðu löggjafans til heimilisofbeldis, sem m.a. birtist í því að lögfesta sérstakt refsíákvæði um brot í nánu sambandi, sem tryggi þolendum meiri og beinskeyttari réttarvernd en gildandi refsilöggjöf gerir. Með hinu nýja ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga sé áherslan lögð á það ógnar- og óttaástand sem heimilisofbeldi getur skapað og þá langvarandi, andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem því getur fylgt. Refsinaemi hins nýja ákvæðis verði þannig ekki bundið við verknaði sem nú þegar fela í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi, s.s. ofbeldi og hótanir, „heldur taki það jafnframt til þess ef lífi, heilsu eða velferð þolanda er ógnað á annan hátt sem ekki getur falið í sér sjálfstæða refsiverða háttsemi samkvæmt gildandi lögum“. Þykja tilvitnuð ummæli í takt við þau ummæli í frumvarpi til laga nr. 27/2006 að á þeim tíma hafi vilji löggjafans ekki staðið til þess að gera aðrar athafnir refsiverðar en þær sem þá þegar féllu undir refsilög. Eftir stendur réttmætur og skynsamlegur vafi um hvernig löggjafinn ráðgerði að tekið yrði á brotum í nánum samböndum fyrir gildistöku laga nr. 23/2016. Að áliti dómsins benda tilvitnuð ummæli fremur til þess að ákvæðum 218. gr. b hafi ekki verið sérstaklega ætluð afturvirk áhrif. Fær sú ályktun stoð í kröfu 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar um skýrleika refsheimilda.

Ákvæði 218. gr. b felur í sér samsetta og sérhæfða verknaðarlýsingu og telst slík lýsing til rýmkaðra brota í skilningi refsiréttar. Byggir 1. mgr. öðrum þræði á því að lýst háttsemi sé endurtekin og samkvæmt 2. mgr. horfir m.a. til refsipýngingar ef brot hefur staðið yfir í langan tíma. Samkvæmt verknaðarlýsingu hins nýja ákvæðis er um svokallað ástandsbrott að ræða. Sú aðferð að virða tvö eða fleiri brot sem aðeins eitt afbrot felur í sér verulega breytingu frá eldra réttarástandi, ákærða í óhag.

Eins og rakið er í kafla VIII.-4. standa ákvæði 2. gr. almennra hegningarlaga ekki í vegi fyrir því að dæmt verði eftir nýrri refsilögum og refsinaemi verknaðar metið eftir þeim lögum, að því gefnu að

háttsemi hafi verið refsiverð að lögum þegar verknaður var framinn. Þó má aldrei dæma þyngri refsingu en orðið hefði eftir hinum eldri lögum. Ef háttsemi var hins vegar refsilaus á verknaðarstundu er í lögum óheimilt að mæla fyrir um refsinaemi með afturvirkum hætti, sbr. 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 7. gr. MSE.

Á svipað álitaefni reyndi í dómi yfirdeildar mannréttindadómstóls Evrópu 27. janúar 2015 í máli nr. 59552/08: *Rohlena g. Tékklandi*. Í því máli hafði maður verið sakfelldur af tékkneskum dómstólum fyrir heimilisofbeldi gagnvart eiginkonu sinni á árunum 2000-2006 og var málið dæmt á grundvelli nýs ákvæðis þar að lútandi sem tók gildi 1. júní 2004. Dómstóllinn taldi þetta ekki í andstöðu við 7. gr. MSE og vísaði m.a. til þess að samkvæmt 3. mgr. 89. gr. tékkneskra hegningarlaga væri litið á viðvarandi brot sem einn verknað, sem yrði að meta með hliðsjón af gildandi lögum á þeim tíma sem síðasti verknaðurinn ætti sér stað, að því gefnu að verknaðir sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna hafi verið refsiverðir samkvæmt eldri lögum. Tekið var fram að verknaðir geranda fyrir 1. júní 2004 hafi verið refsiverðir samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 197. gr. a (hótunarbrot) og 1. mgr. 221. gr. (líkamsárás) hegningarlaganna, sem þá giltu í Tékklandi og að því mætti draga geranda til ábyrgðar samkvæmt nýju refsíákvæði 215. gr. a fyrir verknaði frama fyrir gildistöku þess ákvæðis 1. júní 2004, enda um viðvarandi brot að ræða og því fæli það ekki í sér afturvirka beitingu meira íþyngjandi refsíákvæða, sem 7. gr. MSE bannaði.

Í máli því sem hér er til meðferðar skortir á að í ákæru eða öðrum málatilbúnaði ákæruvaldsins sé greint frá því undir hvaða ákvæði almennra hegningarlaga lýst háttsemi ákærða féll fyrir gildistöku 218. gr. b þann 5. apríl 2016, en slík tilgreining er forsenda þess að dómstólar geti metið og ákvarðað refsingu eftir þeim ákvæðum hegningarlaga sem í gildi voru fyrir 5. apríl. Þá er sú ólíka staða uppi, samanborið við tékkneska málið, að samkvæmt þarlandum hegningarlögum var kveðið á um að líta bæri á viðvarandi brot sem einn verknað, sem yrði að meta með hliðsjón af gildandi lögum á þeim tíma sem síðasti verknaðurinn ætti sér stað. Ekki er slíkt ákvæði í almennum hegningarlögum.

Samkvæmt öllu framanröktu þykir slíkur vafi leika á hvort og þá hvernig sú háttsemi sem ákærða er gefin að sök í A.- og B. kafla ákæru, á tímabilinu frá 2009 til 5. apríl 2016, sé eða hafi verið refsinaem og ber af þeirri ástæðu að sýkna hann af brotum gegn 218. gr. b á tilgreindu tímabili.

7.

Eins og áður er rakið nýtur ekki samtímaheimilda um samband ákærða og brotaþola A á árunum 2009 til 6. júlí 2015, þá er brotaþoli hvarf í skyndingu af heimili þeirra að [...] með [...] mánaða dóttur þeirra B í fanginu og leitaði á náðir lögreglu í [...], sbr. sakarefni samkvæmt ákæruliðum A.I. og B.I. Um öll atvik að meintum brotum ákærða, fram til þess dags, standa einungis orð ákærða gegn orðum brotaþola.

Í dagbókarfærslu lögreglu 6. júlí 2015 er haft eftir brotaþola að fyrir þann dag hafi ákærði aldrei lagt á hana hendur, fyrir utan eitt ótilgreint skipti á árinu 2009. Við fyrstu skýrslugjöf brotaþola hjá lögreglu 8. ágúst 2019 kvaðst hún hafa búið við mjög erfitt heimilisástand, sér í lagi síðustu fimm árin. Þegar á leið skýrslugjöfina greindi brotaþoli frá líkamlegu og andlegu ofbeldi á árunum 2008-2011 en þá hafi ofbeldið allt í einu hætt. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 13. maí 2020 bar brotaþoli að hún og ákærði hafi átt mjög góð ár saman 2014 og 2015 en fyrir þann tíma hafi ákærði ítrekað beitt hana líkamlegu ofbeldi og nefndi brotaþoli þar sérstaklega árin 2009-2011. Frásögn brotaþola var borin undir ákærða við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. ágúst 2019. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa beitt hana ofbeldi á árunum 2008-2011, en gekkst við því að hafa í eitt skipti, 2008 eða 2009, hótad brotaþola með skærum eftir að hún hélt framhjá honum og í eitt skipti, líklega fyrir 10 árum síðan, ýtt brotaþola á útidyráhurð á heimili foreldra brotaþola eftir að hún hélt framhjá honum öðru sinni. Frásögn brotaþola var einnig borin undir ákærða við yfirheyrslu 8. júní 2020 og þvertók hann þá fyrir að hafa nokkru sinni gripið um háls hennar, ógnað henni með hnífum eða hótad henni á annan hátt. Ákærði gekkst hins vegar við því að hafa í einhver skipti valdið eignaspjöllum á heimili þeirra þegar hann tók reiðiköst.

Fyrir dómi kvaðst ákærði aldrei hafa beitt brotaþola líkamlegu eða andlegu ofbeldi meðan á sambandinu stóð og aldrei ógnað eða hótad henni. Ákærða kvaðst þó ráma í eitt skipti, þegar þau voru bara krakkar, en þá hafi þau ýtt hvort við öðru á heimili foreldra brotaþola og hún óvart dottið á útidyráhurð.

Brotaþoli bar fyrir dómi að samband hennar og ákærða hafi verið afar erfitt og stormasamt, hann frá upphafi verið reiðigjarn og mjög afbrýðisamur, en á köflum hafi sambandið líka verið mjög gott.

Sambandið hafi einkennst af andlegu ofbeldi og einnig líkamlegu ofbeldi í fyrstu, en það hætt 2013-2014 og þegar hún var ófrísk af tveimur börnum þeirra. Ákærði hafi frá upphafi átt við reiðivanda að stríða, verið með stuttan þráð og mjög fljótur upp ef svo bar við. Við þær kringumstæður hafi hann átt til að brjóta allt og bramla, þá hjaðnað reiðin og þau stundum hlegið að því eftir á hvað þetta gerðist hratt. Brotapoli kvað þau oft hafa rifist vegna afbrýðisemi ákærða út af öðrum strákum og ákærði þá gjarnan tekið hana hálstaki og stundum ýtt við henni. Brotapoli tók sem dæmi atvik um jólin 2008-2009 þegar hún var á leið til Tælands með foreldrum sínum og ákærði veitti henni áverka á kinn, nefndi líka atvik, sem hún gat ekki staðsett í tíma, þegar ákærði sneri illa upp á fingur hennar, hún fór til læknis og laug því að hún hefði slasast í körfubolta. Þá hafi ákærði í eitt skipti, líklega 2011 þegar hann bjó í [...], tekið hana hálstaki uppi í rúmi og hún verið við það að líða út af. Þau hafi einnig oft rifist á rúntinum, ákærði þá ekið glæfralega og í eitt skipti tekið upp hnif bak við heimili foreldra hennar. Brotapoli kvaðst ekki hafa tölu á því hve oft ákærði hafi tekið hana hálstaki, sagði það hafa gerst oft en fimm sinnum og sjaldnar en tíu sinnum. Brotapoli bar að þegar þau voru að byrja saman hafi þau hætt saman um tvisvar í mánuði og ákærði þá hótad henni lífláti og líkamsmeiðingum, t.d. með glæfraakstri, ef þau byrjuðu ekki saman aftur.

Tvær æskuvinkonur brotþola, O og R, gáfu skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi. O kvaðst lítið hafa vitað um samband brotþola og ákærða fyrir en sumarið 2019 og R kvaðst lítið hafa vitað um sambandið fyrir en það sprakk í loft upp í mars 2020.

Heimilisofbeldi getur haft ólíkar birtingarmyndir og hvílir oft undir yfirborðinu í mörg ár. Hvað sem því líður í sambandi og síðar sambúð ákærða og brotþola stendur eftir að þau eru ein til frásagnar um hvað gerðist og gerðist ekki í samskiptum þeirra á tímabilinu 2009 til 6. júlí 2015. Að því gættu og með hliðsjón af sönnunarreglum og sönnunarkröfum laga nr. 88/2008, sem frá greinir í kafla VIII.-1. dómsins, er ósannað gegn eindreginni neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi brotið með refsiverðum hætti gegn brotþola á ofangreindu ákæru tímabili. Skal hann því einnig sýkn á grundvelli sönnunarskorts að því er varðar lýsta háttsemi í A.-kafla ákæru á því tímabili.

8.

Að því er sérstaklega varðar lýsta háttsemi í ákærulið A.I. er til þess að líta að tæp fimm ár liðu frá lýstum atvikum og þar til eiginleg lögreglurannsókn hófst. Þó liggur fyrir dagbókarfærsla lögreglu frá 6. júlí 2015 en samkvæmt henni var allt í röð og reglu á heimili ákærða og brotþola þegar lögreglu bar að. Gegn staðfastri neitun ákærða er þannig ekkert sem styður þann framburð brotþola að hann hafi skömmu áður brotið allt og bramlað á heimilinu. Háttsemislýsing í þessum ákærulið lýtur að öðru leyti fyrst og fremst að meintum háskalegum akstri ákærða og eftirför frá [...] í [...] að lögreglustöð staðarins. Eftir atvikum hefði hér mátt ákæra fyrir brot gegn ákvæðum umferðarlaga og hættubrot samkvæmt 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, en eins og áður segir fór engin lögreglurannsókn fram á þeim tíma sem hér um ræðir. Að því gættu og þar sem meint háttsemi verður ekki færð undir ákvæði 218. gr. b almennra hegningarlaga verður ákærða ekki refsad fyrir þá háttsemi sem hann er borinn í ákærulið A.I.

Sama gildir að breyttu breytanda um háttsemislýsingu og sakargiftir samkvæmt ákærulið B.I. og verða þær sakargiftir, á grundvelli fyrirliggjandi málgagna, heldur ekki færðar undir verknaðarlýsingu 98. gr. og/eða 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Skal ákærði því alfarið sýkn af þeim ákærulið.

9.

Samkvæmt ákæruliðum A.II.6. og B.II. er ákærða gefið að sök að hafa í þó nokkur, ótilgreind skipti, á Reykjanesbraut og malarvegi við [...], ekið bifreið með brotþola A innanborðs mjög hratt og hótad að drepa þau með akstrinum og í nokkrum tilfellum hafi „ung börn“ þeirra, B og C, einnig verið í bifreiðinni. Segir í ákæru að með því framferði hafi ákærði á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotþolanna þriggja og jafnframt misboðið börnunum tveimur og sýnt þeim vanvirðingu, svo bæði andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var hætta búin og velferð þeirra ógnað.

Í ljósi fyrri málsúrslita takmarkast úrlausn sakarefnis samkvæmt ákærulið A.II.6. við tímabil frá 5. apríl 2016 „til 2020“. Þá takmarkast sakarefni samkvæmt B.II. eðli máls samkvæmt við tímabil frá fæðingu C [...] september 2016 „til 2020“.

Brotapoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. ágúst 2019 og nefndi þá eitt tilvik um ofsakstur ákærða á malarvegi við Bót í [...], en greint sinn hafi hún sagst ætla að fara frá ákærða og hann hótað að drepa hana með akstrinum. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. mars 2020 greindi brotapoli frá atvikum nýliðna nótt og var í framhaldi spurð um aðrar upptökur í sambandi hennar og ákærða. Við það tækifæri kvað hún ákærða margsinnis hafa ekið glæfralega með hana í bifreið, á um 130 kílómetra hraða eftir Reykjanesbraut, og hótað drepa þau bæði. Stundum hafi börn þeirra einnig verið í bifreiðinni og taldi brotapoli það hafa verið í um fimm skipti. Ekki var nánar gengið eftir því hvenær meintur glæfraakstur átti sér stað. Ákærði tjáði sig fyrst um tilgreindar sakargiftir við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. ágúst 2019 og kannaðist þá við að hafa í eitt skipti brunað eftir malarvegi við [...] með brotþola A í bifreiðinni en kvaðst ekki minnst þess að hafa hótað að drepa hana í þeirri ökuferð. Ekki var nánar gengið eftir því hvenær umrædd ökuferð átti sér stað.

Fyrir dómi þvertók ákærði fyrir að hafa hótað og/eða ógnað brotþola á nokkurn hátt með hraðakstri og sagði hið sama gilda um börn þeirra tvö; slíkt hafi aldrei gerst.

Brotapoli bar fyrir dómi að hún og ákærði hafi oft rifist á rúntinum, ákærði þá ekið glæfralega og í eitt skipti tekið upp hníf við heimili foreldra hennar. Af þeim framburði má helst ráða að brotþoli hafi hér rætt um einhver atvik fyrir þann tíma er hún og ákærði stofnuðu til sambúðar á árinu 2014. Sama gildir um þann dómsframburð brotþola að þegar þau voru að byrja saman, þ.e. á árinu 2008, hafi þau hætt saman um tvisvar í mánuði og ákærði þá hótað henni lífláti með glæfraakstri ef þau byrjuðu ekki saman aftur. Af hálfu ákærvaldsins var ekki gengið nánar eftir því hvenær meintur glæfraakstur og hótanir fóru fram og ekki var brotþoli spurð hvort börnin tvö hafi einhvern tíma verið með í för.

Samkvæmt öllu því sem nú hefur verið rakið og með vísan til eindreginnar neitunar ákærða fyrir dómi þykir ósannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruliðum A.II.6. og B.II. og ber því að sýkna hann af tilgreindri háttsemi.

10.

Í ákærulið B.IV. er ákærða gefið að sök að hafa í eitt skipti eftir fæðingu C, þegar drengurinn átti erfitt með að sofna, ruðst inn í herbergi til hans, tekið í rúm hans og þrykkt því til og ákærði þannig misboðið syni sínum og sýnt honum vanvirðingu, svo andlegri og líkamlegri heilsu drengsins var hætta búin og velferð hans ógnað. Segir í ákæru að með því framferði hafi ákærði og á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð drengsins.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sök samkvæmt þessum ákærulið. Gegn þeim framburði stendur aðeins frásögn brotþola A hjá lögreglu, sem ákæra virðist byggja á og dómsvætti brotþola, en fyrir dómi kvaðst hún ekki hafa séð ákærða gera það sem í ákæru segir heldur heyrð atgang inni í herbergi drengsins og komið að honum hágrátandi í rúmi sínu. Að gættum þeim dómsframburði brotþola og gegn eindreginni sakarneitun ákærða ber að sýkna hann af þeirri háttsemi sem hann er borinn í ákærulið B.IV.

11.

Í ákærulið A.II.1. er ákærða gefið að sök að hafa í janúar 2018, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola A með því að hótta að hringja inn sprengjuhótun ef brotþoli færi í flug [...] til Montreal, en á þeim tíma var brotþoli [...] hluti af starfsskyldum hennar „en ákærði hafði ítrekað sakað hana um að sofa hjá [...] í vinnuferðum“.

Brotapoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. ágúst 2019, bar að hún hafi sótt um vinnu sem [...] hjá [...] og ekki þorað að segja ákærða frá því, hún í kjölfarið verið boðuð í viðtal og hann brjálást, brotþoli svo fengið starfið og ákærði þá bannað henni að umgangast aðra [...] og vænt hana um að sofa hjá öllum [...]. Í eitt skipti, í janúar 2018, hafi þetta orðið svo slæmt, þegar brotþoli var að fara í [...] ferð til Montreal í Kanada, að ákærði sagði „þú ert ekki að fara“ og „ég hringi bara inn sprengjuhótun“ ef hún færi í umrætt flug. Ákærði tjáði sig fyrst um tilgreindar sakargiftir við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. ágúst 2019 og kannaðist þá við að hafa verið mjög ósáttur þegar brotþoli sótti um og fékk vinnu sem [...] hjá [...], kvaðst á þeim tíma hafa verið [...] og mikið frá vegna vinnu, tengdamóðir hans mjög veik á sama tíma og ekki í stakk búin til að passa börnin og því hafi [...]starfið hentað fjölskyldunni mjög illa, sér í lagi þegar brotþoli fór [...]. Ákærði kannaðist og við að hafa í einhver skipti bannað brotþola að fara út að borða með öðrum [...], verið afbrýðisamur og í einhver skipti vænt hana um að

sofa hjá [...] félagsins. Ákærði gekkst í framhaldi við því að hafa í janúar 2018 hótad að hringja inn sprengjuhótun ef brotaþoli færi í tveggja náttu [...], sagðist á þeim tíma hafa verið að koma af [...] eftir þriggja vikna [...], tengdamóðirin verið mjög veik, allt í hakki, engin barnapössun, og hann því reynt að fá brotaþola ofan af því að fara í þetta flug með umræddri hótun. Hann kvaðst vita að þetta hafi verið heimskulegt og sagðist aldrei myndu hafa gert þessa hótun virka.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hvorki minnst þess að hafa hótad að hringja inn sprengjuhótun í janúar 2018 né heldur að hafa sakað brotaþola um að sofa hjá [...] [...] í vinnuferðum. Hann gæti þó hafa minnst á síðargreint atriði, í einhverju rifrildi við brotaþola, en langt væri um liðið og því myndi hann ekki eftir þessu. Borin var undir ákærða frásögn hans hjá lögreglu um sömu atvik 26. ágúst 2019 og kvaðst hann ekki muna eftir þessu.

Brotaþoli bar fyrir dómi að ákærði hafi verið gríðarlega afbrýðisamur allt þeirra samband og hún því ekki þorað að segja honum frá því að hún hafi sótt um [...] hjá [...] fyrir en hún var boðuð í viðtal. Eftir að hún fékk starfið hafi ákærði sífellt verið að spyrja hverjir væru með henni í áhöfn, bannað henni að umgangast aðra [...], fylgst með ferðum hennar og gjörðum í slíkum stoppum og alltaf þurft að vita hvar hún væri og hvað hún væri að gera. Móðir brotaþola hafi verið mjög veik á þessum tíma og greinst með [...] á meðan brotaþoli var í einu [...]. Brotaþoli kvað ákærða margoft hafa vænt hana um að sofa hjá öðrum [...] á meðan hún var þar í starfi.

Dómsframburður brotaþola, virtur einn og sér, bæði í heild og að því er varðar þetta tiltekna sakarefni, er að mati dómsins hófstílltur, laus við stóryrði og ýkjur og þykir trúverðugur. Þótt brotaþoli hafi fyrir dómi ekki verið spurð út í meinta „sprengjuhótun“ ákærða í janúar 2018 þykir dómsframburður hennar draga upp skýra og trúverðuga mynd af því ástandi sem ríkti á heimili hennar og ákærða í tengslum við störf hennar hjá [...] og samrýmist sá framburður meira og minna frásögn ákærða hjá lögreglu í ágúst 2019. Sá framburður ákærða þykir trúverðugur, m.a. um að hann hafi hótad að hringja inn sprengjuhótun og ítrekað sakað brotaþola um að sænga hjá öðrum starfsmönnum [...]. Að því gættu þykir engu breyta þótt ákærði hafi fyrir dómi borið fyrir sig minnisleysi um sömu atvik, enda neitaði hann hvorki beinlínis sök né heldur dró hann til baka fyrri framburð hjá lögreglu.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákærulið A.II.1.

12.

Í ákærulið A.IV. er ákærða gefið að sök að hafa, eftir að móðir brotaþola A lést í apríl 2018, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð hennar og öskrað á hana á heimili þeirra, m.a. að hún væri alltaf að „hórast í þessum flugum“, þannig að börn þeirra vöknudu og síðan, er brotaþoli var með börnin grátandi í fanginu, öskrað á hana og börnin og brotið innanstokksmuni, m.a. engla sem brotaþoli hafði fengið eftir andlát móður sinnar. Þá er ákærða með sömu háttsemi gefið að sök samkvæmt ákærulið B.III. að hafa á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð B og C, sem urðu vitni að tilgreindri háttsemi og ákærði þannig misboðið börnunum og sýnt þeim vanvirðingu, svo andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var hætta búin og velferð þeirra ógnað.

Brotaþoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. ágúst 2019, tengdi hana við spilakvöld hjá frænda hennar þar sem nafn tiltekna [...] hafi borið á góma í viðurvist ákærða, hann sturlast eftir að heim kom, spurt „varstu að ríða þessum“ og vænt hana um framhjáhald. Börn þeirra tvö hafi vaknað við lætin í ákærða og brotaþoli haldið á þeim hágrátandi á meðan ákærði öskraði, kýldi í allt og rústaði og braut m.a. engla sem brotaþoli hafði eignast eftir andlát móður sinnar. Ákærði tjáði sig fyrst um tilgreindar sakargiftir við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. ágúst 2019 og kannaðist þá við að hafa, eftir ótilgreint spilakvöld, komið heim ásamt brotaþola, spurt hana, jafnvel öskrandi, um hvaða [...] hafði verið rætt á spilakvöldinu og hvort hún hafi riðið sama manni. Ákærði sagði hins vegar rangt að börn þeirra hafi vaknað umrætt sinn, sem og að hann hafi brotið og bramað umrætt sinn. Hann kannaðist þó við að hafa brotið einhverja engla frá látinni móður brotaþola, en það hafi verið óskýlt atvik, ákærði í það skipti verið pirraður og kastað einhverju óvart í eitthvað.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök samkvæmt ákærulið A.IV., sbr. og ákæruliður B.III. Hann kvaðst þó muna að einhvern tíma hafi englar brotnað í rifrildi hans og brotaþola, hann verið reiður í það skipti,

öskrað á brotaþola og óvart kastað kodda eða púða í umrædda engla. Ákærði kvaðst ekki muna hvort börnin hafi verið viðstödd rífrildið.

Brotaþoli bar fyrir dómi að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í nefndum ákæruliðum, sagði þetta hafa gerst eftir spilakvöld með vínafólki þeirra, í kjölfar þess að vinkona hennar hafi spurt hvort brotaþoli þekkti tiltekinn [...] og hafi flogið með honum. Ákærði hafi strax gefið brotaþola illt augnatillit, hann síðan trompast eftir að heim kom, vænt hana um að vera að „hórast“ í flugum með [...] og brotið umrædda engla; allt að börnum þeirra ásjáandi.

Brotaþoli hefur verið stöðug í frásögn sinni um þetta sakarefni. Þykir framburður hennar fyrir dómi í senn áreiðanlegur og trúverðugur og fær nokkra stoð í dómsframburði ákærða, svo langt sem hann nær. Að þessu gættu þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákæruliðum A.IV., sbr. og B.III.

13.

Í ákærulið A.II.2. er ákærða gefið að sök að hafa á sjómannadagsballi í [...] 1. júní 2019 sagt við brotaþola A að „*ef hún dansaði við þennan negra aftur, þá myndi hann lemja hann og lemja hana*“.

Brotaþoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. ágúst 2019, tengdi hana við ölvun ákærða og kvaðst sjálf bara hafa verið að dansa á ballinu, og nálægt henni maður af afrískum uppruna, þegar ákærði hefði sagt „*ef þú dansar við þennan negra aftur, þá lem ég þig og lem hann*“. Ákærði tjáði sig óbeint um tilgreindar sakargiftir við yfirheyrslu hjá lögreglu 8. júní 2020, þá er hann staðfesti að hafa sent brotaþola eftirfarandi skilaboð samkvæmt ákærulið A.III.3.: „*Dansa við negra a ballinu. Horfði a það. Haltu bara kjafti*“

Fyrir dómi kvaðst ákærði hvorki muna eftir sjómannadagsballi 1. júní 2019 né heldur að hafa látið téð ummæli falla á ballinu. Brotaþoli bar fyrir dómi að hún hafi greint sinn verið að dansa með [...] vinkonu sinni, þær verið að „*djónka í*“ tveimur þeldökkum mönnum á dansgólfinu og ákærði í framhaldi viðhaft þau ummæli sem frá greinir í ákærulið A.II.2.

Frásögn brotaþola um tilgreint atvik á sjómannadagsballi í [...] hefur verið stöðug frá upphafi og þykir framburður hennar fyrir dómi einkar trúverðugur. Að því gættu og með hliðsjón af dómsframburði ákærða þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í tilgreindum ákærulið.

14.

Í ákærulið A.II.3. er ákærða gefið að sök að hafa á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola A og m.a. hótad henni og öðrum lífláti eða öðru tjóni, vegna hennar atferlis, með því að senda brotaþola eftirfarandi skilaboð á samskiptaforritinu Facebook Messenger 17. júlí 2019, í kjölfar þess að hafa m.a. sent mynd af exi, en samkvæmt ákæru mátti brotaþola vera ljóst að skilaboðin beindust einkum að henni og tveimur tilteknum opinberum starfsmönnum sem hún hafði leitað aðstoðar hjá: „*[...]Segir mer ekki að eg se alki. Eigi við vandamal að striða. Eða þurfi hjalp fra eh folki. Annars fer exinn i hofuðið a ollum [...]*“.

Brotaþoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. ágúst 2019, sagði ákærða hafa verið að koma blindfullur úr veiðiferð og hann hótad H fulltrúa barnaverndar lífláti. Brotaþoli greindi nánar frá atvikum við skýrslugjöf hjá lögreglu 13. maí 2020 og staðfesti þá fyrir sitt leyti útprentuð skjáskot af Facebook Messenger með samskiptum hennar og ákærða umræddan dag. Vísast um þann framburð til kafla V.-9.1. dómsins þar sem m.a. fram kemur að ákærða hafi 17. júlí 2019 ítrekað hótad að drepa „hana“ og drepa „konuna“ og kyrkja lækinn „til dauða næstun“ og kennir brotaþola um að hafa skemmt heimilislíf þeirra með stanslausu framhjáhaldi. Í kjölfar þeirra skilaboða og annarra virðist ákærði svo senda mynd af exi með ofangreindum skilaboðum.

Ákærði tjáði sig fyrst um tilgreindar sakargiftir við yfirheyrslu hjá lögreglu 26. ágúst 2019, kannaðist þá við að hafa verið ölvaður umræddan dag, hótad H lífláti gegnum síma og einnig hótad einhverjum lækni. Þegar ákærða voru sýnd skjáskot úr farsíma brotaþola með skilaboðum hans 17. júlí 2019, m.a. um notkun axar í höfuð einhvers, kvaðst hann kannast við öll skilaboðin og sagðist hafa skrifað þau og sent í mikilli reiði.

Fyrir dómi kannaðist ákærði í fyrstu við að hafa sent þau skilaboð sem ákært er fyrir 17. júlí 2019, þó ekki til brotþola, auk þess sem hann taldi skilaboðin slitin úr samhengi. Í framhaldi kvaðst ákærði ekki hafa átt Facebook reikning á umræddum tíma og vissi því ekki hvort hann hafi sent skilaboðin. Ákærða voru sýnd útprentuð skjáskot af umræddum skilaboðum ásamt mynd af exi og kannaðist hann ekki við að hafa sent þau skilaboð.

Brotþoli bar fyrir dómi að ákærði hafi verið á leið heim úr veiðiferð 17. júlí 2019, tjúllast þegar hann las bréf frá H barnaverndarfulltrúa og trompast í símtali við H. Að ráði H hafi brotþoli sama dag farið út af heimili sínu og ákærða og fengið gistingu hjá vinkonu sinni. Í kjölfarið hafi ákærði sent þau mynd- og textaskilaboð sem ákæra lúti að og taldi brotþoli að skilaboðin hafi beinst að henni, H og hlutaðeigandi lækni (G heimilislækni).

Ofangreindur dómsframburður ákærða þykir í meira lagi ótrúverðugur og að engu hafandi við úrlausn máls. Að því gættu er sannað með stöðugum og trúverðugum framburði brotþola, sem samrýmist skjalfestum sönnunargögnum um hvaða mynd- og textaskilaboð gengu milli ákærða og brotþola, sem og frásögn ákærða hjá lögreglu, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið A.II.3.

15.

Í ákærulið A.II.4. er ákærða gefið að sök að hafa á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotþola A með því að hafa 9. desember 2019, eftir að brotþoli tjáði honum að hún ætlaði til London með vinkonu sinni, brugðist við með ofsafengnum hætti, sagt við hana að hún væri að fara í hóruferð og hótad að rífa úr henni allar tennur, allt með þeim afleiðingum að brotþoli óttaðist um velferð sína, vakti tvö börn þeirra snemma og fór með þau í Kvennaathvarfið.

Brotþoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. mars 2020, sagði ákærða hafa sturlast yfir því að vinkona hennar bauð henni í stelpuferð til London, hann kallað þetta „hóruferð“ og hótad að rífa úr henni tennurnar. Brotþoli hafi þarna ákveðið að vekja börnin snemma næsta dag, látið eins og hún væri að fara með þau í leikskólann en pakkað fatnaði til lengri dvalar og leitað á náðir Kvennaathvarfsins. Komið var inn á sama atvik við skýrslugjöf brotþola 13. maí 2020, sbr. kafli V.-9.1. dómsins, þá er brotþoli staðfesti textasamskipti sín og O dagana 8.-9. desember 2019, m.a. beiðni brotþola um að O hringi í Kvennaathvarfið og kanni hvort þar sé laust með tvö börn daginn eftir. Við þá skýrslugjöf áréttad brotþoli að ákærði hafi á þeim tíma verið brjáláður vegna Londonferðar brotþola og hótad að rífa úr henni tennurnar. Ákærði gerði lítið úr þessum þætti máls við yfirheyrslu hjá lögreglu 8. mars 2020, kannaðist þó við að brotþoli hafi farið með börn þeirra í Kvennaathvarfið 9. desember 2019, en það hafi hún gert vegna þess að hann neitaði að greiða fyrir hana Londonferð vegna peningaleysis þeirra. Ákærði var spurður með beinum hætti um meintar hótanir um líkamsmeiðingar við yfirheyrslu 8. júní 2020 og sagði rangt að hann hefði greint sinn hótad að rífa tennur úr brotþola.

Fyrir dómi kannaðist ákærði ekki við að hafa gert á hlut brotþola 9. desember 2019. Hann rámaði þó í að brotþoli hafi sagst ætla með vinkonu sinni til London, ákærða ekki fundist það gáfuleg hugmynd vegna bágrar fjárhagsstöðu þeirra og hann sagt brotþola þá skoðun sína. Hann þvertók fyrir að hafa hótad brotþola, kvaðst ekki muna hvort hann hafi kallað þetta „hóruferð“, en mundi að brotþoli fór í Kvennaathvarfið vegna neikvæðrar afstöðu ákærða til Londonferðarinnar og gisti þar eina nótt.

Brotþoli bar fyrir dómi að ákærði hafi greint sinn brjálást yfir því að hún ætlaði með R vinkonu sinni til London, hann kallað þetta „hóruferð“, hótad að rífa úr brotþola allar tennur, hún í framhaldi hringt í O vinkonu sína og beið um aðstoð við að komast í Kvennaathvarfið, brotþoli svo vaknað snemma að morgni næsta dags og farið þangað með börnin.

R bar hjá lögreglu og fyrir dómi að að hún og brotþoli hafi farið til London í desember 2019 og brotþoli sagt henni ákærði hefði trompast yfir þeirri ferð, kallað hana „hóruferð“ og bannað brotþola að fara.

O bar hjá lögreglu og fyrir dómi að að brotþoli hafi greint sinn sent henni textaskilaboð um að ákærði væri brjáláður vegna Londonferðar brotþola og hún beið O að hafa samband við Kvennaathvarfið. Að sögn brotþola hafi ákærði svo róast, hún því verið heima um nóttina en farið daginn eftir í Kvennaathvarfið.

Brotapoli hefur frá upphafi verið stöðug í frásögn sinni um þau atvik sem ákært er fyrir í ákærulið A.II.4. Þykir framburður hennar trúverðugur í alla staði og fær hann að hluta stöð í ofangreindum textaskilaboðum og dómsvætti vinkvenna hennar. Leikur að áliti dómsins enginn vafi á því að ákærði hafi umrætt sinn, sem oftast, misst stjórn á skapi sínu. Fyrir dómi þrætti ákærði ekki fyrir að hafa kallað Londonferðina „hóruferð“ og gekkst við því að hafa látið þá skoðun sína í ljós við brotapolana að hér væri ekki um gáfulega hugmynd að ræða. Fyrir liggur að brotapoli vakti börn þeirra snemma næsta dags og fór með þau í Kvennaathvarfið. Sá framburður ákærða að þetta hafi brotapoli gert vegna þess eins að hann var ekki sáttur við títtnefnda Londonferð þykir fráleitur. Að því gættu og samkvæmt heildstæðu mati á fyrirbyggjandi sönnunargögnum þykir ekki varhugavert að telja sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í tilgreindum ákærulið.

16.

Í ákærulið A.II.5. er ákærða gefið að sök að hafa á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotapolana A með því að hafa hótad að ef hún eignaðist nýjan maka myndi ákærði drepa hann.

Ákæruliður þessi byggir á frásögn brotapolana hjá lögreglu 8. ágúst 2019 og er af þeim framburði ljóst að um eitt afmarkað tilvik hafi verið að ræða. Ákærði gekkst við sömu háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 26. ágúst 2019 og sagði ummælin hafa fallið í reiðikasti.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki minnst þess að hafa hótad að drepa framtíðarmaka brotapolana en kannski hafi slíkt komið upp í einhverju rífrildi þeirra í milli og þá án þess að nokkur meaning væri að baki. Brotapoli bar fyrir dómi að ákærði hafi oft hótad því að ef brotapoli fyndi sér nýjan maka myndi hann drepa þann maka. Þær hótanir hafi ákærði viðhaft nógu oft til að brotapoli tryði því að honum væri alvara.

Með hliðsjón af ofansögðu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi í eitt skipti viðhaft þá hótun sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og verður hann sakfelldur samkvæmt því.

17.

Í ákærulið A.III. er ákærða gefið að sök að hafa á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotapolana A með því að senda henni eftirfarandi sex, smánandi og vanvirðandi skilaboð á Facebook Messenger í júlí og ágúst 2019: (1) „*Þu skemmdir heimilis astandið með stanslausum frammhja holdum og fara a bakvið mig að [...] hóras!*“ (2) „[...] *Sagðiru læknum ekki frá hóru ferlinum?*“ (3) „[...] *Dansa við negra a ballinu. Horfði a það. Haltu bara kjafti [...]*“ (4) „[...] *Hata þig. Algjort fiðl.*“ (5) „[...] *annað hvort ertu alveg týnd eða eitthver illa innrættasta manneskja sem er til [...]*“ (6) „[...] *ef ég vil sofa þar sem ég á eignarhlut. kem ég ef mig langar [...]*“

Þessi ákæruliður byggir á útprentuðum skjáskotum úr farsíma brotapolana, sem borin voru undir ákærða og brotapolana við lögreglurannsókn máls og staðfestu bæði að hér væri um að ræða textaskilaboð frá ákærða til brotapolana. Vísast um þetta m.a. til framburðar brotapolana 13. maí 2020, sbr. kafli V.-9.1. dómsins og framburðar ákærða 8. júní 2020, sbr. kafli V.-10.1.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök samkvæmt þessum ákærulið og undirliðum hans nr. 1.-6., kvaðst í því sambandi ekki hafa átt Facebook reikning í júlí og ágúst 2019 og fyrst hafa stofnað slíkan reikning í apríl 2021. Borin var undir ákærða frásögn hans hjá lögreglu um sömu atvik 8. júní 2020. Hann kvaðst hafa verið á geðhvarfalyfjum þann dag og í miður góðu standi við skýrslugjöf. Ákærða voru sýnd tilvitnuð skjáskot af Facebook Messenger og sagði hann lítið mál að falska svona skilaboð. Hann hafi ekki átt Facebook reikning fyrr en 2021 og því gætu skilaboðin ekki stafað frá honum.

Brotapoli staðfesti fyrir dómi að hafa fengið öll framangreind Facebook skilaboð frá ákærða og ekki efast um að þau væru frá honum komin.

Framburður ákærða fyrir dómi og skýring á fyrri frásögn hjá lögreglu þykir fráleitur, í fullkominni andstöðu við skjalfest sönnunargögn úr farsíma brotapolana og að engu hafandi við úrlausn máls. Er fallist á með ákærvaldinu að skilaboð í undirliðum A.III.1. til A.III.5. séu smánandi og vanvirðandi og er ákærði að því leyti sannur að sök í þessum þætti máls. Á hinn bóginn þykir varhugavert að telja sannað að textaskilaboðin í 6. undirlið „[...] *ef ég vil sofa þar sem ég á eignarhlut. kem ég ef mig langar [...]*“ séu þess eðlis að talist geti refsiverð. Skal ákærði sýkn að því leyti.

18.

Í ákærulið A.V. er ákærða gefin að sök nánar tilgreind háttsemi aðfaranótt 18. júlí 2019 og sú háttsemi tengd við sakargiftir samkvæmt ákærulið B.III. Háttsemislýsing A.V. kom til sérstakrar umfjöllunar við aðalmeðferð máls og kvaðst verjandi ekki skilja hvað í þeirri lýsingu fæli sér refsiverða háttsemi. Að virtum lögreglurannsóknargögnum máls og dómsframburðum ákærða, brotaþola og annarra vitna liggur fyrir að umrædda nótt gerði ákærði sér ferð að [...] í [...], vitandi að brotaþoli og börn hans væru þar í gistingu og var fyrir sitt leyti ákveðinn í að þau sneru aftur heim. Eftir því sem næst verður komist, miðað við dómsframburði í málinu, var J [...] frændi brotaþola húsráðandi þessa nótt. Fyrir dómi staðfesti hann komu ákærða að [...] um nóttina, sem og að ákærði hafi viljað fá brotaþola og börn þeirra heim með sér og að eftir viðræður við ákærða hafi þau mál verið leyst í þokkalegri friðsemd og ákærði horfið einn á braut. Kvaðst J ekki minnst þess að hafa áður þurft að hóta aðkomu lögreglu að málinu.

Ákærði neitaði fyrir dómi að hafa viðhaft nokkra þá háttsemi umædda nótt sem talist gæti refsiverð. Hann hafi farið að [...] til viðræðna við brotaþola og líklega til að fá hana og börnin heim, það leitt til rifrildis, J verið á staðnum og róað ákærða og ákærði við svo búið farið á brott. Fyrir dómi var brotaþoli lítt spurð út í atvik umræddrar nætur, en áður hafði hún greint lögreglu frá því að ákærði hefði komið að umræddu „sumarhúsi“ um miðja nótt og heimtað að hún og börnin sneru aftur heim. Kom aldrei fram af hálfu brotaþola að börnin B og/eða C hafi vaknað við komu ákærða.

Samkvæmt öllu því sem að ofan er rakið og sér í lagi dómsframburði ákærða og J fær dómurinn ekki séð að ferð ákærða að [...] og þau samskipti sem þar áttu sér stað geti talist refsiverð að lögum, hvort heldur virt ein og sér eða í samhengi við önnur álitæfni máls. Skal ákærði því sýkn af sakarefni samkvæmt ákærulið A.V., sbr. og samsvarandi sakarefni í ákærulið B.III.

19.

Í ákærulið A.VI. er ákærða gefið að sök að hafa 20. febrúar 2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola A er hún var að aka bifreið þeirra á Reykjanesbraut [...] og ákærði sat í framsæti bifreiðarinnar, með því að slá brotaþola fyrirvaralaust framan á háls þannig að hún átti erfitt með að kyngja nokkra stund á eftir, öskra á hana og ota hnífi ógnandi að höfði hennar í nokkra stund þar til hann setti hnífinn niður.

Brotaþoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. mars 2020 og bar að ákærði hafi umræddan dag, 20. febrúar, verið að koma af sjó, hún sótt hann og verið að aka eftir Reykjanesbraut [...] þegar ákærði sló hana flötum lófa framan á háls, í barkakýli, svo hún átti erfitt með að kyngja á eftir. Brotaþoli hafi umrætt sinn verið í „babyshower“ hjá vinkonu sinni í Reykjavík og ætlað að gista þar þegar ákærði hringdi og heimtaði sókn, hann verið ákveðinn í að brotaþoli ætlaði sér að gista hjá einhverjum strák og þess vegna veist að henni í bifreiðinni með umræddu höggi, jafnframt því sem ákærði hafi öskrað á hana, dregið fram hníf með appelsínugulu skefti, sem hann noti á sjónum og otað hnífnum ógnandi að andliti hennar. Umrætt sakarefni virðist hafa verið borið undir ákærða við yfirheyrslu 8. mars 2020, þá er hann var spurður hvort einhvern tíma hafi komið til ryskinga milli hans og brotaþola í bifreið. Við það tækifæri kvað ákærði þau stundum hafa rifist í bifreið og hann í pirringi slegið í mælaborð eða eitthvað. Við yfirheyrslu 8. júní sama ár bar ákærði svo með beinum hætti að rangt væri að hann hafi veist að brotaþola í bifreið 20. febrúar 2020.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök samkvæmt ákærulið A.VI., kvaðst ekki muna eftir þeim atvikum 20. febrúar 2020 sem þar væri lýst og sagði þau ekki hafa gerst, hvorki þann dag né annan.

Brotaþoli bar fyrir dómi að umræddan dag, 20. febrúar, hafi ákærði verið að koma af [...] Hafnarfirði og hann heimtað að hún sækti hann þangað og æki heim. Brotaþoli hafi á sama tíma verið í „babyshower“ hjá [...] vinkonu sinni í Reykjavík og ætlað að gista þar, en látið undan suði ákærða og sótt hann. Þau hafi svo verið stödd á Reykjanesbrautinni þegar ákærði vændi hana um að hafa ætlað að gista í bænum svo hún gæti hitt einhvern strák, ákærði í framhaldi tekið upp hníf sem hann noti á sjónum og ógnað henni, því næst slegið hana í barkakýlið og otað hnífnum að andliti hennar; allt meðan á akstri stóð. Brotaþoli bar að á þessum tíma hafi hún verið búin að fá svo nóg af ákærða og öllu sem hann gerði á hennar hlut að þetta atvik hafi ekki haft nein sérstök áhrif á hana.

Fyrir dóminn kom einnig V lækni. Hún kannaðist við að hafa skoðað brotaþola 2. mars 2020 og staðfesti færslu sína í sjúkraskrá þar að lútandi. Við komu hafi brotaþoli lýst tveimur atvikum, 20. og 22.

febrúar 2020, þar sem ákærði hafi veist að henni með ofbeldi; í fyrra skiptið í bifreið á ferð þegar ákærði eigi að hafa tekið hana hálstaki og slegið hana fast með flötum lófa framan á háls. Að sögn V sáust ekki merki um áverka á hálsi brotaþola við læknisskoðun 2. mars.

Með hliðsjón af stöðugum framburði brotaþola um aðdraganda þeirra atvika sem hér er ákært fyrir og um atvik í umræddri bifreið, sem dómurinn metur áreiðanlegan og trúverðugan í heild og stoð fær í dómsvætti ofangreinds læknis þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem hann er borinn í ákærulið A.VI. og skal hann sakfelldur samkvæmt því. Breytir hér engu sakarneitun ákærða fyrir dómi, enda hefur hann engar skýringar gefið á öndverðri frásögn brotaþola.

20.

Í ákærulið A.VII. er ákærða gefið að sök að hafa 22. febrúar 2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola A á heimili þeirra að [...] í [...], með því að kalla hana hóru og öðrum ljótum nöfnum, gripið í upphandleggi hennar og haldið henni fastri, tekið hana hálstaki tvisvar sinnum og síðan reynt að vefja leðurbelti sínu utan um háls hennar, en brotaþoli komst þá undan ákærða og hljóp að útidyrhurð þar sem ákærði greip í hana og hún féll í gólfíð, allt með þeim afleiðingum að brotaþoli hlaut m.a. marbletti á báðum upphandleggjum.

Ofangreind háttsemislýsing er tengd sakarefni samkvæmt ákærulið B.III. og ákærða þar gefið að sök að hafa með sömu háttsemi á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað heilsu og velferð B og C, sem urðu vitni að atvikum, og ákærði þannig misboðið börnunum og sýnt þeim vanvirðingu, svo andlegri og líkamlegri heilsu þeirra var hætta búin velferð þeirra ógnað.

Brotaþoli greindi fyrst frá meintri háttsemi við skýrslugjöf hjá lögreglu 8. mars 2020 og bar að umræddan dag, 22. febrúar, hafi hún verið að setja þvott í þurrkara, B að skoða í farsíma hennar, ákærði þrifið símann af barninu, dregið brotaþola inn í svefnherbergi, yfirheyrt hana vegna textasamskipta við annan stráak, kallað hana hóru og öðrum ljótum nöfnum, gripið í upphandleggi hennar og tekið hana hálstaki að báðum börnunum ásjáandi. Ákærði hafi svo krafist þess að brotaþoli opnaði fyrir aðgang að símanum, hún neitað því, ákærði þá öskrað á B og skipað henni að opna fyrir símann. Þetta hafi barnið gert, ákærði skoðað umrædd símasamskipti, við það orðið enn reidari, tekið um háls brotaþola og krafist skýringa á þeim. Í kjölfarið hafi hann gripið svart leðurbelti og reynt að vefja því um háls brotaþola, en hún náð að hlaupa undan ákærða og að útidyrum hússins þar sem hann hafi náð henni, hún fallið í gólfíð, börnin orðið vitni að þessu, ákærði í framhaldi beðist afsökunar og sagt henni að slaka á.

Ákærði tjáði sig fyrst um tilgreindar sakargiftir við yfirheyrslu hjá lögreglu 8. mars 2020, þá er honum var kynnt ofangreind frásögn brotaþola. Ákærði kannaðist við að hafa orðið afbrýðisamur umræddan dag, sagði rangt að hann hafi snert háls brotaþola, en rétt væri að hún hafi dottið í gólfíð. Það hafi hins vegar verið slys og gerst í tengslum við rifrildi og pústra þeirra í milli. Brotaþoli lygi því hins vegar til að B og C hafi orðið vitni að téðri uppákomu. Sama atvik bar á góma við yfirheyrslu 8. júní 2020, sbr. kafli V.-10.1. dómsins, þá er ákærði kannaðist við að brotaþoli hafi verið marin á upphandleggjum eftir 22. febrúar það ár, en sagði brotaþola hafa hlotið áverkana við líkamsræktaræfingar með ketilbjöllu og væri nú að reyna að koma sök á hann.

Meðal framlagðra gagna eru ljósmyndir sem brotaþoli kveðst hafa tekið af áverkum sem hún hlaut af völdum ákærða 22. febrúar 2020. Mun brotaþoli fyrst hafa sent þær myndir til O vinkonu sinnar og síðar til lögreglu. Vísast nánar um þetta til lögregluskýrslu brotaþola 13. maí 2020, sbr. kafli V.-9.1.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök samkvæmt ákærulið A.VII., sbr. og ákæruliður B.III., kvaðst ekki muna eftir þeim atvikum 22. febrúar 2020 sem þar væri lýst og sagði þau ekki hafa gerst, hvorki þann dag né annan. Brotaþoli bar fyrir dómi að umræddan dag hafi ákærði komist í farsíma hennar, trompast við það sem hann sá og gripið svo harkalega í upphandleggi hennar að marblettir hlutust af. Jafnframt hafi ákærði öskað á hana, tekið sér belti í hönd, reynt að vefja því um háls hennar og síðan hrint henni í gólfíð; allt að börnum þeirra ásjáandi. Brotaþoli kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi einnig tekið hana hálstaki í þetta skipti. Hún kvaðst hafa tekið myndir af áverkunum í farsíma og sent O vinkonu sinni til varðveislu.

O bar hjá lögreglu og fyrir dómi að brotaþoli hafi í febrúar 2020 sent henni myndir af áverkum og beðið hana að geyma, því brotaþoli væri svo hrædd um að ákærði kæmist í farsíma hennar og myndi eyða gögnunum. O kvaðst minnst þess að belti hafi borið á góma í frásögn brotaþola á þeim tíma.

Fyrir dóminn kom einnig V læknir. Hún kannaðist við að hafa skoðað brotaþola 2. mars 2020 og staðfesti færslu sína í sjúkraskrá þar að lútandi. Við komu hafi brotaþoli m.a. lýst atviki 22. febrúar 2020 þar sem ákærði hafi veist að brotaþola inni í herbergi, tekið um háls hennar, gripið til beltis og ætlað að kyrkja hana, haldið þéttingsfast um hendur hennar og hrint henni í gólfið fyrir framan börn þeirra. Að sögn V sást gulleitt mar með bláleitri miðju á vinstri upphandlegg brotaþola við lækni skoðun 2. mars.

Með hliðsjón af stöðugum framburði brotaþola um þau atvik sem hér er ákært fyrir, sem dómurinn metur áreiðanlegan og trúverðugan í heild og stoð fær í dómsvætti ofangreinds læknis og vitnisins O, sem og framlögðum ljósmyndum af áverkum á upphandleggjum brotaþola, þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem hann er borinn í ákærulið A.VII., sbr. og ákæruliður B.III., og skal hann sakfelldur samkvæmt því, þó þannig að ósannað er að ákærði hafi oftast en einu sinni tekið brotaþola hálstaki áður en hann greip til beltis gagnvart henni. Breytir hér engu sakarneitun ákærða fyrir dómi, enda hefur hann engar skýringar gefið á öndverðri frásögn brotaþola og kannaðist að nokkru við sakargiftir hjá lögreglu þótt hann hefði aðrar skýringar á áverkum brotaþola.

21.

Í ákærulið A.VIII. er ákærða gefið að sök að hafa 8. mars 2020, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola A á heimili þeirra að [...], með því að hóta að drepa hana og alla fjölskyldu hennar, endurtekið sett enni sitt upp við enni hennar á ógnandi hátt, gripið, togað og haldið í úlnliði hennar og handleggi, ógnað henni með skærum í eldhúsi hússins og á sama stað kastað skál í ísskáp, rífið glas úr höndum hennar, tekið í hnakka hennar og tekið hana hálstaki og ógnað henni með hnífi sem hann hélt að andliti hennar á meðan hann hótaði að drepa hana, en brotaþoli náði með naumindum að hringja í Neyðarlínuna meðan á háttsemi ákærða stóð og kom hlaupandi út úr húsi, grátandi og skelfingu lostin um leið og lögregla kom á vettvang skömmu síðar.

Hér skal strax tekið fram að ekkert í gögnum málsins styður það að brotaþoli hafi komið hlaupandi út úr húsi þegar lögregla kom að [...] umrædda nótt. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, kvaddi brotaþoli lögreglu á vettvang um nóttina og tók síðan grátandi á móti lögreglu við útidyr hússins.

Fyrir liggur að samband ákærða og brotaþola var afar stirt á þessum tíma, að þau fóru engu að síður saman á árs hátíð hjá [...] í [...] að kvöldi 7. mars, að þar varð uppákoma milli ákærða og I, að því er virðist vegna árásar ákærða á D vin hennar 2. mars 2020, sbr. ákæruliður D., að eftir árs hátíðina fóru ákærði og brotaþoli í eftirpartý og að þau voru komin heim að [...] í kringum kl. 04 aðfaranótt 8. mars. Ákærði og brotaþoli höfðu nýtt áfengis fyrr um kvöld og nótt. Segir í frumskýrslu að ákærði hafi virst töluvert ölvæður og að sögn brotaþola var hún sjálf nokkuð ölvuð. Í frumskýrslunni er haft eftir brotaþola að hún væri búin að slíta sambandinu við ákærða en hann hlusti ekki á hana og leyfi henni ekki að hætta með honum.

Einnig liggur fyrir að sömu nótt hafði brotaþoli samband við N móður O vinkonu sinnar, fór í framhaldi heim til N með börnin og bjuggu þau þar næstu mánuði á eftir.

Um efni frumskýrslu vísast nánar til kafla V.-4. dómans. Þó skal hér tekið fram að samkvæmt fyrstu frásögn brotaþola af atvikum hafi ákærði eftir heimkomu farið að tala um frænda brotaþola, sem hann þoli ekki (D) og hótað að drepa hann og alla fjölskyldu brotaþola. Brotaþoli hafi ekki svarað þessu heldur farið inn í eldhús að hita sér pítsu, ákærði elt hana þangað, tekið hana hálstaki og þrengt að, síðan sleppt takinu, dregið fram grænan hníf, ekki otað hnífnum að henni en hótað að drepa hana. Brotaþoli hafi þá tekið upp bleikan hníf, sagt ákærða að hætta, hann þá lagt græna hnífinn frá sér og beðist afsökunar og hún gert hið sama með bleika hnífinn. Eftir þetta hafi ákærði opnað eldhússkúffu og dregið fram skæri, farið á eftir brotaþola, hún náð að hringja í Neyðarlínuna og hann lagt skærin frá sér.

Brotaþoli gaf skýrslu um málsatvik 8. mars 2020 og bar að eftir heimkomu um nóttina hafi ákærði rætt um uppákomuna gagnvart I á árs hátíðinni og sagt að það þyrfti að drepa hana og D. Brotaþoli hafi svo verið inni á baðherbergi þegar ákærði kom að henni, setti enni sitt að enni hennar og kýldi í baðkerið. Við svo búíð hafi brotaþoli farið fram í eldhús, ákærði fylgt á eftir, togað í hendur hennar og sagt að það væri henni að kenna að hann væri nú talinn ofbeldismaður. Brotaþoli kvaðst vita af reynslu að best væri að svara ákærða í engu þegar hann léti svona því þá yrði hann enn reiðari. Ákærði hafi engu að síður tekið aftan í

hnakka brotaþola, gripið um háls hennar, tekið sér hníf í hönd og ógnað henni, án þess þó að beina hnífnum að hálsi. Brotaþoli hafi reynt að yta ákærða frá, við það klórað hann framan á bringu, þau togast á, hann ítrekað sett enni sitt upp að enni hennar og hótað að koma brotaþola og fjölskyldu hennar fyrir kattarnef, því allt væri þeim að kenna. Í framhaldi hafi brotaþoli náð að hringja í Neyðarlínuna áður en ákærði hrifsaði farsímamann af henni. Brotaþola minnti að í kjölfar þessa hafi hún farið aftur inn í eldhús, tekið upp bleika hnífinn og sagt ákærða að halda sig fjarri henni. Meðan á því stóð hafi ákærði rífið glas úr höndum hennar, sótt sér skæri í eldhússkúffu og ógnað henni með þeim. Þau hafi svo setið í stofusófa og ákærði grátið og verið að biðjast afsökunar þegar lögregla knúði dyra.

Ákærði var yfirheyrður um sömu atvik 8. mars. Hann kvað þau hafa komið heim einhvern tíma eftir miðnætti, verið að hita sér pítsu í eldhúsinu, byrjað að þræta um eitthvað, sem hann ekki myndi hvað var, brotaþoli þá skyndilega þrifið appelsínugulan hníf, sagst ætla að drepa hann og ákærði þurft að taka á öllu sínu til að snúa hnífnum úr hendi hennar. Eftir þetta hafi brotaþoli farið í farsíma sinn og hringt í lögreglu, ákærði tekið símann af henni og skellt á, þau síðan sest í stofunni og verið þar þegar lögregla knúði dyra. Annað hafi ekki gerst í samskiptum hans og brotaþola um nóttina. Ákærði kvaðst ekki vita hvort ísskápurrinn hafi skemmt um nóttina og ekki minnst þess að glerskál hafi brotnað í eldhúsinu. Hann sagði brotaþola greina rangt frá atvikum, þvertók fyrir að hafa gert nokkuð á hennar hlut og aftók með öllu að hafa hótað brotaþola eða fjölskyldumeðlimum hennar um nóttina.

Sömu atvik bar á góma við yfirheyrslur 8. júní 2020 og kvaðst ákærði sem fyrr ekkert hafa gert á hlut brotaþola umrædda nótt, hann á engum tímapunkti tekið upp hníf eða skæri, hann ekki kýlt í baðker, ekki sett einni sitt að enni brotaþola, ekki tekið hana hálstaki eða togað í hendur hennar, hvorki hótað brotaþola né öðrum óföllum og enga skál brotið í eldhúsi.

Fyrir dómi neitaði ákærði alfarið sök varðandi þennan ákærulið. Hann kvaðst minnst þess að hafa verið handtekinn aðfaranótt 8. mars 2020 eftir að brotaþoli hafði reynt að drepa hann með hnífi að [...]. Ákærði lýsti þessu nánar á þann veg að þau hafi verið að tala saman, brotaþoli öskrað á hann, tekið upp hníf og hótað að drepa hann. Ákærði hafi ekkert gert af því sem sagt væri um hann í þessum ákærulið og gæti ekki svarað fyrir öndverða frásögn brotaþola.

Brotaþoli bar fyrir dómi að hún hafi verið búin að fá upp í kok af ákærða í mars 2020, viljað hætta með honum sem allra fyrst, en samsinnt því að hann færi með henni á árshátíðina hjá [...]. Þar hafi I lýst ákærða ofbeldismann vegna nýlegrar árásar á D og neitað að sitja til borðs með ákærða. Eftir árshátíðina hafi brotaþoli og ákærði farið í eftirpartý og þaðan heim að [...]. Er þangað kom hafi brotaþoli farið á salerni, ákærði fylgt á eftir, vælt um að allir væru vondir við hann og það væri allt brotaþola að kenna. Hún hafi svo farið inn í eldhús, ákærði togað fast um úlnliði hennar, þrykkt glerskál í ísskápinn, tekið upp hníf og ógnað brotaþola með honum. Á meðan hafi hún sífellt leitað að farsíma sínum til að hringja í lögreglu, ákærði tekið hana hálstaki á svefnherbergisgangi og hrint henni utan í bókahillu. Brotaþoli bar að í þessari atburðarás hafi ákærði einnig tekið fram skæri í eldhúsinu og otað að höfði hennar, hún þá fengið nóg, tekið upp hníf, sagt ákærða að hypja sig í burtu og þau í framhaldi tekist á um þann hníf. Brotaþoli hafi svo fundið farsíma sinn og náð að hringja í Neyðarlínuna áður en ákærði sló símann úr hendi hennar.

Ákærði og brotaþoli eru ein til frásagnar um hvað gerðist þeirra í milli að [...] aðfaranótt 8. mars 2020 áður en lögregla kom á staðinn. Ber mikið á milli í þeirri frásögn og skal ákærði njóta alls skynsamlegs vafa við sönnunarmat, sbr. 108., 109. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

Dómurinn telur ljóst að eitthvað verulegt hafi gengið á sem varð til þess að brotaþoli hringdi í Neyðarlínuna kl. 04:25 og ákærði rauf það símtal með því að slá farsíma úr höndum brotaþola. Meðal rannsóknargagna eru ljósmyndir teknar sömu nótt af brotinni skál á eldhúsgólfi, grænum hníf á pítsukassa og bleikum hníf á eldhúsbörði. Má leiða líkur að því að báðir hnífarnir hafi komið við sögu um nóttina og samrýmist það frásögn brotaþola hjá lögreglu og fyrir dómi. Hefur brotaþoli verið stöðug í frásögn sinni um öll helstu málsatvik og er framburður hennar fyrir dómi metinn trúverðugur. Ákærði var töluvert ölvaður. Er áður fram komið að hann var handtekinn kl. 04:45, blés í áfengismæli á lögreglustöð kl. 05:12 og mældist alkóhólmagn í blóði 1,62 ‰. Það sem einkum veikir frásögn ákærða um atburði næturrinnar er að sama dag mundi hann ekki af hverju stofnaðist til rifrildis milli hans og brotaþola á heimilinu, mundi ekki um hvað var rífið og átti ekki minningu um að glerskál hafi brotnað á eldhúsgólfi. Er það álit dómsins

að nærtækasta skýringin á upphafi heimiliserja þessa nótt sé sú staðreynd að I neitaði að sitja til borðs með ákærða á árs hátíð [...] vegna þess að hann væri ofbeldismaður og hefði þá nýlega ráðist á góðan vin hennar. Fær sú ályktun stoð í trúverðugri frásögn brotaþola um hvert var upphaf atburðarásar og hvernig hún stigmagnaðist. Ákærði hefur á móti enga skýringu gefið á því af hverju kom til deilna milli hans og brotaþola umrædda nótt og aðeins sagt fyrir dómi að þau hafi verið að tala saman, brotaþoli öskrað á hann, því næst tekið upp hníf og hótað að drepa hann. Þykir sá framburður lítt trúverðugur og fær ekki stoð í öðrum gögnum málsins.

Þegar framangreind atriði eru virt heildstætt telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem hann er borinn í ákærulið A.VIII. að öllu eða langmestu leyti og hann í öllu verulegur gerst sekur um þá háttsemi sem þar greinir.

22.

Í ákærulið A.X. er ákærða gefið að sök að hafa, á árinu 2019 og í janúar 2020, ítrekað, á alvarlegan, sársaukafullan og meiðandi hátt, ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola A, farið inn á samfélagsmiðla, tölvupóst og síma hennar án hennar leyfis og skoðað þar, vistað og sent einkasamtöl hennar við þriðju aðila, sem og hljóðupptökur í hennar eigu, ásamt því að notfæra sér upplýsingar af samfélagsmiðlum brotaþola til að fylgjast með staðsetningu hennar hverju sinni og rekja ferðir hennar, m.a. þegar hún dvaldi í Kvennaathvarfinu á árinu 2019.

Þessi ákæruliður byggir á rannsókn lögreglu á farsímagögnum brotaþola og fjölda útprentaðra skjáskota af samskiptum hennar á samfélagsmiðlum, auk skýrslna ákærða, brotaþola og O hjá lögreglu. Vísast um frásögn brotaþola til kafla V.-8. og V.-9.1. til V.-9.2. dómsins.

Ákærði var yfirheyrður sérstaklega vegna þessa þáttar máls 8. júní 2020, sbr. kafli V.-10.4., gekkst þann dag við því að hafa farið inn á samfélagsmiðla brotaþola og taldi það ekki hafa verið gert „í óleyfi“ þar sem hann hafi kunnað öll aðgangsorð brotaþola og þau deilt sama Facebook reikningi, sem hann hafi í raun átt og stofnað á árinu 2008. Ákærða var kynntur sá framburður brotaþola að þau hafi haft sameiginlegan aðgang að samfélagsmiðlum, farsínum og tölvupóstum hvors annars meðan á sambúð stóð, en það hafi breyst eftir að hún fór í Kvennaathvarfið í júlí 2019 og hún þá breytt sínum aðgangsorðum. Ákærði svaraði því til að hann hafi ekki vitað að þau væri hætt saman fyrr en á fundi barnaverndar [...] 1. ágúst það ár. Hann gat þess og að þótt brotaþoli hafi skipt um lykilorð á þessum tíma hafi sá galli verið á gamla Facebook kerfinu að hann gat áfram farið inn á Facebook hjá henni gegnum farsímann sinn og sá aðgangur ekki lokast þrátt fyrir breytt lykilorð hennar. Í framhaldi kvaðst ákærði ekki minnst þess að brotaþoli hafi beðið hann að hætta að fylgjast með henni gegnum hennar miðla og sagðist síðast hafa skoðað reikning hennar í desember 2019 eða janúar 2020. Fyrir þann tíma hafi hann verið búinn að finna gamlan iPhone síma brotaþola og sá sími gert ákærða kleift að komast inn í „allt“. Með þeim síma hafi hann einnig komist inn á Instagram reikning brotaþola og getað lesið tölvupósta hennar, enda opið fyrir „log-in“ á alla reikninga í símanum. Hann kvaðst hafa verið heppinn að finna þessa leið inn á samfélagsmiðla brotaþola, notfært sér það og skoðað „allt“ sem hann vildi í samskiptum hennar á Facebook, Instagram og í tölvupóstum hennar. Ákærði gekkst einnig við því að hafa eytt samtalskrá á Facebook milli hans og brotaþola.

Fyrir dómi neitaði ákærði sök samkvæmt ákærulið A.X. og kannaðist ekki við að hafa farið í óleyfi eða óþökk brotaþola inn á samfélagsmiðla, tölvupóst og síma hennar á árinu 2019 og í janúar 2020. Hann kvað þau hafa verið í löngu parasambandi, í mörg ár verið með sömu aðgangsorð að öllum miðlum, deilt sama Facebook reikningi á þessum tíma, stundum farið í opnar tölvur hvort hjá öðru og þannig gæti ákærði hafa séð einhver samskipti brotaþola við aðra. Þá kvaðst hann eitt sinn hafa verið einn heima og leiðst, þá farið í síma brotaþola, hlýtt þar á hljóðupptökur og heyrt alls kyns viðbjóð. Ákærði gerði lítið úr því að hafa vitað hvar brotaþoli var stödd á þessu tímabili og sagði þau hafa deilt staðsetningarbúnaði til að geta fylgst með ferðum hvors annars. Borin var undir ákærða sú frásögn hans hjá lögreglu 8. júní 2020 að hann hefði fundið gamlan farsíma brotaþola og notað hann til að komast inn á samfélagsmiðla hennar. Ákærði kvað þetta rétt, kvaðst þannig hafa getað skoðað Facebook, Instagram og fleiri samskiptamiðla brotaþola og sagði að ef þetta teldist brotlegt væri það „mjög gott brot“.

Brotapoli bar fyrir dómi að ákærði hafi framan af sambandi þeirra farið inn á hennar samfélagsmiðla og til þess haft sameiginleg aðgangsorð þeirra og óheftan aðgang, en eftir að þau hættu saman og brotapoli breytti sínum lykilorðum hafi ákærði haldið þessu áfram í óleyfi og þannig fylgst með samskiptum hennar á samfélagsmiðlum.

Dómurinn telur sannað með skýrum og ótvíræðum framburði ákærða hjá lögreglu, sem samrýmist framburði hans fyrir dómi, framburði brotapola og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem hann er borinn í ákærulið A.X. Með þeirri háttsemi braut ákærði á ósvífinn og freklegan hátt gegn friðhelgi einkalífs brotapola og var ásetningur hans styrkur og einbeittur.

23.

Er þá lokið umfjöllun dómsins um einstaka ákæruliði samkvæmt A.- og B.-kafla ákæru. Ákærði er fundinn sekur samkvæmt 1.-5. tölulið undirliðar A.II. og 1.-5. tölulið undirliðar A.III. Þá er hann sekur samkvæmt ákærulið A.IV., sbr. og B.III. að hluta, ákærulið A.VI., ákærulið A.VII., sbr. og B.III að hluta, ákærulið A.VIII. og A.X. Eftir stendur að heimfæra þá háttsemi til refsíákvæða.

24.

Dómurinn hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að háttsemi ákærða verði ekki færð undir 218. gr. b almennra hegningarlaga vegna atvika í sambandi og sambúð hans og brotapola fyrir 5. apríl 2016. Eins og sakargiftum er háttað samkvæmt ákæru verður hann heldur ekki sakfelldur fyrir brot gegn báðum börnum sínum fyrir en eftir fæðingu C í september 2016, sbr. ákæruliður B.III. Óháð því velkist dómurinn ekki í vafa um að ákærði hafi um árabíl búið brotapola A erfitt einkalíf og heimilislíf, þótt þar hafi skipst á skin og skúrir svo sem algengt er í ofbeldissamböndum. Þótt málefni fjölskyldunnar hafi ekki endanlega komið upp á yfirborðið fyrir en sumarið 2019 er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að árin 2017 og 2018 hafi verið dans á rósum fyrir brotapola og verða þau ár og tímabilið 2019 til 8. mars 2020 því skoðuð og metin heildstætt. Skal í því sambandi haft í huga að ákærði hefur verið fundinn sekur um tvö nánar tilgreind og afmörkuð brot í janúar og apríl 2018. Þá skal því haldið til haga að það er eðli heimilisofbeldisbrota að þau fara leynt árum saman og eru þolendur ógjarnir að stíga fram fyrir skjöldu og segja frá því sem raunverulega hefur átt sér stað.

Eftir að lögreglurannsókn máls eða mála hófst í ágúst 2019 tjáðu brotapoli og ákærði sig um samband sitt á umliðnum árum. Meðal þess sem þá kom fram hjá brotapolu var að ákærði tæki oft skapofsaköst og þyrfti lítið til að koma; oft byrji það með tuði um að hún setji aldrei í þvott og geri ekki neitt á heimilinu, svo sturlist ákærði, hún biðjist afsökunar og segi að þetta sé allt henni að kenna og hún muni aldrei gera þetta aftur og í kjölfarið biðjist hann einnig afsökunar og segi að þau þurfi bara að passa sig. Brotapoli gat í þessu sambandi um fiskrétt sem gerði ákærða sturlaðan og endaði á eldhúsgólfi, að börnum þeirra ásjáandi og hágrátandi. Þá nefndi brotapoli eitt tilvik þegar hún gagnrýndi ákærða fyrir að vera lélegur heimilisfaðir, en við það hafi hann brotið sjónvarpsskenk, skrifborðsstól og barnarúm og við þær aðfarir skemmt parket á gólfi. Vegna atvika af þessu tagi gerði brotapoli allt sem hún gæti til að reita ákærða ekki til reiði og tipli á tánum til að koma í veg fyrir skapofsaköst hans. Hún kvað ákærða ekki hafa beinlínis bannað henni að umgangast vinkonur sínar, en hann verið ósáttur við að hún hitti tiltekna vinkonur, aldrei verið sáttur við að hún tæki þátt í hópsamkomum og oft bendlað fjarveru hennar af heimilinu við framhjáhalð. Aðspurð hvort ákærði væri drukkinn þegar hann léti svona kvað brotapoli hann vera drukkinn á hverju kvöldi undanfarið og stúti þá heilu flöskunum.

Að áliti dómsins var ákærði einna móttækilegastur fyrir gagnrýni og opnastur fyrir sjálfsrýni við skýrslugjöf hjá lögreglu í ágúst 2019. Á þeim tíma barðist hann fyrir að halda í fjölskyldu sína og hafði hætt að drekka, í bili, eftir alvarlegar hótanir í garð barnaverndarfulltrúa og fleiri 17. júlí. Ákærði greindi lögreglu frá því að hann væri vanur að fara í vörn þegar sótt væri að honum og brygðist þá illa og oft ranglega við. Áður en hann hætti að drekka hafi hann gróflega misnotað áfengi, verið meira og minna ölvaður frá áramótum 2018-2019 og drukkinn ótæpilega 4-6 daga í viku. Í framhaldi gekkst ákærði við því að hafa í reiðikasti brotið hillu eða sjónvarpsskenk, skrifborðsstól og barnarúm og kvaðst gera slíkt þegar hann reiddist, í stað þess að gera eitthvað á hlut brotapola. Þá kannaðist ákærði við frásögn brotapola um fiskréttinn sem endaði á eldhúsgólfi, kenndi brotapola reyndar um að hafa sett sveppi í réttinn, gegn betri vitund um óbeit ákærða á sveppum og hafi þetta reitt ákærða til reiði með greindum afleiðingum. Þá kenndi

ákærði brotaþola um að stjórna gerðum hans og líðan gegnum tíðina; hún væri einn daginn blíð og góð og bæði um aðstoð á heimilinu, en næsta dag vændi hún ákærða um að vera ofbeldismaður, skrímsli og alkóhólisti. Þá gekkst ákærði við því hjá lögreglu 8. júní 2020 að hafa í einhver skipti á sambúðartímanum valdið eignaspjöllum á heimili þeirra, en það verið óvart og ávallt gert í reiðiköstum. Hann hafi lengi glímt við reiðistjórnunarfanda en væri að vinna úr því.

Á þessum tímapunkti þykir rétt að nefna tölvupóstinn sem ákærði sendi lögreglu fyrir yfirheyrslu 26. ágúst 2019 og bréf svipaðs efnis til brotaþola, sbr. kaflar V.-2. og V.-10.3. dómsins, en ákærði hefur fyrir dómi staðfest þau textaskrif og sendingar. Er þar rakin hörmuleg uppeldissaga ákærða og viðvarandi andlegt og líkamlegt ofbeldi sem hann bjó sjálfur við í æsku. Þótt sú „saga“ geti með engu móti réttlætt framferði ákærða gagnvart brotaþola A eða öðrum kann hún að horfa til einhverra skýringa á alvarlegum vanköntum í persónu og fari ákærða. Er miður að lögregla hafi ekki brugðist við nefndum skrifum með rannsókn á andlegri og líkamlegri heilsu ákærða og persónulegum aðstæðum, sbr. kröfur þar að lútandi í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 88/2008, en frá ágúst 2019 lá fyrir að ákærði hefði í æsku fengið alvarlega höfuðáverka af völdum ofbeldis stjúpfoður og m.a. hlotið varanlega lömun á raddböndum.

Við heildarmat á framferði ákærða ber að líta til þess að brotaþoli hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi borið með trúverðugum hætti um að ákærði hafi gegnum árin oft tekið hana hálstaki, ýmist í reiðiham og/eða afbrýðisemisköstum og hann stundum brotið allt og bramað á heimili þeirra. Þá verður ekki komist hjá því að rifja upp ósmekkleig ummæli ákærða á Facebook, sbr. kafla V.-9.1. dómsins, en meðal þess sem ákærði lét fljóta í samskiptum við þáverandi sambýliskonu sína í júlí og ágúst 2019 var að hún hafi skemmt líf þeirra með stanslausum framhjáhöldum og verið „að [...] hórast“. Ennfremur, „Svaraðir ekki í 17 daga“ „Laus við ofbeldismanninn“ „Ekki segja mér ég se ofbeldismaður. Þú hefur stjórnað mér í mörg ár. Og stjórnaðir mér í því að ofvernda þig með framhjáhöldum. Stjórnar mér ennþá.“ Seinna skrifar ákærði „annað hvort ertu alveg týnd eða einhver illa innrættasta manneskja sem er til. Ert ekki A þessa dagana.“ Brotaþoli spyr þá hvort ákærði meini að hún sé ekki lengur eins og hann vilji hafa hana, þ.e. kúgaða. Seinna segist brotaþoli ekki vilja hafa ákærða á heimili þeirra og vilji minnka samskipti þeirra og skrifar þá ákærði „ef ég vil sofa þar sem ég á eignarhlut. Kem ég ef mig langar. Skrifaði ekki undir neinn samning. Er ekki að fara að koma núna samt. Yfirtek þá bara neðri hæðina. Ekkert sem getur bannað mér það ekki rétt?“

Ákærði hélt uppteknum hætti fyrir dómi, kenndi brotaþola meira og minna um ófarir í sambandi þeirra og sagði hana hafa kunnað að „triggeira“ skap hans. Ákærði hafi aldrei gert neitt á hlut brotaþola meðan á sambandinu stóð, það samband verið ósköp venjulegt, á köflum erfitt, brotaþoli á endanum viljað slíta því og gert það.

Þessi upplifun ákærða er einkennandi fyrir gerendum í ofbeldissamböndum og í hrópandi andstöðu við lágstemmda og trúverðuga lýsingu brotaþola að hún hafi ávallt þurft að leita til ákærða með hvað hún mætti gera og hvað ekki, hann stjórnað ýmist beint eða óbeint hverja hún mætti umgangast, brotaþoli gert honum ljóst á árinu 2019 að hún vildi slíta sambúð þeirra, þau engu að síður búið áfram á sama heimili, þótt þau væru í sundur, brotaþoli áfram og ítrekað reynt að slíta sambandinu, ákærði aldrei virt vilja hennar og hún ekki losnað undan valdi hans fyrr en tekin var ákvörðun um nálgunarbann og brottvísun ákærða af heimili 8. mars 2020. Fyrir dómi kvaðst brotaþoli ekki vilja vera fórnarlamb í þessu máli og hefði mestar áhyggjur af áhrifum þess á börnin. Henni liði nú vel og væri hamingjusöm en óttist viðbrögð ákærða við skýrslugjöf hennar fyrir dómi. Þá kvaðst hún hrædd við að hefja nýtt samband og myndi ekki segja ákærða frá því af einskærum ótta um viðbrögð hans.

Gögn málsins hníga öll í þá átt að styðja og styrkja frásögn brotaþola og skal hér aðeins vísað til vitnisburðar O fyrir dómi þá er hún bar að brotaþoli hafi greint henni 8. mars 2020 frá atvikum liðinnar nætur og brotaþoli haldið að annað hvort þeirra, hún eða ákærði, myndi deyja um nóttina. Þá bar O að brotaþoli hafi margoft sagt ákærða að hún vildi hætta með honum, hann ekki tekið það gilt og þau því búið áfram saman að [...] fram í mars 2020 þrátt fyrir að vera ekki saman.

Að slepptri sakarneitun ákærða fyrir dómi er alls ekkert sem styður framburð hans í málinu um þau atvik sem hann er sakfelldur fyrir.

Samkvæmt öllu framansögðu og sér í lagi stöðugum og trúverðugum framburði brotþola A hjá lögreglu og fyrir dómi, sem samrýmist um margt frásögn ákærða hjá lögreglu og fær stöð í rannsóknargögnum máls, þar með talið sjúkraskrá brotþola, sem frá greinir í kafla V.-13. dómsins, greinargerð S sálfræðings, sbr. kafli V.-14. og greinargerð T félagsráðgjafa, sbr. kafli V.-15., er sannað að ákærði hafi, á tímabilinu frá janúar 2017 til 8. mars 2020, ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt ógnað lífi brotþola, heilsu og velferð með líkamlegu og andlegu ofbeldi, sem m.a. fólst í að taka brotþola hálstaki, slá hana í háls, ógna henni með hnífi, öskra á hana, kasta til og brjóta innanstokksmuni á heimili þeirra, brjóta gegn friðhelgi einkalífs brotþola og hóta henni og aðilum henni tengdum lífláti og líkamsmeiðingum, svo sem nánar greinir í inngangi A.-kafla ákæru. Þótt ekki liggi fyrir ítarleg gögn um afleiðingar af þeirri háttsemi ákærða á sálarlíf brotþola liggur ljóst fyrir að hún var þjökkuð af kvíða og lágu sjálfsmati og líf hennar breyttist í martröð, sem ekki sá fyrir endann á fyrir en ákærði var settur í nálgunarbann og vísað brott af heimilinu 8. mars 2020. Er ákærði án skysamlegs vafa sekur um að hafa á ofangreindu tímabili brotið gegn brotþola í nánu sambandi með svo alvarlegum hætti að refsingu varði samkvæmt 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af alvarleika háttseminnar þykja þau ákvæði tæma sök gagnvart 228. gr. sömu laga varðandi háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið A.X.

Eins og rakið er í kafla VII.-3. dómsins var 218. gr. b almennra hegningarlaga fest í lög til að vernda öll börn sem búa við heimilisofbeldi, óháð því hvort slíkt ofbeldi bitni beinlínis á þeim eða þau verði beint vitni að slíku og áherlsan lögð á það ógnar- eða óttaástand sem sú tegund ofbeldis getur skapað og þá langvarandi, andlegu þjáningu, kúgun og vanmátt sem því getur fylgt. Í máli því sem hér er til meðferðar liggur ekkert fyrir um að ákærði hafi beitt börn sín B og C líkamlegu ofbeldi, en þau urðu í einhver skipti vitni að slíku ofbeldi ákærða gagnvart móður og eru án efa þolendur andlegs ofbeldis af hans hálfu. Að þessu gættu, sem og öðru framanröktu um heimilislíf fjölskyldunnar, á tímabilinu frá janúar 2017 til 8. mars 2020, þykir ákærði með framferði sínu á því tímabili gagnvart móður og börnum hafa ítrekað, endurtekið og á alvarlegan og meiðandi hátt ógnað andlegri heilsu og velferð barnanna og ítrekað misboðið þeim með sərandi, vanvirðandi, ruddalegri og ósiðlegri háttsemi, sem fyrst og fremst beindist að móður barnanna en einnig beint og óbeint að börnunum sjálfum. Þykir ákærði þannig hafa gerst sekur um framferði sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga og 1., sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Er ákærði þannig sekur samkvæmt B.-kafla ákæru, sbr. og undirliður B.III. að hluta.

26.

Með hliðsjón af skýlausri játningu ákærða fyrir dómi, sem samrýmist framburði hans hjá lögreglu og öðrum rannsóknargögnum máls, er sannað að ákærði hafi 8. mars 2020 haft í sínum vörslum á heimili sínu að [...] steraefnin, 10 ml. Nandrolon stungulyf, 4 ml. Testosteron stungulyf, 41 töflu af Danabol DS/Methandrostenolone og 100 bláar steratöflur af óþekktri tegund, sem lögregla haldlagði sama dag. Er ákærði þannig sekur um brot gegn 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 84/2018 um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnunum og lyfjum, sbr. C. liður ákæru.

27.

Með hliðsjón af skýlausri játningu ákærða fyrir dómi, sem samrýmist framburði hans hjá lögreglu og öðrum rannsóknargögnum máls, er sannað að ákærði hafi 2. mars 2020, í verslun Nettó, [...], slegið D eitt högg í andlit og sparkað einu sinni í vinstri fótlegg hans, allt með þeim afleiðingum að D hlaut þreyfieymsli á nefbeini. Er ákærði þannig sekur um líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. ákæruliður D.

IX. - Ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

1.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi. Ber að líta til þessa við ákvörðun refsingar. Ákærði á sér engar málsbætur. Með hliðsjón af alvarleika þeirra brota sem hann er sakfelldur fyrir samkvæmt A.- og B.-kafla ákæru, sem stóðu yfir í rúm þrjú ár, og að gættum 1., 2., 3., 4, 6. og 7. tölulið 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og 77. gr.

laganna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Er ekki efni til að skilorðsbinda þá refsingu.

2.

Með háttsemi þeirri sem ákærði er sakfelldur fyrir samkvæmt A.-kafla ákæru hefur hann valdið fyrrum samþýliskonu sinni og barnsmóður, brotþola A, ómældum miska í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og er ákærði bótaskyldur samkvæmt því. Af framburði brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi og greinargerðum S og T, sem þær staðfestu fyrir dómi, er ljóst að miski brotþola er mikill og ekki séð fyrir endann á því tjóni sem ákærði hefur valdið sálarlífi hennar þótt brotþoli beri sig nú vel og greini frá mun betri líðan á þeim tíma sem liðinn er frá því hún braust undan þeirri langvarandi kúgun, ofríki og ógnar- og óttaástandi sem ákærði skóp á heimili hennar og barna þeirra. Nægir í því sambandi að minna á þann framburð brotþola fyrir dómi við aðalmeðferð máls, að hún óttaðist hver yrðu viðbrögð ákærða við skýrslugjöf hennar fyrir dómi og að hún þyrði vart að hefja samband við annan mann af ótta við ákærða og viðbrögð hans. Að gættum þessum atriðum og með hliðsjón af málsatvikum í heild þykja miskabætur til brotþola hæfilega ákveðnar 3.500.000 krónur. Skulu þær bætur bera vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. mars 2020 til 10. mars 2021, þá er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

3.

Ákærði er einnig miskabótaskyldur gagnvart brotþola D vegna þeirrar háttsemi sem ákærði er sakfelldur fyrir samkvæmt D. lið ákæru. Við ákvörðun miskabóta er til þess að líta að líkamlegir áverkar brotþola voru minniháttar. Á móti horfir að árás ákærða var tilefnislaus. Að þessu gættu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Ekki verður séð að umrædd bótakrafa hafi verið birt ákærða fyrr en 10. febrúar 2021. Samkvæmt því skulu dæmdar bætur bera vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. mars 2020 til 10. mars 2021, en frá þeim degi dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá greiði ákærði brotþola 150.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008.

4.

Að kröfu ákæruvaldsins og með vísan til 4. mgr. 4. gr. laga nr. 84/2018 skal gera upptæk til ríkissjóðs eftirgreind haldlögð efni, sbr. C. liður ákæru: 10 ml. af Nandrolon stungulyfi, 4 ml. af Testosteron stungulyfi, 41 töflu af Danabol DS/Methandrostenolone og 100 bláar steratöflur af óþekktri tegund.

5.

Á málflytningardegi 28. apríl sl. lýsti sækjandi því yfir að allur sakarkostnaður vegna málsins væri uppperður frá og með úrskurði Landsréttar 10. febrúar 2023 og núverandi málsmeðferð óviðkomandi. Í framhaldi krafðist Halldóra Aðalsteinsdóttir réttargæslumaður brotþola A þóknunar úr hendi ákærða sem næmi 45 klukkustunda vinnu frá 10. febrúar sl. Verjandi krafðist fyrir sitt leyti málsvarnarlauna úr ríkissjóði sem nemi 85 klukkustunda vinnu frá 10. febrúar sl.

Samkvæmt greindum málsúrslitum, þ.e. sýknu ákærða af hluta sakargifta, verður hann ekki dæmdur til að greiða nema hluta réttargæsluþóknunar og málsvarnarlauna Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar verjanda síns. Þykir réttargæsluþóknun hæfilega ákveðin 1.355.940 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og málsvarnarlaun 2.410.560 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Skal ákærði greiða $\frac{3}{4}$ hluta réttargæsluþóknunar og $\frac{3}{4}$ hluta málsvarnarlauna en $\frac{1}{4}$ hluti þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Gerð eru upptæk til ríkissjóðs 10 ml af Nandrolon stungulyfi, 4 ml af Testosteron stungulyfi, 41 tafla af Danabol DS/Methandrostenolone og 100 bláar steratöflur af óþekktri tegund.

Ákærði greiði A 3.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. mars 2020 til 10. mars 2021 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði D 250.000 króna miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. mars 2020 til 10. mars 2021 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði D 150.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði $\frac{3}{4}$ hluta 1.355.940 króna þóknunar Halldóru Aðalsteinsdóttur réttargæslumanns A og $\frac{3}{4}$ hluta 2.410.560 króna málsvarnarlauna Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar verjanda síns.